

Nanna Þorbjörg Lárusdóttir

Skjalasafn amtmanns yfir landinu öllu 1688-1770

Embættið og uppbygging skjalasafnsins



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR NÁMSMANNA

*Skjalasafn amtmanns yfir landinu öllu
1688-1770*

Embættið og uppbygging skjalasafnsins

Nanna Þorbjörg Lárusdóttir

Ágúst 2011

Rit Þjóðskjalasafns Íslands.

Rannsóknir á skjölum og skjalasöfnum.

Skjalasafn amtmanns yfir landinu öllu 1688-1770.

Embættið og uppbygging skjalasafnsins.

© 2011 Þjóðskjalasafn Íslands / Nanna Þorbjörg Lárusdóttir.

ISSN 2298-5972

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands.

Ritstjóri:

Kristjana Kristinsdóttir.

Höfundur:

Nanna Þorbjörg Lárusdóttir.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Embætti amtmanns yfir landinu öllu – sögulegt yfirlit	6
1.1. Stofnun embættisins og bakgrunnur	6
2. Embættismennirnir – yfirlit	7
2.1. Stiftamtmennt 1684 – 1769	7
2.2. Amtmenn yfir Íslandi 1688 – 1770	8
2.2.1. Christian Müller (1688-1718)	8
2.2.2. Niels Fuhrmann (1718-1733)	9
2.2.3. Joachim Henriksen Lafrentz (1733-1744)	10
2.2.4. Johan Christian Pingel (1744-1752)	10
2.2.5. Magnús Gíslason (1752-1766)	11
2.2.6. Ólafur Stephensen (1766-1770)	11
3. Verksvið amtmanns – erindisbréfin	11
4. Embættisskjölin – saga þeirra og frágangur	13
4.1. Varðveislusagan	13
4.2. Frágangur skjalasafnsins – bækur og bréf	15
4.2.1. Um bréfabækurnar	15
4.2.2. Um bréfasafnið	16
5. Bréfabækur	17
5.1. Notkunarmöguleikar - heimildagildi	17
5.2. Leit í efnisyfirlitum	18
5.3. Amtsbréfabækur Niels Fuhrmanns 1718-1733	18
5.3.1. Innihald	19
5.3.2. 1. Bréfabók: (18. júní 1718 – 11. maí 1719)	19
5.3.3. Veitingabréfabók prestakalla: (19. apríl 1719 – 14. okt. 1732)	20
5.3.4. Bréfabók (frá 12. maí 1719 – 4. september 1721) – glötuð	20
5.3.5. 3. Bréfabók: (5. september 1721 – 4. apríl 1724)	20
5.3.6. Dæmi úr 3. bréfabók	21
5.3.7. 4. Bréfabók: (5. apríl 1724 – 26. apríl 1728)	22
5.3.8. 5. Bréfabók: (26. apríl 1728 – 20. september 1732)	23
5.3.9. Dæmi úr 5. bréfabók	24
5.3.10. 6. Bréfabók: (22. september 1732 – 3. júní 1737)	25
5.4. Amtsbréfabækur Joachim Henriksen Lafrentz 1734-1743	25
5.4.1. Innihald	25
5.4.2. Bréfabók 6: (22. september 1732 – 3. júní 1737)	25
5.4.3. Dæmi úr 6. bréfabók	26
5.4.4. 7. Bréfabók: (1. ágúst 1736 – 20. júní 1742)	29
5.4.5. Dæmi úr 7. bréfabók	30
5.4.6. 8. Bréfabók: (21. júní 1742 – 31. ágúst 1748)	32
5.5. Amtsbréfabækur Johans Christians Pingels 1745-1748	32
5.5.1. Innihald	32

5.5.2.	Bréfabók 8 (21. júní 1742 – 31. ágúst 1748)	32
5.5.3.	Dæmi úr 8. bréfabók	33
5.6.	Amtsbréfabækur Magnúsar Gíslasonar 1752-1766	34
5.6.1.	Innihald	34
5.6.2.	9. Bréfabók: (16. júní 1752 – 30. maí 1754)	35
5.6.3.	10. Bréfabók: (4. júní 1754 – 30. júní 1756)	36
5.6.4.	11. Bréfabók: (1. júlí 1756 – 29. desember 1757)	36
5.6.5.	Dæmi úr 11. bréfabók	37
5.6.6.	12. Bréfabók: (4. janúar 1758 – 26. maí 1759)	39
5.6.7.	13. Bréfabók: (1. júní 1759 – 23. júní 1760)	39
5.6.8.	14. Bréfabók: (26. júní 1760 – 30. júní 1761)	39
5.6.9.	15. Bréfabók: (1. júlí 1761 – 31. ágúst 1762)	39
5.6.10.	16. Bréfabók: (31. ágúst 1762 – 28. september 1764)	40
5.6.11.	17. Bréfabók: (20. september 1763 – 15. október 1766)	40
5.7.	Amtsbréfabækur Ólafs Stephensens 1766-1769	41
5.7.1.	Innihald	41
5.7.2.	18. Bréfabók: (10. nóvember 1766 – 15. júlí 1768)	41
5.7.3.	Dæmi úr 18. bréfabók	42
5.7.4.	19. Bréfabók: (15. júlí 1768 – 19. maí 1769)	44
6.	Bréfasafn	44
6.1.	Notkunarmöguleikar - heimildagildi	44
6.2.	Amtmannsbréf 1693 – 1768	46
6.2.1.	Dæmi úr amtmannsbréfum 1746	47
6.3.	Konungsbréf til amtmanns 1688 – 1767	48
6.3.1.	Dæmi úr konungsbréfum 1741	50
6.4.	Rentukammerbréf til amtmanns 1688 – 1722	51
6.4.1.	Dæmi úr rentukammerbréfum 1703	53
6.5.	Bréf frá stiftamtmani til amtmanns 1707 – 1730	55
6.5.1.	Dæmi úr bréfum stiftamtmanns 1729	56
6.6.	Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753 – 1760	58
6.6.1.	Dæmi úr bréfum Skálholtsbiskups 1758	59
6.7.	Bréf landfógeta til amtmanns 1726 – 1740	60
6.7.1.	Dæmi úr bréfum landfógeta 1731	61
6.8.	Bréf úr Múlasýslu 1724 – 1756	63
6.9.	Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704 – 1745	64
6.10.	Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734 – 1759	65
6.10.1.	Dæmi úr bréfum úr Borgarfjarðarsýslu 1755	66
6.11.	Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761 – 1769	68
6.11.1.	Dæmi úr bréfum úr Barðastrandarsýslu 1764	69
6.12.	Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729 – 1768	70
6.12.1.	Dæmi úr ýmsum ósamstæðum bréfum og skjölum 1762	72
6.13.	Skjöl um spítalana 1723 – 1740	74
6.13.1.	Dæmi úr skjölum um spítalana 1736	75
	Heimildaskrá	77

Inngangur

Embætti amtmanns yfir landinu öllu var við lýði á árabílinu 1688-1770. Hér er ætlunin að varpa örliðu ljósi á embættið og þau gögn sem í skjalasafninu eru varðveitt. Tilgangurinn er að gera safnið aðgengilegra þeim sem að því koma og þurfa að nýta sér bréfabækurnar eða bréfasafnið við heimildaöflun. Í fyrstu er gerð stuttleg grein fyrir tilkomu embættisins og amtmönnum sex. Einnig er komið inn á verkswið amtmanns, varðveislusögu og uppbyggingu skjalasafnsins, svo og lítilega fjallað um notkunarmöguleika og heimildagildi gagnanna.

Skjalasafnið ber þess merki að það varð til fyrir daga nútíma skjalavörslu hér á landi, þar sem bréfadagbækur tengja send og innkomin erindi með númerakerfi; hinum svokölluðu rentukammer- eða kansallíkerfum. Þess ber einnig að gæta að bréfabækur embættisins hefjast ekki fyrr, eða hafa ekki varðveist aftur í tíma en til ársins 1717, og er varðveisla gagna fyrir þann tíma nokkuð brotakernd.

Reynt er að meta heimildagildi bréfabókanna almennt og einnig bent á það sem hafa ber í huga við leit í efnisyfirlitum þeirra. Gerð er grein fyrir bréfabókum hvers amtmanns fyrir sig, en bréfabækur amtmanna sex bera hverjum þeirra nokkuð glöggvitni, svo og andrúmi þess tíma sem hann starfar í. Dregin eru fram einkenni hverrar bréfabókar fyrir sig, uppbygging bóka, fyrirkomulag efnisyfirlita og tæpt á innihaldi sumra þeirra. Tekið er fram ef breytingar verða frá einni bók til þeirrar næstu, sömuleiðis ef samfella bóka í tíma, rofnar. Ljóst er að í þessu verkefni er ómögulegt að gera innihaldi bóka tæmandi skil heldur einungis unnt að tæpa stuttlega á því. Af því tipli fæst þó nokkuð raunsönn mynd af daglegum viðfangsefnum amtmanns.

Tekin eru eitt til tvö sýnidæmi af bréfabókum hvers amtmanns fyrir sig og einnig dæmi úr bréfasafni. Eftir ljósmynd dæmis fylgir uppskrift þess. Í dæmum úr bréfabókunum er leitast við að velja almenn hversdagsleg sýnishorn sem endurspegla verkswið amtmanna eða einkenna þann tíma sem hver um sig starfar á. Í kjölfar uppskriftar dæmis fylgir stuttleg útskýring. Þar er tekið fram hvernig viðkomandi sýnidæmi tengist verkswiði amtmanna og er þá oftast látið nægja að vísa til erindsbréfs Christians Müllers sem hér er birt í lauslegri þýðingu meginefnis, enda eru erindsbréf eftirmanna Müllers í flestu samhljóða, að undanskildum nokkrum ákvæðum í erindsbréfi Lafrentz.

Í umfjöllun um bréfasafnið er reynt að meta heimildagildi bréfanna almennt og tekur það mat einungis til þeirra askja sem gripið er niður í. Stiklað er á nokkrum völdum undirflokkum bréfasafnsins og tæpt á innihaldi askjanna til að gefa lesendum einhverja

hugmynd um þær heimildir sem þar liggja. Skoðuð eru bréf frá konungi, stjórnarskrifstofum ytra, embættismönnum hér heima, bréf úr nokkrum sýslum, og einnig lítið í eina öskju með ósamstætt innihald, svo og í öskju um ákveðið málefni, spítalana. Ekki eru tekin sýnidæmi úr öllum fjórum sýslunum sem skoðaðar eru, heldur einungis tvö látin nægja. Reynt er að sýna dæmi frá misjöfnum tímabilum. Ekki eru þó tekin eldri dæmi en frá 1703.

Danskir textar sýnidæma eru hér prentaðir stafréttir, þó lítillaga samræmdir. Skipting orða milli lína er látin halda sér og einnig skipan greinarmerkja. Stafréttur ritháttur er valinn, til að sá sem kynnir sér safnið með lestri þessa verkefnis, sjái hina dönsku texta safnsins óbreytta og í þeirri mynd sem safnið sjálft birtir þeim. Samræming dönsku textanna er eftirfarandi: Nafnorð eru prentuð með stórum staf burtséð frá handriti, því það getur auðveldað skilning. Ávörp og kveðjuorð eru sömuleiðis með stórum staf og eru þau einnig skáletruð til að draga þau betur fram. Leyst eru úr bókstafnum ß (ess-tsett) og ritað *ss*, leyst er úr böndum yfir samhljóðum, einnig er leyst úr styttingu mánaðaheita og borgarheitis og ritað *Octobr.* í stað *Octob^{ris}* og *Kiöbenhavn* í stað *Kiöbhvn*. Leyst er úr styttingunni *bem^{le}* og ritað *bemelte*, einnig í öðrum tilfellum þar sem óljóst er hver ritháttur orðs yrði óstytur. Stytting er látin halda sér í orðinu *May^{is}* og samræmd í *kongl.May^{is}*. Danskur ritháttur íslenskra mannanafna er látinn halda sér, en ritháttur íslenskra sýslna er samræmdur með bandstriki svo sem *Muhle*-Sysseþ þó handrit geri það ekki endilega. Skáletur orða í handriti er látið halda sér og bætt um betur, því erlend orð eru skáletruð til aðgreiningar frá dönskunni, þó slík sé ekki endilega raunin í handriti.

Þau fáu sýnidæmi sem hér eru á íslensku eru prentuð orðrétt. Þetta er gert til að trufla ekki skilning orða fyrir nútíma lesanda. Undantekningar frá orðréttum rithætti eru eftirfarandi: Fornum orðmyndum og röð orða er haldið óbreyttum, einnig gamalli sérhljóðanotkun til að fella ekki skugga á hinn gamla andblæ textans. Ritað er t.d. *hefi* í stað *hef*, *náðiga* í stað *náðuga*. Skiptingu orða milli lína er einnig haldið óbreyttri frá handriti og ekki hugað að nútímahætti þar. Skipan greinarmerkja er sömuleiðis látin halda sér. Ávörp og kveðjuorð eru samræmd að því leyti að þau eru rituð með skáletri því oft er þar um að ræða sambland af dönsku og íslensku. Erlend orð í íslenskum texta eru einnig skáletruð þó þau séu það ekki í handriti. Þetta er gert til að aðgreina þau frá íslenskunni. Skammstafanir fyrir orðið herra eru misjafnar í handriti og eru hér samræmdar og ritaðar *Hr*.

Tekið skal fram að í þessu verkefni eru tilvísanir í skjalasafn amtmanns í samræmi við skráningu Gunnars Sveinssonar á skjalasafninu (sjá um varðveislusöguna í 4.1.) og endurspeglar merkingar á öskjum safnsins, en ekki núverandi skjalaskrá safnsins.

1. Embætti amtmanns yfir landinu öllu – sögulegt yfirlit

1.1. Stofnun embættisins og bakgrunnur

Amtmaður yfir landinu öllu var skipaður 21. apríl 1688 og erindisbréf hans var gefið út 5. maí það ár.¹ Skipun amtmanns yfir landinu átti sér nokkuð langan aðdraganda sem rekja má aftur til stjórnkerfisbreytinga sem urðu í danska ríkinu við einveldistökuna 1661.

Einveldið fól í sér að konungur fékk nú einn óskorað vald í hendur yfir þegnum sínum. Allt löggjafarvald svo og öll boð og bönn lágu hjá honum einum, embættismenn voru ráðnir í hans nafni, eða reknir ef honum sýndist svo.² Einnig varð sú breyting að danska ríkinu var nú skipt í ömt sem hvert um sig skyldi skipað launuðum embættismönnum, svokölluðum amtmönnum. Þar með voru ríkisráðið og hin gömlu stéttaping afnumin, en í stað þeirra komu stjórnardeildir eða *kollegier*, sem ýmist voru endurskipulagðar eða nýjar settar á fót.³ Með þessum breytingum var leitast við að gera stjórnarsýslu konungs miðstýrðari og fastmótaðri. Mál skildu nú tekin fastari tökum en áður og átti slík viðhorfsbreyting rætur í hugmyndum um hagsýsluveldið, *kameralisma*, þar sem markmiðið var að ríkið hlutaðist til um jafnt stóra hluti sem smáa til að auka velmegun og hagvöxt. Þannig höfðu stjórnkerfisbreytingarnar í för með sér að skrifræði fór vaxandi og öll innheimta tekna og eftirlit var aukið.⁴ Annað markmið þessara breytinga lá í þeirri hugsjón að stuðla að bættu réttarfari og samræmdum réttarreglum fyrir danska ríkið í heild.⁵

Í stjórnardeildunum sátu æðstu embættismenn hans hátignar, en nú áttu aðalsmenn þar ekki örugg sæti lengur líkt og áður hafði verið um áhrifaembætti, heldur opnaðist einnig nýjum mönnum af lægri stigum vegur til frama og æðri starfa á grundvelli hæfileika og menntunar.⁶ Stjórnardeildirnar tóku til umfjöllunar málefni ríkisins, gerðu tillögur þar um og báru þær undir konung til undirritunar eða endanlegs úrskurðar. Tvær helstu stjórnardeildir konungs voru kansellí og rentukammer. Kansellíð hafði frá fornu fari annast dagleg stjórnarstörf og hafði nú með höndum stjórnarsýslu konungs, dóms-, kirkju- og kennslumál en rentukammerið, fjármáladeild konungs, fjallaði um atvinnumál og fjármál.⁷ Þetta voru þær tvær stjórnardeildir sem embættismenn á Íslandi áttu sín samskipti við um málefni landsins.

Breytingar á stjórn Íslands innan danska ríkisins áttu sér stað í nokkrum skrefum frá dauða Henriks Bjelkes höfuðsmanns og síðasta lénsheerra konungs á Íslandi, 1683, og fram til

¹ *Lovsamling for Island I*, bls. 476-480.

² Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar. Almennt yfirlit“, *Saga Íslands VIII*, bls. 9-10.

³ Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö I, a-h*, uppflettið »amt«, bls. 37-38. Sjá einnig undir »einveldi«, bls. 114.

⁴ Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar. Almennt yfirlit“, *Saga Íslands VIII*, bls. 14-15.

⁵ Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö I, a-h*, uppflettið »einveldi«, bls. 114.

⁶ Helgi Þorláksson, „Veraldleg og kirkjuleg valdstjórn um 1630 til um 1685.“ *Saga Íslands VII*, bls. 164.

⁷ Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar. Almennt yfirlit.“ *Saga Íslands VIII*, bls. 14-15.

Þess að amtmaður var skipaður árið 1688. Landfógeta yfir Íslandi var veitt erindisbréf 16. maí 1683.⁸ Leysti hann þar með fógeta lénshérrans Bjelke af hólmi. Skyldi meginstarf landfógeta felast í því að hafa umsjón með konungseignum, innheimtu konungstekna og nákvæmum skilagreinum þar um, ásamt eftirliti með verslun og fiskveiðum.⁹ Einungis tæpu ári síðar, 26. janúar 1684, var síðan stiftamtmaður eða *stiftbefahlingsmann*, skipaður yfir Ísland.¹⁰ Kom hann í stað höfuðsmanns áður sem æðsti fulltrúi konungsvalds á Íslandi og sat í Kaupmannahöfn. Í þetta embætti stiftamtmanns valdist fyrstur manna 5 ára gamalt barn, launsonur konungs, Ulrik Christian Gyldenløve að nafni. Í stað hins unga yfirmanns stiftisins Íslands þurfti því að setja annan mann til að annast embættisverkin. Af því varð hins vegar ekki fyrr en árið 1688 eins og áður sagði og nefndist sá amtmaður. Tók amtmaður nú við sem fulltrúi stiftamtmanns hér á landi og æðsti embættismaður innanlands.¹¹

2. Embættismennirnir - yfirlit

2.1. Stiftamtmennt 1684 - 1769

Sem æðsti fulltrúi konungsvaldsins á Íslandi hafði stiftamtmaður aðsetur í Kaupmannahöfn. Stiftamtmennt voru á því tímabili sem hér um ræðir, 1688-1770, þessir:

Ulrik Christian Gyldenløve	1684-1719
Peter Raben	1719-1727
Christian Gyldencrone	1728-1730
Henrik Ochsen	1730-1750
Otto v. Rantzau	1750-1768
Christian v. Proeck	1768-1769 ¹²

Erindisbréf Gyldenløves hefur ekki varðveist en hann hafði aðeins Ísland á sinni könnu.¹³ Þegar Peter Raben tekur við 1720 eru Færeyjar einnig komnar undir stjórn stiftamtmanns Íslands. Erindisbréf Rabens, frá 27. apríl það ár, er mjög samhljóða erindisbréfum amtmanna hans, enda rækir amtmaður skyldur hans hér á landi í hans umboði.¹⁴ Stiftamtmanni ber að hafa eftirlit með því að amtmaður, svo og aðrir embættismenn konungs hér, sinni sínum störfum eins og til er ætlast, enda er hann yfirmaður þeirra.

⁸ *Lovsamling for Island I*, bls. 399-403.

⁹ Páll Eggert Ólason, „Seytjándi öld. Höfuðþættir.“ *Saga Íslendinga V*, bls. 201.

¹⁰ *Lovsamling for Island I*, bls. 405-406.

¹¹ Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö I, a-h*, uppflettiord »amt«, bls. 38.

¹² Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö I, a-h*, yfirlit yfir stiftamtmennt og amtmenn á Íslandi, bls. 39.

¹³ Sjá skipunarbréf Gyldenløves í: *Lovsamling for Island I*, bls. 405.

¹⁴ *Lovsamling for Island I*, bls. 781-786.

2.2. Amtmenn yfir Íslandi 1688 – 1770

Amtmenn yfir Íslandi voru á þessu tímabili þessir:

Christian Müller	1688-1718
Niels Fuhrmann	1718-1733
Joachim Henriksen Lafrentz	1733-1744
Johan Christian Pingel	1744-1752
Magnús Gíslason	1752-1766
Ólafur Stephensen	1766-1770 ¹⁵

2.2.1. **Christian Müller 1688-1718** (1638-1720) var skipaður amtmaður 21. apríl 1688 og er erindisbréf hans dagsett 5. maí 1688.¹⁶ Embættistíð hans hér á landi byrjaði ekki vel og eftirmæli samtímamanna svo sem Árna Magnússonar voru ekki fögur, en hann taldi Müller „ekki [hafa] kunnað neitt til landslaga og ekkert þekkt til landsins“. Árni taldi hann einnig hafa „dregið jafnan taum kaupmanna“ og að hann hefði verið „heimskastur og fánýtastur yfirmanna hér“.¹⁷

Müller var sá amtmanna sem lengst sat í embætti hér eða alls í 30 ár. Gekk hann hart fram í embættisrekstri sínum í fyrstu og sást ekki fyrir í málavafstri þegar honum fannst að heiðri sínum vegið, svo mjög að hann fékk tiltal í utanferð sinni 1694 og alvarlega aðvörun um að halda stillingu sinni í embætti. Breyttist þá framkoma hans til batnaðar. Müller dvaldi á Íslandi samfleytt fyrstu árin, 1688 til 1694, hafði sumardvöl 1695 og vetrardvöl aftur 1696-1697. Eftir það dvaldi hann hér aðeins sumarlangt en var svo hér síðast að vetri til 1701-1702. Frá 1702 kom hann einungis á sumrin – í síðasta sinn árið 1707, þó það ár virðist konungur reyndar hafa samþykkt að hann fengi einungis að dvelja vetrarlangt í Danmörku annað hvert ár. Sökum aldurs fékk hann svo leyfi konungs til að sitja í Kaupmannahöfn en hafa fulltrúa í amtinu.¹⁸

Fulltrúar amtmanns meðan hann dvaldi ytra voru Jón Eyjólfsson (1694-1697), Lauritz Gottrup (1697-1700), Jón Eyjólfsson (1700-1701), Paul Beyer (1702-1717), Oddur Sigurðsson (1717-1718). Embættistíð Müllers frá því hann hverfur úr landi 1707 einkenndist mjög af deilum og togstreitu embættismannanna, sérstaklega Pauls Beyers fulltrúa amtmanns, sem varð landfógeti 1707, og Odds Sigurðssonar, varalögmanns norðan og vestan, en þeir

¹⁵ Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö I, a-h*, yfirlit yfir stiftamtmennt og amtmenn á Íslandi, bls. 39.

¹⁶ *Lovsamling for Island I*, bls. 476-480.

¹⁷ Jón Gíslason, „Af för skal frægð kenna“, *Fálkinn*, 38:14. tbl. 1965, bls. 23 og 32, [timarit.is].

¹⁸ Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannáll“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*, bls. 768-770. Sjá einnig varðandi leyfi til vetrardvalar Müllers í: ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 4. Rentukammerbréf til amtmanns 1706-1722. Rentukammerbréf 1706-1710 (Bréf d. 23. apríl 1707).

skiptu á þessu tímabili með sér landinu sem fulltrúar amtmanns og stiftamtmanns.¹⁹ Með arftaka Müllers í embætti varð breyting þar á.

2.2.2. **Niels Fuhrmann 1718-1733** (1685-1733) var settur amtmaður í veikindum Müllers ytra árið 1716, en skipaður amtmaður 1718 og er erindisbréf hans dagsett 30. maí það ár.²⁰ Hann kom til landsins eftir Alþingi það sumar og gegndi Cornelius Wulf, þá landfógeti hér, störfum hans á því þingi.²¹ Fuhrmann hefur fengið önnur og betri eftirmæli en Müller. Hann var Norðmaður og ekki af háum stigum, heldur einn þeirra manna sem nú komust í æðri embætti, ekki sökum ætternis heldur vegna verðleika og dugnaðar, eins og í upphafskafla var nefnt. Með komu Fuhrmanns hingað segja heimildir að komist hafi annar og betri bragur á ýmislegt „óskikki“ sem uppi hafði verið í langri fjarveru fyrirrennans ytra. Honum virðist hafa tekist vel að setja niður deilur milli manna, svo sem áður nefnds Odds Sigurðssonar og tilvonandi tengdaföður Odds, Guðmundar Þorleifssonar í Brokey, svo vel að Guðmundur arfleiddi amtmann að öllum eigum sínum er hann lést 1720. Sömuleiðis arfleiddi eiginkona Guðmundar amtmann 9 árum síðar, þannig að Fuhrmann auðgaðist hér nokkuð skjótt. Amtmanni er lýst í Hirðstjóraannál m.a. svo að hann hafi verið „fyrirmannlegur, skarpvitur, vel talandi, forfarinn í flestum lærdómslistum og tungumálum“ svo vandséð sé „hvort hér hafi verið lærðari veraldlegur yfirmaður“.²² Amtmanns hefur einnig verið minnst fyrir þau málaferli sem urðu hér á landi í kjölfar komu Apolonie Schwarzkopfs hingað út 1722 og eftir meintan vofeiflegan dauða hennar 1724, en hún kom hingað með hæstaréttardóm upp á vasann um heitrof amtmanns við sig.²³

Fuhrmann dvaldi samfleytt á Íslandi alla sína embættistíð utan veturna 1726-1727 og 1727-1728 er hann stóð í málavafstri og var stefnt til utanfarar. Fulltrúi amtmanns í fjarveru hans var í bæði skiptin Jens Erichstrup. Fuhrmann var á Alþingi hvert ár frá 1719. Hann lést í júnímánuði 1733 og hafði þá verið amtmaður í 15 ár.²⁴

¹⁹ Um deilumál þessi öll og viðveru Müllers amtmanns á Íslandi má m.a. lesa í: Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannál, bls. 758-759 og bls. 768-770.

²⁰ *Lovsamling for Island I*, bls. 739-743. Sjá einnig í: Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannál, bls. 771.

²¹ Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannál, bls. 782.

²² Sjá um Fuhrmann í: Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannál, bls. 771-777.

²³ Um þetta mál má m.a. lesa í: Jón Gíslason, „Af för skal frægð kenna“, *Fálkinn*, 38:14. tbl. 1965, bls. 14-37, og í sama árgangi; 15. tbl. 1965, bls. 38-48; í 16. tbl. 1965, bls. 20-50 og í 17. tbl. 1965, bls. 18-35, [timarit.is].

²⁴ Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannál“, bls. 775-777.

2.2.3. **Joachim Henriksen Lafrentz 1733-1744** (d. 1744) var skipaður amtmaður 16. október 1733 og er erindisbréf hans dagsett 22. mars 1734.²⁵ Hann kom hingað eftir að hafa gegnt störfum ritara í utanríkisþjónustu Dana, *Gesandtskabet* í París, með hléum, en ekki tekist vel upp.²⁶ Ekki fer miklum sögum af embættistíð Lafrentz hér. Hann var orðinn roskinn er hann varð amtmaður. Átti hann í málaferlum við Bjarna Halldórsson sýslumann og stóð einnig í deilum við Jón Árnason biskup. Lafrentz átti í nokkurri togstreitu við Skúla Magnússon, síðar fógeta, útaf lausu sýslumannsembætti Skagafjarðarsýslu 1736, en amtmanni blöskraði ýtni og framapot Skúla, sem var á þeim tíma einungis 25 ára.²⁷ Lafrentz dvaldi hér á landi alla sína embættistíð, utan veturinn 1736-1737, veturinn 1737-1738 og veturinn 1741-1742. Ekki er nákvæmlega vitað hverjir voru fulltrúar amtmanns í fjarveru hans seinni árin, en telja má að Ólafur Árnason, ritari hans, hafi haft það hlutverk með höndum fyrsta fjarveruveturinn 1736-1737, því bréf í bréfabók á þessu tímabili eru undirrituð af Ólafi (sjá hér aftar um 7. bréfabók í 5.4.4.). Lafrentz sótti Alþingi öll sín embættisár. Hann lést á Bessastöðum 17. janúar 1744.²⁸ Eftir lát hans tók Christian Drese landfógeti við amtmannsembættinu um stundarsakir, en varð að láta af því embætti fljótlega sökum vanhírðu og drykkjuskapar.²⁹

2.2.4. **Johan Christian Pingel 1744-1752** (-) var skipaður amtmaður 23. október 1744 og er erindisbréf hans gefið út 2. nóvember sama ár.³⁰ Pingel kemur hingað til lands fyrir Alþingi árið eftir, 1745. Pingel hefur fengið þau eftirmæli að hafa verið illa að sér í lögum og því lítt hæfur til að gegna amtmannsembættinu.³¹ Hann er sagður hafa notið álits í fyrstu og viljað landinu vel, haft horn í síðu kaupmanna en orðið skuldugur og komist undir járnhæl þeirra og að þeir hafi nýtt sér bága fjárhagsstöðu hans.³² Hann virðist þó hafa verið framfarasinnaður og sannfærðari um möguleika til ræktunar hér á landi og nýtingu landsins gæða, en margir aðrir samtímamenn. Stundaði hann t.d. kornræktartilraunir á Bessastöðum, ólíkt öðrum kollegum

²⁵ *Lovsamling for Island II*, bls. 176-179.

²⁶ Dansk biografisk Lexikon. Vef: <http://runeberg.org/dbl/10/0006.html> Skoðað 27. maí 2011.

²⁷ Um þetta í: S.K. Steindórs, „Sýslumaður Skaftafellssýslu“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 44. tbl. (11. nóv. 1945), bls. 553-554, [timarit.is].

²⁸ Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*. bls. 144-145; Einnig um utanferðir Lafrentz í: ÞÍ. Þjóðskjalasafn Íslands, EF/1, örk 6.

²⁹ S.K. Steindórs, „Sýslumaður Skaftafellssýslu“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 44. tbl. (11. nóv. 1945), bls. 557, [timarit.is].

³⁰ *Lovsamling for Island II*, bls. 544.

³¹ Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*, bls. 145.

³² Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*, bls. 310-311.

sínum í embætti.³³ Pingel vék landfógeta, Christian Drese, úr embætti 1749, þegar ljóst var að embættisfærsla landfógeta og fjárreiður voru í miklum ólestri.³⁴ Pingel hefur vetrardvöl ytra 1750-1751 og vill þá fá laun sín hækkuð en hefur ekki erindi sem erfiði.³⁵ Siglir hann aftur utan haustið 1751 og kemur ekki til Íslands eftir það. Fulltrúi amtmanns í embætti meðan hann var ytra var Magnús Gíslason lögmaður. Pingel var leystur frá embætti 8. maí 1752.³⁶ Hann var á Alþingi öll sumur meðan hann var hér við störf.³⁷

2.2.5. Magnús Gíslason 1752-1766 (1704-1766) var fyrstur Íslendinga skipaður amtmaður yfir Íslandi. Erindisbréf hans er gefið út 30. maí 1757.³⁸ Magnús var settur í amtmannsembættið um leið og fyrirrennari hans, Pingel, var leystur frá því 1752. Hafði hann þá verið lögmaður sunnan og austan í 20 ár. Magnús fluttist í nýjan embættisbústað að Bessastöðum 1766, en sat fram að því sem amtmaður að Leirá í Borgarfirði, þar sem hann settist að 1745, enda voru húsakynni Bessastaða orðin mjög léleg um miðbik 18. aldar. Magnús hefur fengið betri eftirmæli en fyrirrennarar hans margir hverjir. Hann er sagður hafa verið „óáleitinn við aðra menn, höfðingi í lund ... hjálpsamur ... reglusamur og nákvæmur í embættisstörfum“. Hann hafi notið fyllsta traust danskra yfirvalda sem hafi hlítt tillögum hans um landsmál í flestu. Magnús dvaldi ytra veturinn 1763-1764 og var þá Ólafur Stephensen, tengdasonur hans, fulltrúi hans.³⁹ Magnús var á Alþingi öll embættisár sín að undanskildu árinu 1764.

2.2.6. Ólafur Stephensen 1766-1770 (1731-1812) varð aðstoðarmaður tengdaföður síns 1764 og eftirmaður hans í embætti við lát Magnúsar 1766. Erindisbréf Ólafs var ekki gefið út fyrr en 28. mars 1769.⁴⁰ Gegndi hann embættinu fram til ársins 1770 er ný skipan þessa embættis komst á.

3. Verksvið amtmanns - erindisbréfin

Í erindisbréfi **Christians Müllers** er amtmanni, sem staðgengli stiftamtmanns, ætlað að:

³³ Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*. bls. 295-296 og einnig um viðhorf hans til landsins í sama riti á bls. 446.

³⁴ Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*, bls. 147.

³⁵ Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*, bls. 145.

³⁶ Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*. bls. 145 og bls. 310.

³⁷ Þetta má sjá af Alþingisbókum: *Alþingisbækur Íslands XIII 1741-1750* og einnig í *Alþingisbækur Íslands XIV 1751-1765*.

³⁸ *Lovsamling for Island III*, bls. 286-287.

³⁹ Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*. bls. 311-314.

⁴⁰ *Lovsamling for Island III*, bls. 629-630.

Vera vakandi yfir því og sjá til þess að konungleg tign, lög og tilskipanir nái fram að ganga í landinu og ekkert það þrífist hér sem ásælst gæti eða hindrað hagsmuni og þjónustu hans hátignar svo sem fjárdráttur, síngirni eða óheiðarleiki. Vera landfógeta innan handar í hvítvetna við innheimtu hans á tekjum og afgangnum. Einnig að leggja sig fram um að koma með tillögur um allt það sem landinu geti orðið að gagni (**gr. 1**).

Hafa eftirlit með því að jafnt háir sem lágir fylgi lögum og tilskipunum konungs og tilkynna til yfirvalda í Danmörku ef misbrestur verður þar á (**gr. 2**).

Hafa eftirlit með dómsvaldinu í landinu, þannig að enginn þurfi þar undan að kvarta, hvorki veraldlegir né andlegir embættismenn eða aðrir landsmenn. Hafa yfirumsjón með yfirdómi og sjá um að Aþlingi sé haldið löglega og á réttum tíma. Hefur amtmaður einnig leyfi til að veita mönnum sem ekki rækja skyldur sínar tiltal, víkja þeim úr embætti og ber að tilkynna það til kansallísins. (**gr. 3**).

Gera tillögur um skipun hæfra manna í veraldleg embætti sem losna (**gr. 4**).

Senda árlega inn skýrslur um landshagi til kansallísins og stjórnardeilda þess, svo yfirsýn fáiast yfir ástand og þarfir landsins (**gr. 5**).

Hafa, í umboði og fjarveru stiftamtamanns, eftirlit ásamt biskupunum með hinu geistlega dómsvaldi í landinu (**gr. 6**).

Hafa ásamt geistlegum yfirvöldum tilhlýðilega innsýn inn í að rétt sé farið með kirkjutíund í hverju stifti, að kirkjum sé viðhaldið og sjá til þess að þeir sem með fjárreiður kirkna og klaustra fari, geri árlega reikningsskil og haldi kvittunum til haga (**gr. 7**).

Hafa eftirlit með forsvarsmönnum spítala og fátækrahjálpar, sjá um að farið sé að lögum og skilmálum hvernar stofnunar og tilhlýðileg reikningsskil séu gerð á réttum tíma (**gr. 8**).

Sjá til þess að dómum hæstaréttar sé fullnægt án tafar, hvort sem um er að ræða sekt, fangelsisvist eða aftöku og innheimta án tafar fésektir af þeim seku, sé um það að ræða (**gr. 9**).

Hafa á sínum snærum gott eftirlit við hafnir landsins og fylgjast með leyfishöfum verslunar. Sjá um að kaupmenn haldi sig við rétta verslunartaxta, refsa þeim sem það ekki gera, og tilkynna til kansallísins ef menn fara á svig við lögin (**gr. 10**).

Hafa eftirlit með því að enginn sem ekki hefur til þess leyfi, stundi verslun í landinu (**gr. 11**).

Veita bænaskrá og öðrum erindum frá landsmönnum um veraldleg málefni viðtöku og gefa dönskum stjórnvöldum útskýringar þar á svo þau geti veitt þar um úrskurð. Sömuleiðis að vera milligöngumaður um bænaskrár um andleg málefni, en ráðfæra sig í því efni einnig við biskupana (**gr. 12**).

Hafa eftirlit með því að hinni nýju Norsku-lögbók (norsku lögum Kristjáns fimmta) sé komið í gagnið á Íslandi (**gr. 13**).

Halda áfram að þýða Dönsku-lögin yfir á latínu og senda út a.m.k. tvö eintök þar af árlega (**gr. 14**).

Búa á Bessastöðum ásamt landfógeta, hafa umsjón með staðnum og kirkjunni, innheimta af henni löglega landskuld, huga að því sem staðurinn krefst í viðhaldi og gera tillögur um endurbætur og hvernig kostnaði skuli mætt (**gr. 15**).

Vera iðinn við að kynna sér hvort málmar eða önnur efni finnist í jörðu sem komið geti dönskum stjórnvöldum til góða. Einnig að huga að öllu því sem orðið geti til framfara, sérstaklega við fiskveiðar og tilhögun verslunar (**gr. 16**).⁴¹

Í erindisbréfum eftirmanna Müllers verða nokkrar breytingar. Í erindisbréfi **Fuhrmanns** 30. maí 1718 er aukin áhersla lögð á:

Að við allan framgang dómsmála sé farið eftir Norsku-lögbókinni og að amtmaður vísi erindum jafnt til kansallís og rentukammers eftir því sem við eigi (**gr. 3**).⁴²

Í erindisbréfi **Lafrentz** 22. mars 1734 er mun ýtarlegar en áður fjallað um:

Eftirlit amtmanns með innkomu Jarðabókarsjóðs og öðrum tekjum og að árlega sé gerð grein fyrir stöðu mála samhliða því að hann votti reikninga landfógeta og geri athugasemdir þar um (**gr. 2**).

Eftirlit amtmanns á Alþingi og landsþingum með verslun í landinu, og að hann geri stjórnvöldum grein fyrir stöðu mála, svo og því hvort landinu sé árlega séð fyrir nauðsynjavöru eða hvort misbrestur verði þar á (**gr. 11**).

Að hann sjái til þess að sú vara sem ekki fellur undir tilskipun frá 17. apríl 1702, sé ekki of hátt verðlögð af kaupmönnum svo það íþyngi ekki landsmönnum (**gr. 12**).⁴³

Af erindisbréfum amtmanna má sjá að amtmaður hefur með höndum æðstu stjórn-gæslu og framkvæmdavald landsins í umboði stiftamtmanns og ber að halda yfirmanni sínum og stjórnardeildum konungs upplýstum um gang mála í hvívetna. Áhersla á eftirlitshlutverk amtmanns með afgjöldum og tekjum, með verksviði landfógeta og með verslun eykst þegar líður á. Erindisbréf fyrstu tveggja amtmannanna eru ítarleg en fyrir utan ofanefndar áherslubreytingar í bréfum Fuhrmanns og Lafrentz verða einungis minniháttar orðalagsbreytingar, og eru erindisbréf þriggja síðustu amtmannanna því mjög samhljóða bréfum fyrirrennaranna.

4. Embættisskjölin – saga þeirra og frágangur

4.1. Varðveislusagan

Skjalasafn amtmanns á Bessastöðum varð snemma nefnt „amtskistan“ (líkt og skjalasöfn biskupsstólanna fengu nafnið „stiftskistur“). Amtskisturnar virðast um miðbik 18. aldar vera orðnar tvær, því í embættistíð Magnúsar Gíslasonar, þegar Innréttlingarnar fá aðstöðu á Bessastöðum, hefur Magnús áhyggjur af geymslu skjalasafnsins í fjarveru sinni frá staðnum, og lætur innsigla eina stofu til geymslu amtskistanna tveggja.⁴⁴ Þegar starfsemi Innréttlinganna

⁴¹ Skv. lauslegri þýðingu megininnihalds í: *Lovsamling for Island I*, bls. 477-480.

⁴² *Lovsamling for Island I*, bls. 740.

⁴³ *Lovsamling for Island II*, bls. 176-178.

⁴⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 9. Bréfabók 1752-1754, bls. 55 (Bréf til Skúla Magnússonar d. 11. ágúst 1752).

flyst svo til Reykjavíkur, fær hann tímabundið húsaskjól fyrir amtskisturnar hjá landfógeta í Viðey.⁴⁵ Eftir 1770 var skjalasafn amtmanns í vörslu stiftamtmanns til 1874 og síðan landshöfðingja til 1882, þegar því var komið fyrir á lofti dómkirkjunnar í Reykjavík. Árið 1900 var það flutt á loft Alþingishússins og loks í Safnahúsið við Hverfisgötu vorið 1909.⁴⁶

Þegar skjalasafnið var á Bessastöðum í vörslu stiftamtmanns eftir 1770, blandaðist það saman við önnur söfn; skjalasafn hirðstjóra (fram til 1683) og stiftamtmanns (1684-1770). Þarna var því komin ósamstæð benda, sem úr þurfti að greiða. Annars er saga skjalasafns amtmanns torrakin, því afhendingarskrár við amtmannaskipti hafa ekki komið í leitirnar.

Fyrsta atlaða að skráningu gagna í skjalasöfnum stiftamtmanns, amtmanns yfir landinu öllu og amtmanns í suðuramti, var gerð á árunum 1887-1894 af Valdimar Ásmundssyni, ritstjóra, og Hannesi Þorsteinssyni, síðar þjóðskjalaverði. Þá urðu til þrjár skrár; STA VI 10-12. Við þessar skrár studdist Jón Þorkelsson, landsskjalavörður, þegar hann gaf út fyrstu prentuðu skrá Landsskjalasafns árið 1903. Skrá Jóns fékk vinnuheimið Skrá/03.

Um og eftir 1960 byrjuðu skjalaverðir Þjóðskjalasafns, Björn Karel Þórólfsson og Bjarni Vilhjálmsson, vinnu við að aðgreina söfnin tvö. Unnin var skrá yfir skjalasafn stiftamtmanns ásamt hirðstjórásafninu og einnig gerð skrá yfir skjalasafn amtmanns. Skrárnar fylgdust því að og fengu heitin STAM VI 31 og 32 og skráin yfir skjalasafn amtmanns (sú númer 32) var kölluð B-skrá, sem virðist hafa verið vinnuheimi skjalavarða, en ekki formlegt heiti hennar.

Fyrirkomulagi skjalasafns amtmanns var síðan lítið eitt breytt við endurskoðun á árunum 1988-1989 af Gunnari Sveinssyni, skjalaverði, þó ekki væri formlega gefin út ný og breytt skjalaskrá á þeim tíma. Breytingin fólst í því að bréf voru lítillaga færð til í öskjum, þangað sem þau voru talin eiga betur heima. Vegna þess hve þröngt var um bréfin í öskjunum, sem þá voru 114 talsins, var einnig ákveðið að raða þeim skaplegar í öskjur, en númerum askja var ekki breytt. Skjölum þeirra askja þar sem þröngt var um, var því skipt upp í tvær eða þrjár eftir umfangi innihalds og merktar A, B og C á eftir gamla öskjunúmerinu. Við þetta fjölgaði öskjunum úr 114 í 192.⁴⁷ Skjalaskrá safnsins (B-skráin) er því ekki í samræmi við merkingu askjanna og bíður skjalasafnið nýrrar skráningar.

⁴⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I.10. Bréfabók 1754-1756, bls. 191 (Bréf til Skúla Magnússonar d. 22. sept. 1755).

⁴⁶ ÞÍ. Þjóðskjalasafn Íslands, EF/1, örk 6. (Hér er stuðst við vinnugögn Gunnars Sveinssonar skjalavarðar).

⁴⁷ ÞÍ. Þjóðskjalasafn Íslands, EF/1, örk 6. (Þessi skráningarsaga og tilfærsla á skjölum safnsins er skráð í vinnugögnum Gunnars Sveinssonar og er stuðst við hana hér. Þar kemur reyndar fram að fjöldi askja sé 184, en það reyndist ekki rétt).

4.2. Frágangur skjalasafnsins – bækur og bréf

Skjalasafn amtmanns skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru bréf frá amtmanni (send bréf) og hins vegar bréf til amtmanns (komin bréf). Send bréf voru afrituð í heild sinni inn í sérstakar bréfabækur. Þau síðarnefndu (komin bréf) eru ekki skráð í bréfabækurnar því slíkar bækur (bréfadagbækur) komu ekki til fyrr en um og eftir 1800. Í bréfabókum 1 til 8 má þó finna endurrit stöku bréfa til amtmanns (kominna bréfa), en bækurnar þar á eftir innihalda eingöngu afrit sendra bréfa, þó með örfáum undantekningum. Komnum bréfum til amtmanns er raðað í öskjur eftir sendendum og í tímaröð.

4.2.1. **Um bréfabækurnar.** Í skjalasafni amtmanns eru 19 bréfabækur. Sú fyrsta er bók Niels Fuhrmanns frá 1717. Ekki er vitað hvort fyrirrennari Fuhrmanns, Christian Müller, hélt bréfabækur. Hafi svo verið eru þær nú glataðar. Bækur Fuhrmanns og Lafrentz eru ekki aðeins bækur yfir send bréf, heldur innihalda þær einnig afrit sumra kominna bréfa, svo þar má finna bréf til amtmanns frá ýmsum aðilum. Önnur bókin í listanum hér að neðan sker sig úr, því í hana eru eingöngu skráð veitingabréf fyrir prestaköllum. Fyrstu tvær bækurnar eru án bindistals á kili, en bækurnar þar á eftir eru tölusettar gylltum tölum á kili (1-17). Í skjalaskránni yfir skjalasafn amtmanns var öllum bókunum gefin talnaröðin (1-19) og hið gyllta bindistal sett í sviga.⁴⁸ Sú talnaröð (1-19) er notuð hér. Bréfabækurnar er þessar:

1. Bréfabók Niels Fuhrmanns 1718 – 1719
2. Veitingabréfabók Niels Fuhrmanns fyrir prestaköllum (collationsbréf) 1719 – 1732
3. Bréfabók Niels Fuhrmanns 1721 – 1724
4. Bréfabók Niels Fuhrmanns 1724 – 1728
5. Bréfabók Niels Fuhrmanns 1728 – 1732
6. Bréfabók Niels Fuhrmanns og Joachims Lafrentz 1732 -1737
7. Bréfabók Joachims Lafrentz og Ólafs Árnasonar amtmannsfulltrúa 1736 – 1742
8. Bréfabók Joachims Lafrentz og Johans Christians Pingels 1742 – 1748
9. Bréfabók Magnúsar Gíslasonar setts amtmanns 1752 – 1754
10. Bréfabók Magnúsar Gíslasonar setts amtmanns 1754 – 1756
11. Bréfabók Magnúsar Gíslasonar 1756 – 1757
12. Bréfabók Magnúsar Gíslasonar 1758 – 1759
13. Bréfabók Magnúsar Gíslasonar 1759 – 1760
14. Bréfabók Magnúsar Gíslasonar 1760 – 1761
15. Bréfabók Magnúsar Gíslasonar 1761 – 1762
16. Bréfabók Magnúsar Gíslasonar 1762 – 1764
17. Bréfabók Ólafs Stephensens amtmannsfulltrúa og bréfabók Magnúsar Gíslasonar 1763 – 1766
18. Bréfabók Ólafs Stephensens 1766 – 1768
19. Bréfabók Ólafs Stephensens 1768 – 1769

⁴⁸ ÞÍ. Skrá um skjalasafn amtmanns, bls. 4-7.

4.2.2. **Um bréfasafnið.** Bréfin eru varðveitt í 192 öskjum. Feitletraðir eru þeir undirflokkar bréfa sem hér er gripið niður í og innihald skoðað eða dæmi eru tekin úr. Þar sem fjöldi askja er ekki tilgreindur sérstaklega í sviga, er aðeins um eina öskju að ræða:

Amtmannsbréf 1693 – 1768

Konungsbréf til amtmanns 1688 – 1767 (2 öskjur)

Rentukammerbréf til amtmanns 1688 – 1769 (26 öskjur)

Bréf stjórnardeildar kirkjumála til amtmanns 1743 – 1769 (2 öskjur)

Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1707 – 1768 (16 öskjur)

Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1704 – 1770 (8 öskjur)

Bréf Hólabiskups til amtmanns 1727 – 1770 (8 öskjur)

Bréf landfógeta til amtmanns 1726 – 1770 (9 öskjur)

Bréf lögmanna til amtmanns 1719 – 1769 og einnig Rentukammerbréf til lögmanns sunnan og austan 1743 – 1751 (3 öskjur)

Bréf alþingisskrifara til amtmanns 1717 – 1770 og einnig bréf lögmanna og sýslumanna til amtmanns (skrifuð á alþingi) 1741 – 1767

Bréf landlæknis til amtmanns 1760 – 1769 (2 öskjur)

Bréf úr Múlasýslu til amtmanns 1724 – 1769 (4 öskjur)

Bréf úr Austur-Skaftafellssýslu til amtmanns 1726 – 1769

Bréf úr Vestur-Skaftafellssýslu til amtmanns 1725 – 1770 (3 öskjur)

Bréf úr Rangárvallasýslu til amtmanns 1709 – 1770 (4 öskjur)

Bréf úr Vestmannaeyjum til amtmanns 1752 – 1769

Bréf úr Árnessýslu til amtmanns 1718 – 1770 (8 öskjur)

Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704 – 1770 (10 öskjur)

Bréf úr Borgarfjarðarsýslu til amtmanns 1734 – 1769 (3 öskjur)

Bréf úr Mýrasýslu til amtmanns 1731 – 1770 (3 öskjur)

Bréf úr Hnappadalssýslu til amtmanns 1728 – 1770

Bréf úr Snæfellsnessýslu til amtmanns 1720 – 1769 (5 öskjur)

Bréf úr Dalasýslu til amtmanns 1724 – 1770 (4 öskjur)

Bréf úr Barðastrandarsýslu til amtmanns 1720 – 1769 (2 öskjur)

Bréf úr Ísafjarðarsýslu til amtmanns 1708 – 1770 (6 öskjur)

Bréf úr Strandasýslu til amtmanns 1733 – 1770 (4 öskjur)

Bréf úr Húnavatnssýslu til amtmanns 1720 – 1770 (6 öskjur)

Bréf úr Skagafjarðarsýslu til amtmanns 1725 – 1770 (6 öskjur)

Bréf úr Eyjafjarðarsýslu til amtmanns 1721 – 1770 (2 öskjur)

Bréf úr Þingeyjarsýslum til amtmanns 1730 – 1769 (2 öskjur)

Bréf um Innrétingarnar til amtmanns og ýmis skjöl um þær 1751 – 1770 (2 öskjur)

Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729 – 1768:

Skjöl um fólksflutninga til Grænlands 1729 – 1730

Flotastjórnarbréf til amtmanns 1729 – 1732

Bréf Eggerts Ólafssonar til amtmanns 1752

Vottorð presta í Eyjafjarðarsýslu um manndauða úr harðrétti 1757

Bréf frá mönnum í Kaupmannahöfn til amtmanns 1755 – 1767

Bréf Ole Nielssens til amtmanns 1757 - 1768

Skjöl um húsbyggingar 1750 – 1769:

Fálkahús í Reykjavík og á Bessastöðum 1750 – 1763

Nesstofa á Seltjarnarnesi 1760 – 1769

Viðeyjarstofa o.fl. 1751 – 1768

Fangahúsið á Arnarhóli 1763 – 1766

Bréf kaupmanna til amtmanns 1749 – 1770 og bréf frá stjórn Almenna verslunarfélagsins í

Kaupmannahöfn o.fl. 1765 – 1767 (5 öskjur)

Skrár úr Skálholtsbiskupsdæmi (2 öskjur):

Skrá um prestagarða og kirkjueignir í Skálholtsbiskupsdæmi (eftirrit) 1583

Staðatal í Skálholtsbiskupsdæmi (brot) 1630 – 1650

Prestakalla- og prestatal í Skálholtsbiskupsdæmi (brot) 1689
Skjöl um afhendingu og úttekt Skálholtsstaðar og kúgildi Skálholtsjarða 1698 – 1777
Reikningar Skálholtsstóls 1744 – 1747
Úttektir Hólastóls o.fl. 1741 – 1757 og dánarbú Halldórs Brynjólfssonar biskups 1753 (2 öskjur)
Skjöl um Hólastól 1741 – 1751 (2 öskjur)
Skjöl um Hólastól 1611 – 1762
Reikningar Hólastóls 1741 – 1757 (5 öskjur)
Skjöl um spítalana 1723 – 1769 (3 öskjur)
Skuldaskrár klaustra, sýslna og umboða 1727 – 1750 (2 öskjur)
Jarðabækur og skoðunargerðir úr Gullbringusýslu og víðar 1693 – 1755
Skjöl um Bessastaðakirkju 1728 – 1767
Skjöl klaustra 1200 – 1770 (4 öskjur)
Skjöl skilnaðarnefndar skólalahalds og biskupsembættis 1755 – 1767 (2 öskjur)
Dánarbú embættismanna 1722 – 1749 (3 öskjur)
Skjöl um gjafakornið 1756 – 1758
Rentukammerbréf til Ólafs Stephensens amtmanns yfir landinu öllu 1767 – 1772 og amtmanns í norður- og austuramti 1770 – 1772

5. Bréfabækur

5.1. Notkunarmöguleikar - heimildagildi

Af bréfabókunum fæst almenn innsýn inn í tíðaranda tímabilsins og lifnaðarhætti fólks. Í þeim birtist einnig ljóslega hin daglega embættisfærsla amtmanna, stöðug og tíð bréfasamskipti þeirra við embættismenn. Þannig veitist nokkuð glögg sýn á gang mála sem amtmaður sinnir, sem oft eru deilumál manna. Tíðarandinn birtist í orðræðunni og þó stíll bréfa sé fastmótaður má þar fá ákveðna innsýn í viðhorf gagnvart mönnum og málefnum. Bækurnar gefa einnig sýn á viðhorf amtmanna til landsins, slík sýn kemur þá helst fram í skrifum þeirra til yfirboðaranna ytra. Í bréfum amtmanna til stjórnarskrifstofanna eftir Alþingi ár hvert er komið inn á stórt og smátt í gangi mála. Í slíkum skrifum til *Cammer collegiet*, stiftamtmanns og til konungs, má því fá gott heildaryfirlit yfir það sem á daga hefur drifið undangengið ár.

Í bókum hinna erlendu amtmanna er mikið fjallað um deilumál manna, sérlega þó í bókum Fuhrmanns, einfaldlega vegna þess að þeir tímar einkenndust mjög af deilum og togstreitu eða eftirmálum deilna. Einnig er þar talsvert fjallað um tilhögun verslunar, svo og má þar lesa lýsingar á árferði og almennum högum landsmanna. Slíkar lýsingar verða reyndar ítarlegri þegar á líður, t.d. í bréfabókum Magnúsar Gíslasonar, en þó með öðrum blæ en hjá fyrirrennrum - út frá innlendum sjónarmiðum, sjónarmiðum bóndans. Almennt er auðvelt að fletta ákveðnum einstaklingum upp í efnisyfirliti og rekja samskipti amtmanns við þá og fá þannig ákveðið sjónarhorn á erindi, persónur þeirra viðhorf þeirra til manna og málefna. Erfiðara er að leita heimilda eftir málefnum, þá þarf að fínkemma efnisyfirlit (sjá 5.2.).

Í uppskrifum aðsendra erinda í bókum Fuhrmanns og Lafrentz opnast einnig örlítið innlit inn í daglegan hversdagsveruleika almúgafólks, sýn á það sem á mönnum brennur og

þeir vilja fá leiðréttingu á. Sérstaklega virðast þar áberandi umkvartanir gegn yfiringi valdsmanna, og þörfin á að leita réttar síns í fjárhagslegum deilu- og hagsmunamálum. Aðsend erindi er aðeins að finna í bókum Fuhrmanns og Lafrentz, en hjá síðari amtmönnum koma þó fyrir einstöku afrit kominna bréfa og flokkast þau þá í efnisyfirliti undir bókstafinn C *copie*.

5.2. Leit í efnisyfirlitum

Almennt gildir um leit í efnisyfirlitum bókanna að nöfn manna eru flokkuð eftir upphafsstaf fornafns. Þegar leitað er t.d. að sýslumanni Bjarna Halldórssyni er leitað undir bókstafnum B, þó er vissara að hafa vara á og leita einnig eftir eftirnöfnum þeirra, sérstaklega þegar um ættarnöfn er að ræða. Þegar leitað er að málefnum almúgamanna, svo sem sakamanna, þá geta nöfn þeirra verið flokkuð undir nafni viðkomandi sýslumanns, enda bréf amtmanns sent til hans, en þá er nafn viðkomandi sakamanns einnig tekið fram í efniságripi yfirlitsins. Erlendir menn svo sem embættismenn og kaupmenn hér á landi eru einnig flokkaðir eftir fornafni. Slík flokkun breytist þó þegar á líður og vísast að leita einnig undir eftirnafni eða starfsheiti, t.d. kaupmenn undir K. Stiftamtmenntmenn eru hins vegar framan af flokkaðir undir bókstaf eftirnafns (Raben og Gyldenløve), en ekki Henrik Ochsén, hann er undir bókstafnum H. Síðari stiftamtmenntmenn eru yfirleitt undir bókstafnum S. Bréf til stjórnarskrifstofanna, *Commer collegiet* er undir bókstafnum C og bréf til konungs undir K.

Yfirlitin eru einnig stundum flokkuð eftir atriðsorðum. Þar þarf að hafa í huga að erindi geta verið flokkuð á misjafnan hátt. Tilskipanir amtmanns um almenn málefni, nefndar *ordre*, flokkast undir bókstafinn O. Lausnir mála, nefndar *resolution*, liggja þá undir bókstafnum R. Þó er slíkt einnig flokkað undir nöfnum manna sem í hlut eiga. Útskýringar amtmanns vegna bænaskráa, *erklæring*, undir E, vottun reikninga, *attest*, undir bókstaf A. Veiting prestakalla *collation* undir C, svo eitthvað sé nefnt. Slík flokkun eftir atriðsorðum verður algengari með síðari bókunum, bókum Magnúsar og Ólafs. Magnús tekur t.d. upp á því í sumum sinna bóka að flokka bréf undir bókstafnum G fyrir *giensvar* og byrjar slíkt með 13. bréfabók, en er þó ekki föst regla. Flokkun hvers amtmanns getur því verið með nokkuð mismunandi hætti og er hér reynt í nokkru að tilgreina frávik við hverja bók fyrir sig ef um slíkt er að ræða.

5.3. Amtsbréfabækur Niels Fuhrmanns 1718-1733

5.3.1. **Innihald:** Í bréfabókum Fuhrmanns má vel sjá hve hratt umfang embættisfærslu hans eykst. Sérstaklega er þetta sýnilegt frá fyrstu bréfabókinni (1. bréfabók) og til þeirrar næstu (3. bréfabókar), en á milli bókana liggur að vísu 2 ½ árs tímabil, þar sem bréfabók hefur glatast. Með annarri bréfabókinni (3. bréfabók) er kominn fastmótaður stíll á bækurnar. Þær eru orðnar þéttskrifaðar af afritum útsendra bréfa og einnig afritum kominna bréfa og eru öll bréf færð inn í þær í fullri lengd. Í fyrstu bókinni eru fyrirferðarmest bréf til sýslumanna, lögmanna, biskupa og presta, en síðan fjölgar erindum og beiðnum fólks, nefnd *memorial*, um mál sem brenna á. Fólk vill fá úrlausn í álita- og deilumálum og niðurstaða amtmanns eða úrlausn, *resolution*, fylgir á vinstri spássíu, þar sem hann afgreiðir erindin, útnefnir lögmenn eða talsmenn beiðendum til handa á héraðsþingum eða á Alþingi (sjá dæmi 5.3.6.). Einnig er fyrirferðarmikil embættisfærsla amtmanns á hverju Alþingi og í kjölfar þess koma skrif hans til stjórnarskrifstofa, stiftamtmanns og konungs; greinargerðir um gang mála á þingi, umsóknir presta um sóknir, bænaskrár, *supplique*, ásamt útskýringum amtmanns á þeim, útgefin vegabréf til utanferða o.fl.

5.3.2. **1. Bréfabók:** (18. júní 1718 – 11. maí 1719)

Blöð bókarinnar eru þykk og orðin nokkuð orpin og er því erfitt að fletta henni og eiga við hana. Bréfin hafa rifnað áður en gert var við þau og þau bundin í bækur svo þurrkast hefur út texti efst á fyrstu blaðsíðunum. Þetta er líka áberandi á síðustu síðum bókarinnar. Að öðru leyti er texti hennar nokkuð vel læsilegur. Bókin inniheldur bæði send bréf og komin erindi sem eru í fullri lengd. Viðtakendur bréfa eru ritaðir á vinstri spássíu og öll bréf undirrituð nöfnum sendenda og skil bréfa eru skýr. Ekkert efnisyfirlit er í þessari fyrstu bréfabók og bls.tal ekki lengur sýnilegt vegna skemmda, en eftirritað opnutal er á hægri síðu.

Fyrstu fimm bréfin eru skrifuð í Kaupmannahöfn og lúta að yfirtöku Fuhrmanns á embætti amtmanns og innheimtu ýmissa skjala frá fyrirrennaranum, Christian Müller. Þau eru skrifuð til Müllers og stjórnardeildanna. Fyrsta bréfið, sem ritað er á Bessastöðum, er dagsett 5. september 1718. Þó eru bréf bókarinnar ekki öll í réttri röð samkvæmt dagsetningu fyrst í stað, en síðan kemst regla þar á. Einnig má í bókinni finna, aftan á öðrum bréfum, nokkuð máð þar amtmanns frá síðustu dögum ágústmánaðar, ritað í Keflavíkurhöfn, og sömuleiðis t.d. kvittun skipstjóra fyrir móttöku á klukku úr Hvalsneskirkju, rituð um borð í skipi hans, Giötheborg.⁴⁹ Á því skipi kom amtmaður til landsins. Í fyrri helmingi bókarinnar, sem nær yfir fyrsta embættisár Fuhrmanns 1718, eru nokkuð fyrirferðarmikil bréf sem fara á milli

⁴⁹ ÞÍ. Skjalasafn Amtmanns. I. 1. Bréfabók 1718-1719, bls. 40-41.

amtmanns og skipstjóra Giötheborg, Jochum Friis, en skipið strandaði og fórst á útleið við Þorlákshöfn í nóvemberbyrjun það ár.⁵⁰ Sömu leiðis bréf sem fara milli amtmanns og sýslumanna í Árnes- og Rangárvallarsýslum varðandi skipsflakið og varðveislu og björgun varnings úr því. Að öðru leyti eru fyrirferðarmest afrit bréfa amtmanns til sýslumanna og lögmanna, einnig nokkur til biskupanna Jóns Vídalíns í Skálholti og Steins Jónssonar á Hólum. Embættisfærslu vegna Alþingis er ekki að finna í bókinni, þar sem amtmaður kom ekki til landsins fyrr en eftir lok þess 1718.

5.3.3. **Veitingabréfabók prestakalla:** (19. apríl 1719 – 14. október 1732)

Bókin inniheldur bréf amtmanns þar sem hann veitir prestum prestaköll. Hún er, líkt og fyrsta bréfabókin, orðin nokkuð fornfáleg, texti efst á sumum síðum máður, en þó í heildina vel læsileg. Bréfin eru með stöðluðu orðalagi þar sem prestum eru veitt köll til lífstíðar, með gögnum þeirra og gæðum og skilmálum um að þeir haldi lög og *ordínansíu*. Þau eru í fullri lengd. Fyrsta bréfið er veiting Illuga Jónssonar fyrir Mosfellskali í Grímsnesi og það síðasta veitir Þorvarði Guðmundssyni Klippstaði.

5.3.4. Bréfabók (frá 12. maí 1719 – 4. september 1721) vantar og virðist **glötuð**.

5.3.5. **3. Bréfabók:** (5. september 1721 – 4. apríl 1724)

Bréfabókin er þykk og mikil og orðin laus í bandinu. Í henni eru bæði send og innkomin erindi í fullri lengd. Hún inniheldur efnisyfirlit fremst, skrifað örsmau letri. Í því eru viðtakendur (eða sendandi) flokkaðir í stafrófsröð og innihald bréfs stuttlega nefnt. Vegna fyrirferðar manna með upphafsstafinn I eða J í efnisyfirlitinu er haldið áfram með J undir bókstafnum Z. Blöð bókarinnar hafa orðið fyrir skemmdum að ofan svo efstu línur efnisyfirlita sumsstaðar eru ekki lengur sjáanlegar. Bókin hefur upphaflegt blaðsíðutal efst á hverri síðu, víða afmáð, og hefur því nýtt blaðsíðutal (opnutal) verið ritað neðst á blaðsíðurnar þar sem upphaflegt blaðsíðutal sést ekki lengur. Það á þó ekki við þegar aftar dregur þar sem upprunalegt blaðsíðutal sést eða má rekja það af næstu síðum.


Bók þessi hefur allt annan og fastmótaðri brag en sú fyrsta. Hún er rituð jöfnu smáu letri og ber þess vott að erindin til amtmanns eru fjölbreyttari en fyrr, leitað er til hans og ljóst virðist að hann nýtur trausts. Hún byrjar á nokkuð dramatískan hátt með bréfi til stjórnarskrifstofanna í Kaupmannahöfn þar sem ástandi landsins eftir Kötlugosið 11. maí

⁵⁰ ÞÍ. Skjalasafn Amtmanns. I. 1. Bréfabók 1718-1719, bls. 76. (Bréfaskipti þessi hefjast með bréfi Friis d. 12. nóv. 1718). Sjá einnig í: Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannáll, bls. 771.

1721 er lýst.⁵¹ Annars inniheldur hún afrit bréfa amtmanns til sýslumanna, lögmanna, verslunarhandhafa, presta, biskupa og ekki síst til stiftamtmanns Rabens og konungs, svo og innkomin erindi almúgafólks. Vel sést á bréfabókinni hvar amtmaður heldur sig hverju sinni, hvort hann er heima á Bessastöðum eða gerir víðreist um landið í erindagjörðum svo og embættisfærsla hans á Alþingi.

5.3.6. Dæmi úr 3. bréfabók:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 3. Bréfabók 1721-1724, bls. 38 skv. upprunalegu bls.tali.)



38

Veleðla og velbyrdig
Hr. Amtmand
Niels Fuhrmann

⁵¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 3. Bréfabók 1721-1724, bls. 1-3.

Laugrettismanden Jón Ólafsson, forordnis hermed som Talsmand imod Betaling som Ret eragtis paa Reqvirentens vegne de udi modstaaende Memorial paa beraabte Vidne at lade indstefne og til Sagens Oplyssning paa hans vegne alt efter Lovens Maade at lade före og derover Tingsvidne forfatte Buder for væsten d. 31 Octobr. A. 1721

N. Fuhrmann

Eftir því ég undirskrifaður fáfróður og fátækur aumingi hefi hvorki megnan né forstand til að sækja rétt minn í máli Hr. lögmenninn Oddi Sigurðssyni, þá bið eg í undergefni að hans *velbyrdigheit* vilði mér tilskikka einn talsmann lögréttumann Jón Ólafsson í Öxnakeldu við Hellna, so að eg kunni að fá stefnt þeim mönnum til vitnisburðar sem uppá sáu nær ég var í fyrrasumar á Arnarstapa bæði sleginn og illa meðfarinn af lögmenninum Oddi Sigurðssyni, að þeir þar með í ljósi láti það frekasta þeir vita til, um Hr. lögmennsins viðhöndlun í móti mér það sinni. Þessa mína auðmjúka nauðsynjubón, bið eg hans *velbyrdigheit* með vor vinsemi álíta, og mér náðiga *resolution* hér uppá gefa. *Jeg forbliv*
Skrifað við Veleðla og Velbyrdig
Búðir Hr. amtmennsins
d. 31 Octob. auðmjúkasta þénara
A. 1727

Marteinn Jónsson

Útskýring: Dæmið hér að ofan snertir hlutverk amtmenns sem yfirmenns dómsmála (3. gr. erindisbréfs Müllers) og sýnir eitt af fjölmörgum erindum almúgamanna sem biðja um talsmann til að rétta sinn hlut á þingi. Oddur Sigurðsson lögmaður, sem hér er nefndur, skýtur oft upp kollu í bréfabókum Fuhrmanns, enda fyrirferðarmikill á þessum tíma og átti í deilum m.a. við Johann Christopher Gottrup, sýslumann, út af umboði konungs á Arnarstapa.⁵²

5.3.7. 4. Bréfabók: (5. apríl 1724 – 26. apríl 1728)

Bókin er áþekkt þeirri fyrri, þykk eins og hún, með efnisyfirlit fremst. Inniheldur hún bæði send og komin erindi í fullri lengd. Efnisyfirlitið er snjáð og óljóst og sumpart er letur horfið efst á sumum síðum, en að öðru leyti er bókin vel læsileg. Í efnisyfirliti er stafurinn J vegna plássleysis einnig færður undir bókstafinn X. Hér eru bréf til Peters Rabens, stiftamtmenns, undir bókstafnum P og einnig undir bókstafnum Z. Blaðsíðutöl eru á köflum einnig horfin og

⁵² Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga* VI. Tímabilið 1701-1770, bls. 109-112.

þá hefur opnutali verið bætt inn neðst á hægri síðu. Bókin inniheldur samskipti af líkum toga og fyrri bók milli amtmanns og embættismanna, og yfirboðara hans í Kaupmannahöfn.

Fuhrmann sigldi af landi brott haustið 1726 og er síðasta embættisgjörð hans fyrir brottför rituð á Bessastöðum 4. október það ár, en eftir það tekur fulltrúinn, Jens Erichstrup, við skrifum.⁵³ Í bókinni er að finna skrif amtmanns sem rituð eru í Kaupmannahöfn um veturinn, frá 23. desember 1726 og fram til 19. maí 1727.⁵⁴ Fuhrmann er mættur til starfa á Alþingi 11. júlí 1727,⁵⁵ en siglir aftur um haustið og er síðasta bréf það haustið ritað að Bessastöðum 11. september 1727.⁵⁶ Í lok bókarinnar eru bréf, rituð af Fuhrmann í Kaupmannahöfn í febrúar og apríl 1728⁵⁷ í bland við bréf Erichstrups á Bessastöðum.

5.3.8. 5. Bréfabók: (26. apríl 1728 – 20. september 1732)

Þessi bók inniheldur bæði send og komin erindi í fullri lengd. Efnisyfirlit bókarinnar fremst er betur varðveitt en yfirlit fyrri bóka. Það er einnig læsilegar skrifað, með stærra letri en þær fyrri. Efnisyfirlit yfir bókstafinn I sem inniheldur einnig J, hefur verið bundið inn á haus. Bókstafinn J er einnig að finna undir bókstafnum X og Z. Bókin er almennt betur farin en fyrri bækur, óskemmd, texti læsilegur og blaðsíðutöl skýr.

Fremst í bókinni eru bréf Jens Erichstrups rituð í fjarveru Fuhrmanns á Bessastöðum og einnig nokkur bréf Fuhrmanns rituð í Kaupmannahöfn í maímánuði. Frá 3. júlí eru bréfin undirrituð af amtmanni heimkomnum.⁵⁸ Að öðru leyti er bókin að innihaldi keimlík þeim fyrri. Í henni má þó t.d. finna skráningu amtmanns á fólki því sem lýsti sig fúst til Grænlandsflutninga, dagsett 19. september 1729, og ítarleg útlistun amtmanns á því hvað fólk þyrfti að hafa með sér til viðurværis þar í landi.⁵⁹ Í henni er einnig að finna ítarlegar starfslýsingar sýslumanna, *instrux*, og koma þær á eftir umfjöllun amtmanns um brottvikningu sýslumannsins Bjarna Nikulássonar í Vestur-Skaftafellssýslu vegna innleiðslu falsks vitnis í sakamáli.⁶⁰ Ætla má því að amtmaður vilji herða á sýslumönnum að halda sig innan laganna hljóðan. Bjarni sýslumaður virðist síðan hafa fengið uppreisn æru, því hann birtist sem sýslumaður síðar í bréfabókunum.

⁵³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 4. Bréfabók 1724-1726, bls. 694 (skv. upprunalegu bls.tali).

⁵⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 4. Bréfabók 1724-1726, bls. 383-393 (skv. eftirárituðu opnutali).

⁵⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 4. Bréfabók 1724-1726, bls. 394 (skv. eftirárituðu opnutali).

⁵⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 4. Bréfabók 1724-1726, bls. 416 (skv. eftirárituðu opnutali).

⁵⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 4. Bréfabók 1724-1726, bls. 426 og bls. 431 (skv. eftirárituðu opnutali).


⁵⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 5. Bréfabók 1728-1732, bls. 23.

⁵⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 5. Bréfabók 1728-1732, bls. 294-312.

⁶⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 5. Bréfabók 1728-1732, bls. 130-142.

5.3.9. Dæmi úr 5. bréfabók:

(Þí. Skjalasafn amtmanns. I. 5. Bréfabók 1728-1732, bls. 286.)



286

Nº 3: Hr. Illuge Jonson, Sognepræst til Mosfelds Kald i Grimsnæs ved *Supplique* af 10 Julij 1729 beder allerunderdanigst at maatte tjæne hans Sviger Fader Hr. Frantz Ibsen Sogne Præst til Hrune som *Cappelan* i hans höye Alderdom, og Kaldet effter hans Död igien at maatte nyde.

Mosfelds Kald som *Supplicanten* nu betiæner er et af de fattigste her i Landet, og ickun har hen ved 5 Rd: aarlig til Indkomme, men Hrune Præste Kald i Arne-Syssel og Skalhols Stifft *importerer* aarlig til 50 Rd: Omtrænt *Supplicanten* er en skickelig Præste Mand, og saa vit mig bekendt i Liv og Levned, og Lærdom ustraffelig, hvis alleunderdanigst Ansøgning, altsaa og som ellers til deris Kongl. Mayt^{ts} egen tilsigende Villie og videre allernaadigst *Resolution* her ved allerunderdanigst indstilles.

Útskýring: Dæmið snertir hlutverk amtmanns sem milligöngumanns milli danskra stjórnvalda og íslenskra þegna og skyldu hans að útskýra bænaskrár sem berast af Íslandi og setja þær í samhengi fyrir embættismenn ytra (**12. gr.** erindisbréfs Müllers). Það sýnir umsókn um prestakall, og er þar ásamt fleiri slíkum bænaskráum, sem ritaðar eru 16. september 1729. Eru bænaskrárnar hluti af venjubundnum skrifum amtmanns til stiftamtmanns og konungs með haustskipum í kjölfar Alþingis.

5.3.10. **6. Bréfabók:** (22. september 1732 – 3. júní 1737)

Bókin inniheldur bæði send og komin erindi í fullri lengd. Hún er líkt og sú fyrri í góðu standi, læsileg öll og blaðsíðutöl skýr, svo og efnisyfirlitið fremst. Í því er bókstafurinn J einnig færður undir bókstafnum Y. Þetta er síðasta embættisbók Niels Fuhrmanns og nær hans hluti yfir bls. 1-74. Síðasta útsenda bréf hans er dagsett 30. maí 1733 og er ritað til séra Hannesar Björnssonar,⁶¹ en allra síðustu embættisfærslur eru tilskipanir til lögmanna um að taka að sér mál manna er borist hafa og eru dagsettar næsta dag, 1. júní.⁶²

5.4. **Amtsbréfabækur Joachim Henriksen Lafrentz 1734-1743**

5.4.1. **Innihald:** Bréfabækur Lafrentz innihalda bréf af fjölbreytilegum toga, bæði send og komin erindi í fullri lengd, líkt og bækur Fuhrmanns. Þær bera einnig með sér hið aukna vægi eftirlits sem getið var um hér að framan í erindisbréfi Lafrentz. Hann tekur eftirlitshlutverk sitt alvarlega, sérstaklega með verslun, og gefur út tilskipanir til sýslumanna um að afla gagna um stórt og smátt. Skrif Lafrentz eftir Alþingi 1734 bera með sér að amtmaður hefur verið iðinn við að kynna sé hagi lands og tilhögun verslunar. Löng bréf þar um til stjórnardeildanna og konungs bera þess vott. Frá 11. ágúst 1736 byrjar fulltrúi amtmanns, Ólafur Árnason, að rita undir bréf í bókinni og ritar hana, í fjarveru Lafrents, allt til enda.⁶³

5.4.2. **Bréfabók 6** hér að ofan (sjá 5.3.10.) inniheldur síðustu embættisverk Fuhrmanns, en er þó að stærstum hluta bréfabók Joachims Henriksen Lafrentz, og inniheldur send bréf og komin erindi í fullri lengd. Fyrsta bréf hins nýja amtmanns er dagsett 9. apríl 1734. Þó þessi bók nái fram í júnímánuð 1737, þá endar hún á bréfum til rentukammers, rituðum í ágúst 1736. Lafrentz skrifar tilskipanir í kjölfar innsendra erinda strax á eftir þeim inni á blaðsíðunum en ekki á vinstri spássíu eins og Fuhrmann (sjá dæmi í 5.3.6.), þó breytist það

⁶¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 6. Bréfabók 1732-1737, bls. 65-66.


⁶² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 6. Bréfabók 1732-1737, bls. 71-73.

⁶³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 6. Bréfabók 1732-1737, bls. 547.

þegar líður á. Einnig skrifar hann inn hvern nýjan mánuð þegar fyrsta útsenda bréf þess mánaðar hefst (efst á síðu eða inni á henni). Í upphafi bókar er viðtakandi ekki tilgreindur á vinstri spássíu eins og í fyrri bókum (sjá 5.3.2.), en það breytist þegar lengra kemur inn í hana. Þá verða bréfin einnig heldur þéttari og nokkuð bagalegt er að amtmáður ritar ekki nafn sitt undir afrit af útsendum bréfum svo skil bréfa verða ógreinilegri. Einnig tilgreinir hann stundum ekki viðtakanda bréfs á vinstri spássíu, svo lesa þarf inn í bréfið til að átta sig á viðtakanda, eða skoða blaðsíðutal í efnisyfirliti.

5.4.3. Dæmi úr 6. bréfabók:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 6. Bréfabók 1732-1737, bls. 147-148.)



*Höyædle og Velbaarne
Velædle og Velbyrdige
Herrer*

I følge af derez *Excellencis* og samtlige höybyden-
de Herrerz Ordre til Sysselmanden Nicolai Magnu-
sen, haver hand endlig omsider indsent mig sin Un-
derretning og Forslag om Orebackshavn, som jeg
ved en af mine Tienere haver ladet translateret
af Islansk paa Danske, og her ved følger. N^o 1.

I lige Maade sendes og en *Tranzlation* fra dend *constituerede* Sysselmand i Vesterparten af *Skaptfields-Syssel* *Jon Thorstensen* samme Havn betreffende, som indstillez til de høybydende *Herrerz* egen *Skinsomhed*, tillige med min *Betenkning* om *Orebacks, Budenstædz* og *Stromfördshavne*. Som følger.

178.

Sijtelmandens *Nicolai Magnussons* under,
retning om *Orebackshavn*.

Den som de høje herrer ind
 Cammer Collegio indt Dantz høy.
 respective Respires 9^{de} Post.
 til mig at 10^{de} Chai under
 de der, som befalnd mig at
 ginn alle udoordig oplysning,
 angaaende *Oreback Districts*
 handre, for endtz indland
 forandring, baade de *Judbygg*
 ggerne og *Compagniets* *Conser*
vation, og at den fattige alene
 icke gaud for skal undergaa,
 men paa dantz beforsunde nød.
 tørst, indv lang opfold og af
 visning med Dantz, svag, bort,
 helgstra, saa som de fattige
 goet bor meget langt borte
 og uenkelig indn dantz total
 sin land taaca sig med
 fast afvisning med dantz
 drag, og anden opfold.
 det saa nu min underdanig
 underretning som følger.

Den nu fra aarsager, for
 paa *Judbygg* som handli
 paa *Orebackshavn* liden som
 lade, baade paa Dantz, arbrind
 saa og liden opfold og drag.
 1^o Pænd med *Lisbuan* rumur
 lig expedere saa mange goet paa
 som *Districtet* er et af den vilde
 sigte, og de fleste *Judbygg*
 lode dantz, nød tørst, og *Lisbuan*,
 har der indt Mare frem, og tre,
 fra den 20. Aug, som sket ind,
 gøstet plajer at komme, og tie
 end til alle 12 July, da de bor
 guder at paa, saa at pølet
 maa der der 4. eller 5. dage, den
 tie stor skade, og som der ind *Lisb*,
 paden er ideo gøet tie *Lisb* gøet,
 maa de punde den langt borte
 for de ofte miste den og maa
 miste sin i ginn med *Lisb*
 gunde, for med de liden stor *Lisb*
 2^o Pænd paa de *Oreback*
Lisb paa meget komme, at
Judbygg land uide at rap

Syselmandens Nicolai Magnussons Underretning om Orebackshavn.

Eftter som de höye Herrer udi *Cammer Collegis* udi derez höj-
respective Messives 9^{de} Post,
til mig af 10^{de} *Maii* udeværen-
de Aar, have befaled mig at
give ald nödvendig Oplysning,
angaaende Orebacks Districts
Handel, hvorleedez dend kand
forandrez, baade til Indbyg-
gernis og *Compagnietz Conser-*
vation, og at den fattige Almue
icke gandske skal undergaa,
men faa derez behhövende Nöd-
törft, uden lang Ophold og Af-
visning med derez Qvægz Bort-
selgelse, saa som de fattige
Folk boe meget langt borte
og umuelig uden derez *total*
Ruin kand taale slig med
fort Afvisning med derez
Qvæg, og anden Ophold.
Altsaa er min underdanig
Underretning som følger.

Der ere tre Aarsager, hvor
paa Indbyggerne som handle
paa Orebackshavn lider stor
Skade, baade paa deres Arbeide
saa og Livz Ophold og Qvæg.
1^o Kand en Kiöbmand umue-
lig *expedere* saa mange Folk /efter
som Destrictet er et af de vitlöv-
tigste :/ og de fleste Indbyggere
soge deres Nödtörft i Kiöbstæden,
seerdelez udi Meel Jern og Træ,
fra den 20. *Juny*, som Skibet un-
gefehr pleier at komme, og til
dend 11^{te} eller 12 *July*, da de be-
gynder at slaae, saa at Folket
maa bie der 4 eller 5 Dage, dem
til stor Skade, og som der ved Kiöb-
stæden er icke Græs til deris Heste,
maa de sende dem langt borte
hvor de ofte miste dem og maa
reise hiem i gien med uforrettet
Erinde, hvor ved de lider stor Skade.
2^o Sendes icke til Orebacks
Kiöbstæd saa meget Tömmer, at
Indbyggerne kand nyde deraf

Útskýring: Fyrra bréfið hér að ofan er inngangsbréf til stjórnardeildanna ytra, skrifað af amtmanni. Þessi skrif öll eru reyndar ódagsett, en liggja í bókinni milli 15. og 17. september 1734. Hér er amtmaður að senda bréf sýslumanns Rangæinga, Nikulásar Magnússonar, út, en sá kvartar yfir erfiðleikum fólks við að sækja Eyrarbakkahöfn um langan veg á verslunartíð. Greinilegt er að óánægju gætir meðal manna á fyrirkomulaginu. Bréf sýslumanns er hægra megin hér að ofan og er mun lengra en hér er sýnt, rúmar 4 blaðsíður í viðbót. Útskýring amtmanns til yfirmannanna ytra, er vinstra megin. Í kjölfar þessa bréfs sýslumannsins sem hér er sýnt úr, fylgja síðan hugleiðingar amtmanns og tillögur til úrbóta, bæði hvað Eyrarbakkahöfn varðar og einnig höfnina á Búðum svo og Straumsfjarðarhöfn.⁶⁴ Dæmið sýnir hlutverk amtmanns sem eftirlitsmanns og ráðgjafa yfirvalda með tilhögun verslunar í landinu (11. gr. í erindisbréfi Lafrentz).

⁶⁴ Þf. Skjalasafn amtmanns. I. 6. Bréfabók 1732-1737, bls. 153-156.

5.4.4. **7. Bréfabók:** (1. ágúst 1736 – 20. júní 1742)

Bókin er líkt og sú fyrri í góðu standi, læsileg og blaðsíðutöl skýr. Greinilegt er að í þessari bók fækkar innfærslum aðsendra bréfa frá því sem er í fyrri bókum. Í efnisyfirliti fremst er bókstafurinn J einnig færður undir Y og haldið er áfram með bókstafinn S undir Z. Í þessari bók er Ludvig Harboe að finna undir bókstafnum L, en í öðrum bókum undir H.

Á fyrstu 107 blaðsíðunum er að finna bréf sem undirrituð eru af fulltrúanum Ólafi Árnasyni í bland við bréf sem amtmaður hefur skrifað í Kaupmannahöfn. Þau bréf sem skrifuð eru í Kaupmannahöfn eru á bls. 12-15, 19-24, 48-70, 85-87 og á bls. 89-91. Bréfin sem hér eru undirrituð af Ólafi og eru dagsett frá 16. ágúst 1736 - 3. júní 1737, er einnig að finna í bréfabók 6 hér á undan. Bendir það til þess að amtmaður hafi haldið bókina í Kaupmannahöfn og fengið þangað send afgreidd bréf fulltrúans og þau hafi síðan verið færð inn í bókina í bland við hin. Þau bréf sem finna má í báðum bókunum eru eftirfarandi:


Bls. 1-3	í bók 7	samsvarar bls. 551-553	í bók nr. 6
bls. 3-19	—	samsvarar bls. 595-608	—
bls. 24-47	—	samsvarar bls. 553-570	—
bls. 70-85	—	samsvarar bls. 571-582	—
bls. 87-89	—	samsvarar bls. 582-583	—
bls. 91-107	—	samsvarar bls. 583-595 ⁶⁵	—

Frá bls. 107, með bréfi til Jóns Jónssonar, sýslumanns, dags. 15. júní 1737, hefst svo framhald næstu bókar á undan og eru þá bréfin undirrituð af Lafrentz.

⁶⁵ ÞÍ. Þjóðskjalasafn Íslands, EF/1, ör 6. (Hér er stuðst við vinnugögn Gunnars Sveinssonar skjalavarðar sem sannreynd voru af höfundi).

5.4.5. Dæmi úr 7. bréfabók:

(Þí. Skjalasafn amtmanns. I. 7. Bréfabók 1736-1742, bls. 553-554.)



Höy og Velbaarne Velædle og Velbyrdige
 Höybydende Herrer

Hans May^{ts} allernaadigste Rescript af Dato
 9^{de} Juny betreffende dend forgangen Aar stran-
 de hollandske Hukkert, bekom jeg icke för end
 dend 6^{te} Septembr: efter som Norder Skibene, der
 hafde höystbemeldte allernaadigste Ordre med sig,

formedelst *contraire* Vind og megen Driv Iis, ere i Aar meget silde ankomne. Dagen efter at jeg, i allerunderdanigst Følge hans May^{ts} allernaadigste Befalnings Tilhold, hafde sent min Foranstaltning til Sysselmanden udi *Skagafjords-Syssel Skule Magnusen* og andre vedkommende hvordan med det efterblevne Gods af ermeldte strandede Hukkert skulde forholdes, indløb hosföyede Skrivelse fra hannem af hvilket det matte behage deris *Excellence* og gode Herrer at erfahre; at der alt forgangen Aar 1740 efter Skibenis Afseyling, er holt *Auction* paa det beste efterblevne Gods og udi indeværende Aars Foraar til Höystbydende afhændlet, undtagen nogle tomme Tönder og bedervet Pronlæs, Cartun og Linnet, som jeg haver forordnet *Taxation* og *Auction* over det snarest giörligt, saavel som og over det Gods af dend udi indeværende Aars Foraar strandede hollandske Hukkert, men som ermeldte Sysselmand boer i mod 40 Miil fra mig, saa veed jeg icke hvor snart jeg i dette postmanglende Land, kand faa *Auctions* Forretningen, og Underretning fra hannem, og om dend

554

kommer inden d: 20. *Septembr*: som er dend Tid jeg med *Stihesholms* Skib, som er 30 Miil fra mig bortsender min sidste Breve, om de ellers icke skal blive til bage her i Landet. Jeg forbl: pp:
Kongens Gaard *Bessested*
d: 14^{de} *Septembr*: 1741. *HLafrentz*

Útskýring: Hér er amtmaður að skrifa stjórnardeildum og bregðast við konungsbréfi sem dagsett er 8. júní 1741 (sjá dæmi úr Konungsbréfum til amtmanns hér aftar í 6.3.1.) en amtmaður hefur ekki fengið það í hendur fyrir en 6. september vegna tafa á skipaferðum. Lafrentz er mikið í mun að sýna að hann hafi þá þegar sinnt sinni skyldu og látið halda uppboð á hinu standaða góssi. Framar í þessari bréfabók má einnig finna nokkuð hvassyrst og strengilegt bréf hans til Skúla Magnússonar, þá sýslumanns Skagafjarðarsýslu, varðandi það undir hvern málið heyrir, þar sem nokkurrar óánægju gætir hjá amtmanni með sýslumann, því Lafrentz les þar Skúla pistilinn og ítrekar við hann í smáatriðum meðferð slíkra mála.⁶⁶ Hér rækir amtmaður skyldur sínar um hagsmuni krúnunnar hér á landi og bann við verslun erlendra skipa (skv. **1. gr.** og **11. gr.** erindisbréfs Müllers).

⁶⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 7. Bréfabók 1736-1742, bls. 527-532 (Bréf dags. 6. maí 1741).

5.4.6. **8. Bréfabók:** (21. júní 1742 – 31. ágúst 1748)

Bréfabókin er í þokkalegu standi, texti sýnilegur og sömuleiðis blaðsíðutöl. Hún sker sig þó úr þeim fyrri því efnisyfirlit bókarinnar nær einungis yfir bréf á blaðsíðum 1-276, fram til loka janúar 1746, en ekki lengra. Í efnisyfirlitinu eru nú stjórnarskrifstofur flokkaðar undir C, *Cammeret*, en ekki R *Rente-Cammer* eins og í bókum Lafrentz fram til þessa. Þetta er síðasta bréfabók Lafrentz. Síðasta bréf hans er dagsett 23. desember 1743 og ná bréf hans yfir blaðsíður 1-100. Einungis eitt aðsent erindi er fært inn í hluta Lafrentz í bókinni (bls. 45-46), hitt eru allt útsend bréf. Frá bls. 101 tekur bréfabók Pingels við og inniheldur þessi bók eftir það einungis send bréf, líkt og allar þær sem á eftir koma.

5.5. **Amtsbréfabækur Johans Christians Pingels 1745-1748**

5.5.1. **Innihald:** Hinum nýja amtmanni virðist blöskra ástand mála í konungsgarði á Íslandi. Fyrstu bréf hans varða ástand Bessastaðahúsa, kirkju og kirkjugarð, um viðgerðir og áætlaðan kostnað. Gefur hann m.a. út skipanir gegn umgangi manna með hunda í kirkjunni og umvandanir um slælega unnar viðgerðir kirkjugarðs.⁶⁷ Skrif amtmanns á Alþingi þetta fyrsta embættisár eru í samræmi við skrif fyrirrennara hans, og bréf til stjórnarskrifstofa og konungs eru umfangsmikil í kjölfarið. Eftir það verða reyndar skrif amtmanns á Alþingi (frá 1747) umfangslíti (bls. 351-356) og einkennir það allt framhald bókarinnar.⁶⁸ Þeim mun ítarlegri eru greinargerðir hans og skrif til stjórnarskrifstofa og konungs, þar sem hann rekur ítarlega gang mála. Greinilegt er einnig að landfógeti Drese, með alla sína óreiðu, heldur amtmanni á tánnum gagnvart yfirboðurunum úti.⁶⁹

5.5.2. **Bréfabók 8** (sjá 5.4.6.), er eina bókin sem Pingel amtmaður færir. Innihalda bækur nú upp frá þessu eingöngu send bréf, og áfam í fullri lengd. Fyrsta bréf Pingels er dagsett 11. júní 1745. Eyða er því í bókinni um 1½ árs skeið (frá 24. desember 1743 til 10. júní 1745). Amtmaður tilgreinir nú í upphafi bréfa erindi þeirra í stuttu máli og er þessi háttur hafður á að mestu út bókina. Skil verða í bókinni í lok janúar 1746 (bls. 277) og þar lýkur efnisyfirliti. Næstu innfærslur eru færðar inn í ágúst það ár. Því vantar innfærslur frá Alþingi árið 1746.

⁶⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 8. Bréfabók 1742-1748, bls. 108-110.

⁶⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 8. Bréfabók 1742-1748, bls. 351-356, bls. 497-500.

⁶⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 8. Bréfabók 1742-1748, bls. 151.

Til
Cammer-Collegium

Hoy og Velbaarne
Hoyædle og Velbr:

I fölge det mig allernaadigst meddeelte *Instruxis* 16^{de} Post, haver jeg ved Lovsagneren i *Guldbringe*-Syssel *Gudne Sivertsen* med tiltagne 6 forstandige Mænd ladet hans May^{ts} Gaard *Bessestæd* besigte, dends Tilstand, Bröstoffældighed og nødvendig *Repatrations* Bekostning nöye taxere, af hvilken Forretning herved een Gienpart deres *Excel-lence* og samtl: höye Herrer *insinueres*, hvorover til nærmere Underretning underdanig meldis. Hvad det *Nye huus* angaaer, som mig til Bebyggelse allernaadigst er forundt, da er dets Bröstoffældighed over alt i Værelsene. Med dend giördte Besigtelses Forretning *accurat* noch beskreven. Mens hvad Taged anlanger, da er det saa slæt at ved ringeste Reign alle Gulvene staae fulle af Vand, og Stolene snart drive af Stædet. Ved maadelig Blæst knager hele Loftet som det vilde falde ind, og er der een sterk Treck igiennem de ovne Döre og Vinduer. Det er forunderligt at heele Taget oven paa Breder-Taget er bedekket med Græs-Torve thi ved Reign som trekker først i Græss-Törven, og siden af dem i Brædene, maae Taget endelig forraadne, blive lekk, og raadne *par consequent* heele Huuset. *Det gamle Amt-*

Útskýring: Þetta bréf til stjórnardeildanna er skrifað 6. ágúst 1745. Pingel amtmaður vísar í því í 16.gr. erindisbréfs síns sem kveður á um umsjón hans með kóngsgarði á Bessastöðum (samhljóða **15. gr.** í erindisbréfi Müllers). Amtmaður lýsir hér ástandi íbúðarhússins sem honum er ætlað að búa í og orðið er bágborið. Í framhaldi af þessari blaðsíðu, sem hér er sýnd, fylgja lýsingar á gamla amtshúsinu og öðrum byggingum staðarins, svo sem Fálka-húsi og kirkju.

5.6. Amtsbrefabækur Magnúsar Gíslasonar 1752-1766

5.6.1. **Innihald:** Ljóst er af bréfabókum Magnúsar, hinum setta íslenska amtmanni, að umsýsla embættisins eykst og bréfabókum amtmanns fjölgar hratt. Um 1755 hefur magn útsendra bréfa amtmanns nánast tvöfaldast frá því um 1720.⁷⁰ Áfram innihalda bækurnar einungis send bréf. Með Magnúsi verða nú skrif um störf Alþingis einnig umfangsmeiri á ný. Í bréfabókum hans birtist augsýnilega aukin framkvæmdadrift í landinu og einnig ítarlegar lýsingar á ástandi lands og lýðs, en á hans upphafsárum í embætti eru harðindi tíð með

⁷⁰ Sjá töflur 7 og 8 í: Gustafsson, Harald, *Mellan kung och allmoge*, bls. 69-70.

mannfelli og óáran. Innréttingarnar fá að nýta Bessastaði meðan amtmaður býr á Leirá og ber að viðhalda staðnum.⁷¹ Viðgerðir hefjast á Bessastaðakirkju,⁷² og að því loknu má finna ítarlega úttekt á útliti, viðgerð og kostnaði við gömlu timburkirkjuna.⁷³ Vísindaferð Bjarna Pálssonar og Eggerts Ólafssonar hefst,⁷⁴ svo eitthvað sé nefnt. Í fyrstu bréfabókum Magnúsar koma einnig fyrir skrif hans í Reykjavík, sem er nýlunda í bréfabókum amtmanna fram að því.⁷⁵ Einnig er nú greinilegt, fram á síðustu embættisár hans, að amtmaður skrifar iðulega bréf frá Viðey, sérstaklega eftir Alþingi.⁷⁶ Líkt og í tíð Fuhrmanns, lætur nú Katla á sér kræla 1755 og amtmaður gerir stjórnarskrifstofum grein fyrir áhrifum þess á jarðir hans hátignar.⁷⁷ Í lok árs 1756 er mjöli, gjafakorninu svokallaða, dreift til nauðstaddra bænda í nærliggjandi sýslum.⁷⁸

Í síðari bókum Magnúsar (frá 12. bréfabók) eru, ásamt hinum vanalegu skrifum amtmanns til embættismanna um málefni stór og smá, nokkuð regluleg skrif er varða byggingu embættisbústaðarins á Bessastöðum og Nesstofu á Seltjarnarnesi, um gang þeirra framkvæmda, og sömuleiðs um byggingu tugthússins, vistun fanga, vinnu þeirra og vísun afbrotamanna þangað.

5.6.2. **9. Bréfabók:** (16. júní 1752 – 30. maí 1754)

Þetta er fyrsta bréfabók Magnúsar Gíslasonar lögmanns, en hann var settur í embætti amtmanns í byrjun maímánaðar 1752. Milli bréfabóka 8 og 9 er því eyða í tæp 4 ár, (frá 1. september 1748 til 15. júní 1752) þar sem bréfabók hefur hugsanlega glatast. Bókin skiptist í tvo sjálfstæða hluta. Hún inniheldur einungis send bréf í fullri lengd.

Fyrri hluti bókarinnar (16. júní 1752 – 17. júlí 1753) er á bls. 1-244. Eftir hvort ár um sig; 1752 og einnig hálf t. árið 1753, fylgja efnisyfirlit amtmanns, og eru bæði yfirlitin flokkuð eftir bókstaf viðtakenda eða efnisorðum. Eru þau án innihaldslýsinga bréfa, en með bls.tali. Í lok þessa fyrri hluta er svo ófullgert registur án bls.tals, þar sem Magnús hefur byrjað á flokkun alls fyrri hlutans, en aðeins klárað bókstafina A-R. Registur þetta hefur ólíkt hinum, stutta innihaldslýsingu bréfa, þó uppsetning yfirlitsins sé ekki skýr.

⁷¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 9. Bréfabók 1752-1754, bls. 42-43 (Bréf til Skúla Magnússonar d. 31. júlí 1752).

⁷² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 9. Bréfabók 1752-1754, bls. 57 (Tilskipun til hreppstjóra Péturs Guðmundssonar d. 12. ágúst 1752).

⁷³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 11. Bréfabók 1756-1757, bls. 256-264 (Bréf stjórnarskrifstofa 26. sept. 1757).

⁷⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 9. Bréfabók 1752-1754, bls. 49 (Bréf til stiftatm. Rantzaus d. 5. ágúst 1752).

⁷⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 9. Bréfabók 1752-1754, bls. 52 og bls. 53, (Bréf d. 9. ágúst 1752).

⁷⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 9. Bréfabók 1752-1754, bls. 43 (Bréf d. 7. ágúst 1753); sjá einnig t.d. í 10. Bréfabók 1754-1756, bls. 113-128, (Nokkur bréf dagsett um mánaðamót júlí/ágúst 1755).

⁷⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 11. Bréfabók 1756-1757, bls. 63-65 (Bréf d. 4. ágúst 1756).

⁷⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 11. Bréfabók 1756-1757, bls. 254-264 (Bréf d. 5. - 27. des. 1756).

Síðari hlutinn (18. júlí 1753 – 30. maí 1754) á bls. 1-254, byrjar í miðjum önnum á Alþingi, þar sem fyrri hlutanum lauk. Efnisyfirlit yfir þennan síðari hluta er framan við hann og án bls.tals. Í yfirlitinu má finna innihaldslýsingar við tilskipanir, *ordre*, en að öðru leyti er það án efniságríps bréfa. Bókina alla, líkt og flestar bækur Magnúsar, einkenna ákaflega þétt skrif og jöfn rithönd. Viðtakandi er skrifaður inni á síðunum en ekki úti á spássíu. Skil bréfa eru af þeim sökum ekki alltaf skýr.

5.6.3. **10. Bréfabók:** (4. júní 1754 – 30. júní 1756)

Bók þessi skiptist einnig í tvo hluta, og inniheldur eingöngu send bréf í fullri lengd.

Fyrri hlutinn (4. júní – 31. desember 1754) er á bls. 1-186. Yfir hann er handskrifað efnisyfirlit fremst, flokkað eftir bókstaf viðtakanda eða efnisorði og er það án innihaldslýsingar bréfa og án bls.tals.

Síðari hlutinn (8. janúar 1755 – 30. júní 1756) á bls. 1-327. Framan við hann eru tvö registur án bls.tals. Það fyrri með stuttri innihaldslýsingu bréfa, en ekki það síðara. Síðara yfirlitið er skýrt og í því fæst fljótlegt yfirlit yfir send bréf til hvers og eins, því yfirlitið er eins konar samantekt þar sem öll blaðstíðutöl bréfa til viðkomandi viðtakanda eru skráð aftan við nafn hans. Bæði yfirlitin eru flokkuð eftir bókstaf viðtakenda eða eftir efnisorði.

5.6.4. **11. Bréfabók:** (1. júlí 1756 – 29. desember 1757)

Bókin skiptist sömuleiðis í tvo hluta líkt og sú fyrri, og inniheldur send bréf í fullri lengd.

Fyrri hlutinn (1. júlí 1756 – 30. maí 1757) á bls. 1-346. Í lok hans eru tvö registur (með eftiráletruðu bls.tali, bls. 347-371). Það fyrri, sem er ófullgert og inniheldur aðeins bókstafina A-I, hefur stutta innihaldslýsingu bréfa, sem það síðara hefur ekki. Síðara efnisyfirlitið er þó aðgengilegra og veitir betri yfirsýn. Bæði yfirlitin eru flokkuð eftir bókstaf viðtakenda eða efnisorði. Hér er Harboe skráður undir bókstafnum H, en ekki undir L eins og fyrr (sjá 5.4.4.).

Síðari hlutinn (2. júní - 29. desember 1757) er á bls. 1-344 og er efnisyfirlit yfir hann framan við hann, án innihaldslýsingar og án bls.tals. Við upphaf þessa síðari hluta hefur Magnús formlega verið skipaður amtmaður yfir Íslandi.

5.6.5. Dæmi úr 11. bréfabók:

(Þí. Skjalasafn amtmanns. I. 11. Bréfabók 1756-1757, bls. 111. Bréf d. 3. ágúst 1757.)

Bestát mital, til at radda mangr údgungnd manstero
lin. Þog ann þongnu þingur uoglu þoo manstero i
Mukle og Schaffesfelds Byþalar Crorerde: Þzi ich Byþal,
at þad iugnu iudspatung beloumas þa andrn Byþalar, unu
waan uogno und rþis rgru arling af þon og þau þorhu, og
Compagniets uillorþal af þorþagru. Þad illu ayru til þon,
iþt i rþu þingur, waan rþ af rgru uþgaant þa mngt þon
uillorþalan. Þykrþadent og ann iþt af þorþarþadent þing,
iugnu þar þu þafigant uad got þykrþin, nuþþioudt illu
þon nu þid þa þorþarhu; allr Compagniets þing uad,
þaant un uad þuþþag þa þykrþadent, ligndand þa
rþ þing þorþarþadent þagru, unu uþþarþadent allr
uad rþu þaant af þorþagru, þa iþt þar þar þat
uad þorþu þat þing aluun, rþ þorþarþadent þad waan þog,
nuþþand þorþarþadent, unu þun mngt þat; rþ þad
illu þat þal og þau þa þau u þau þaligt af þorþar
þorþarþadent u þau þal þykrþadent þing, unu þa
þorþarþadent uad þog. Þad þorþarþadent illu þal þar
mngt þon allr þorþarþadent iþt þorþarþadent þog; þzi
þad af þorþ og þur þillu þor þar þorþarþadent, u þur,
þarþadent þar uþþar þad, rþ þad þorþarþadent þad,
uþþarþadent, þor illu un nuþþar þon þar til þag uad
þun þaant þorþarþadent, þur illu þorþarþadent uad,
uþþar þar af þorþarþadent; þzi iþt þog, þon þat uad
þa þarþadent og alþing þat þon, þar mngt þar þon
þorþarþadent. Þad þal þorþarþadent þar þon þorþar
þar uad þorþarþadent þorþarþadent. Þur u þun
mngt þorþarþadent i þarþadent uad þorþarþadent; mngt þar
illu þa mngt þarþadent, unu allþarþadent þar þarþadent
mngt; rþ þurþarþadent þur u þarþadent og þorþarþadent, þon
þur þorþarþadent af uil þarþarþadent þorþarþadent. Þad u þun
mngt þorþarþadent, þar i þar af þurþarþadent þorþarþadent, unu
mngt af þur, u þur þur illu þorþarþadent af þurþarþadent

beskicket Middel, til at redde mange udhungrede Menniskers Liv. Dog ere forhen i Vinter nogle 100^{de} Mennisker i *Muhle-* og *Schaftefields*-Sysseler creverde: thi i de Sysseler kand ingen Udsetning bekommes fra andre Sysseler, men maae nöyes med deris egen Avling af Söe og Landjorden, og *Compagniets* Tilförsel af Födevahre kand ikke ansees til Fordehl i disse Tider, naar der af igien udgaaer saa meget som Tilförselen. Syderlandet og een Dehl af Vesterlands Fierdingen har Gud velsignet med got Fiskerie, endskiöndt ikke för end sidle paa Vertiden; Alle *Compagniets* Skibe uudgaaer nu ved Fuldfragt fra Syderlandet, ligeleedes fra de fleste Vesterlands Havner, men efterlade lidet eller intet efterstaaende af Födevahre, saa det seer heel slet ud for den fattige Almue, de Formuende kand være nogenleedes forsiunede, men hine meget slet; de kand ikke betale og Laan paa Laan er vanskeligt at bekomme. Græsvexten er over heele Syderlandet liden, men paa Norderlandet meget goed. Det behöves ikke heller meget Höe eller Foeder til det overblevne Qvæg; thi hvad af Kiör og Stude ikke för var ödelagt, er indeværende Aar næsten skeet; der fandtes mange Böndergaarde, hvor ikke een eeniste Köe var til bage ved *Junii* Maanets Begyndelse, hvilket Foederets Uuelighed var at tilskrive; thi det Qvæg, som gick ude paa Marken og aldrig fick Höe, var meget beder *conserveret*. Dette Malkeqvægs Tab giör den störste Skaar udi Indbyggernes Födevahre. Smör er nu meget dyrere i *Island* end Kiöbenhavn; Koemelk sees ikke paa mange Gaarde, men alleene liden Faaremelk; de flestes Spise er nu Vand og Törfisk, som jeg befrygter at vil paaföre Sygdomme; Vel ere mange Mennisker i Aar af Hunger döde, men Mengde af dem, ere just ikke döde af Hungeret

Útskýring: Hér er gripið niður í miðjukafla bréfs sem Magnús skrifar stjórnarskrifstofunum um harðindin sem hrjáð hafa landsmenn. Með því uppfyllir amtmaður skyldur sínar um skýrslugerð um landshagi (**5. gr.** í erindisbréfi Müllers). Bréfið er eitt af þeim fjölmörgu sem Magnús skrifar í Viðey í kjölfar Alþingis. Sá hluti bréfsins sem hér er sýndur kemur í kjölfar lýsinga á Grænlandsísnum veturinn á undan, en hann lá við fram í lok ágúst og bar með sér frost og kulda. Þar lýsir hann einnig bjargræði manna með veiðum í gegnum vakir á ísnum. Hér er komið inn á ástands lands og búpenings og inn á hungur landsmanna. Í kjölfar þessarar blaðsíðu nefnir Magnús einnig kornsendingu konungs og telur Magnús að hún hafi forðað

fleiri þúsundum manna frá dauða. En í næsta mánuði gefur Magnús skýrslu um mannfelli yfirstandandi árs í ákveðnum sýslum landsins, sem nam 1.108 manns.⁷⁹

5.6.6. **12. Bréfabók:** (4. janúar 1758 – 26. maí 1759)

Bók þessi er ólíkt þeim fyrri, ekki tvískipt. Hún inniheldur einungis send bréf í fullri lengd. Skýr skil eru þó áfram gerð á milli ára (bls. 407). Nú er efnisyfirlit fyrir bókina í heild sinni aftast, án bls.tals. Þau eru reyndar tvö. Það fyrra stutt og nær yfir bókstafina B, F, G, I, O, R, og T. Það síðara fullkomnara. Bæði hafa þau stutta innihaldslýsingu bréfa.

5.6.7. **13. Bréfabók:** (1. júní 1759 – 23. júní 1760)

Bókin er í einum hluta og inniheldur eingögnu send bréf í fullri lengd. Hún hefur efnisyfirlit aftast án bls.tals, með stuttri innihaldslýsingu bréfa. Í efnisyfirliti hennar fer amtmaður að flokka ýmis svarbréf sín undir bókstafnum G *giensvar* og heldur hann því áfram í næstu bókum á eftir. Bókin er verr farin en hinar fyrri, orðin lúin og blöð farin að losna úr bandinu hér og þar. Skil eru gerð milli ára (bls. 369).

5.6.8. **14. Bréfabók:** (26. júní 1760 – 30. júní 1761)

Þetta bindi er einnig í einum hluta og inniheldur eingöngu send bréf í fullri lengd. Bókin er með óvenju stórletruðu vel læsilegu efnisyfirliti aftast sem hefur innihaldslýsingu bréfa, en er án bls.tals. Framan af bókinni vantar tvö blöð og hefst hún því á blaðsíðu fimm. Einnig hafa fjögur blöð, (bls. 213-220), verið rifin úr henni. Hluti þess efnis sem þar vantar, virðist skv. efnisyfirliti m.a. varða aðstæður hins nýskipaða landlæknis Bjarna Pálssonar⁸⁰ og innkaup á útbúnaði hans, en fyrsta blaðsíða eftir eyðuna inniheldur niðurlag slíks kostnaðarlista yfir læknisáhöld.⁸¹ Skil eru gerð milli ára (bls. 321).

5.6.9. **15. Bréfabók:** (1. júlí 1761 – 31. ágúst 1762)

Þetta bindi er einnig í einum hluta og inniheldur send bréf í fullri lengd. Það er með þéttskrifað efnisyfirlit aftast með stuttri innihaldslýsingu bréfa, en án bls.tals. Í bókinni eru nú ekki gerð sérleg skil milli ára (bls. 306-307).

⁷⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 11. Bréfabók 1756-1757, bls. 231-232 (Bréf d. 28. sept. 1757).

⁸⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 14. Bréfabók 1760-1761, sjá efnisyfirlit bókar undir bókstaf C, við bls.tal 214.

⁸¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 14. Bréfabók 1760-1761, sjá efnisyfirlit bókar undir bókstaf S, við bls.tal 217.

5.6.10. **16. Bréfabók:** (31. ágúst 1762 – 28. september 1764)

Bókin er í einum hluta og inniheldur send bréf í fullri lengd. Hún hefur efnisyfirlit aftast með stuttu efniságrípi, án bls.tals. Ekki eru gerð sérleg skil í bókinni milli árána 1762 og 1763 (bls. 127) en skil eru gerð milli árána 1763 og 1764 (bls. 370). Magnús fer utan haustið 1763. Skrifar hann síðasta bréfið á Íslandi það haustið, 10. september.⁸² Stutt eyða er í bókinni frá þessu síðasta bréfi og til 5. nóvember. Frá þeim degi eru bréfin skrifuð í Kaupmannahöfn. Nokkrar blaðsíður í miðjum Kaupmannahafnarbréfabálkinum eru auðar og í honum eru gerð skýr skil árána 1763 og 1764. Bókina einkennir misjöfn rithönd, bæði rithönd Magnúsar og einnig smærri rithönd, hugsanlega rithönd Ólafs Stephensens. Meðan Magnús dvelur ytra færir Ólafur, fulltrúi hans, inn í næstu bréfabók (17. bréfabók) hér heima.

5.6.11. **17. Bréfabók:** (20. september 1763 – 15. október 1766)

Bók þessi skiptist í tvo hluta. Hún inniheldur send bréf í fullri lengd.

Fyrri hlutinn (20. september 1763 – 17. júlí 1764) á bls. 1-138, er bréfabók Ólafs Stephensens, sem hann færir hér heima í fjarveru Magnúsar og eru bréf hans undirrituð af honum sem fulltrúa amtmanns. Hún er rituð læsilegu letri og er ekki eins þéttskrifuð og þær fyrri. Skil eru gerð milli ára (bls. 55). Strax eftir fyrri hlutann er stórletrað efnisyfirlit með efniságrípi bréfa sem er án bls.tals. Þetta yfirlit Ólafs er skýrt og læsilegt, tilbreyting frá hinum annars þéttskrifuðu efnisyfirlitum. Alþingisbálkur bókarinnar þetta ár, 1764, er umfangsminni en venja er hjá Magnúsi.⁸³

Síðari hlutinn (4. september 1764 – 15. október 1766) á bls. 1-419, er bók Magnúsar heimkominns, og er efnisyfirlit þess hluta aftast í bókinni. Þetta er síðasta bréfabók Magnúsar. Ekki eru gerð sérstök skil á milli ára í þessum hluta (sjá bls. 44-49 og bls. 281) og er nú Alþingisbálkur 1765 ekki stór í sniðum.⁸⁴ Fyrsta bréf amtmanns í hinum nýja embættisbústað að Bessastöðum er skrifað 17. júní 1766.⁸⁵ Síðustu skrif Magnúsar á Alþingi 1766 eru einnig styttri en oft fyrrum, enda amtmaður þá orðinn veikur.⁸⁶

Í bókinni eru að venju hefðbundin skrif til embættismanna, þ.á m. bréf til Jóns Jónssonar sýslumanns Standasýslu varðandi stök Fjalla-Eyvindar og Höllu⁸⁷ og annað til

⁸² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 16. Bréfabók 1762-1764, bls. 349.

⁸³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 17. Bréfabók 1763-1766, bls. 172-138 (Bréf d. 9. - 17. júlí 1764).

⁸⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 17. Bréfabók 1763-1766, bls. 125-170 (Bréf d. 6. – 28. júlí 1765).

⁸⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 17. Bréfabók 1763-1766, bls. 322.

⁸⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 17. Bréfabók 1763-1766, bls. 332-352 (Bréf d. 1. – 26. júlí 1766). Sjá einnig í: Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*. bls. 313.

⁸⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 17. Bréfabók 1763-1766, bls. 28 (Bréf d. 27. sept. 1764).

sýslumanns Siverts Sivertsens til brýningar á að hindra lausagang dæmdra sakamanna,⁸⁸ svo eitthvað sé nefnt.

5.7. Amtsbrefabækur Ólafs Stephensens 1766-1769

5.7.1. **Innihald:** Auk hefðbundinna bréfaskrifa til embættismanna eru nú áberandi skrif tengd Innrétingunum í Reykjavík og einnig mál tengd hinu nýja fangahúsi á Arnarhóli. Almennt er kominn betri stjórnarsýslubragur á bækur Ólafs, þær eru læsilegri og aðgengilegri en margar bóka sumra fyrirrennara hans, og efnisyfirlitin þægilegri aflestrar.

5.7.2. **18. Bréfabók:** (10. nóvember 1766 – 15. júlí 1768)

Þetta er bréfabók Ólafs Stephensens, nú skipaðs amtmanns yfir Íslandi. Hún inniheldur eins og bækur Magnúsar eingögnu send bréf í fullri lengd. Bókin er í tveimur hlutum. Frá og með þessari bók númerar amtmaður öll innskrifuð bréf, sem fram að þessu hefur ekki tíðkast í bréfabókum amtmanns. Einnig er nú viðtakandi bréfs aftur tilgreindur á vinstri spássíu, líkt og tíðkaðist í fyrri bréfabókum hinna dönsku amtmanna, en ekki inni á síðunni líkt og Magnús gerði (sjá 5.6.2.). Ef bréf er stílað á fleiri en einn viðtakanda, finnast þeir hver um sig undir sínum bókstaf í efnisyfirliti. Í bréfum til stjórnardeildanna um landshagi númerar hann þau atriði sem hann kemur inn á svo auðvelt er að stikla á þeim samkvæmt því. Undirritar Ólafur nú öll bréf, svo skil bréfa eru aftur orðin skýr.

Fyrri hlutinn (10. nóvember 1766 – 20. ágúst 1767) er á bls. 1-322 og efnisyfirlit með efniságrípi þar fyrir aftan, án bls.tals. Gerð eru skil milli ára í fyrri hlutanum (bls. 35).

Síðari hlutinn (20. ágúst 1767 – 15. júlí 1768) er á bls. 1-409 og efnisyfirlit með efniságrípi þar fyrir aftan, án bls.tals. Skil milli ára eru einnig í þessum síðari hluta (bls. 207).

Í þessari bók er margskonar umsýsla. Svo dæmi sé tekið leitar amtmaður upplýsinga hjá kaupmanni um tilhögun verslunar á Eyrarbakka s.l. og yfirstandandi ár, til að geta gefið stiftamtmani skýrslu þar um.⁸⁹ Kallar hann eftir upplýsingum frá sýslumönnum um hve margir spítalalimir úr þeirra sýslum séu vistaðir á spítalanum í Gufunesi og hverra gjalda megi vænta af „spítalafiski“ úr þeirra umdæmi.⁹⁰ Amtmaður kvartar yfir heilsuspillandi raka í hinum nýju húsakynnum á Bessastöðum og telur amtmannshjónin sálugu og fleira starfsfólk hafa beðið heilsutjón af þess völdum.⁹¹ Einnig eru nokkuð fyrirferðarmikil skrif hans er

⁸⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 17. Bréfabók 1763-1766, bls. 34-35 (Bréf d. 3. des. 1764).

⁸⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 18. Bréfabók 1766-1768, bls. 139-140 (Bréf d. 13. apríl 1767).


⁹⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 18. Bréfabók 1766-1768, bls. 16-17 (Bréf d. 1. des. 1766).

⁹¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 18. Bréfabók 1766-1768, bls. 299-301 (Bréf d. 17. ágúst 1767).

tengjast tughúsinu á Arnarhóli, „Múrnum“, enda bygging þess húss í fullum gangi. Fyrir fanga sem vinna að byggingunni gefur amtmaður út svokallaðan *friheds-pass*, sem veitir viðkomandi fanga frelsi að lokinni vinnuafpláun.⁹² Hér er einnig áberandi hve margir handverkssveinar fá nú vegabréf til utanferðar til að fara í læri, sem án efa er afleiðing hinna miklu byggingaframkvæmda í landinu.⁹³ Einnig ber nokkuð á erindum er varða ullarverksmiðjuna í Reykjavík og starfsfólk hennar.

5.7.3. Dæmi úr 18. bréfabók:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 18. Bréfabók 1766-1768, bls. 5. Bréf d. 26. nóv. 1766.)



⁹² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 18. Bréfabók 1766-1768, bls.79-80 (Bréf d. 26. ágúst 1767).

⁹³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 18. Bréfabók 1766-1768, sjá í efnisyfirliti fyrri hluta bókar undir bókstafnum R: (Hér reynast yfir 20 þessara útgefnu vegabréfa í júlí og ágúst 1767 vera til handverksdregja).

31^{te} Octobr. næstafvigte indklaget: at hun samme Dag, uden nogen given Anledning eller Aarsag, uanseet Raadsmand *Terkel Tordsens* hende meddeelt goede *Attest* som herved *in Copia* med følger, er af dennem bortvist af Handels *Compagniets* Tieniste udi *Rechevig*, uden at have nydt saa høye Løn, som sedvanlig udbetahles til lige Spindersker med hende sammestæds, eller noget Forskud af Penger eller Fodevahre til hendes Underholdning indeværende Vinter, hvor udover hun befrygter enten at nödes til at gaae for hver Mands Dör og betle, eller og af Sult reent at crepere; Da som saadan Udvisning om den høye og besværlige Vinterstid, uden *Assistance* af Levnets Midler, strider tvært imod Loven, og de til Landet udgivne Anordninger, finder jeg mig lovaarsaget, de goede Herrer her ved at anmoede, at de vil see dette fattige Menniske *soulageret*, paa det at saa ringe, men der hos en *pur Sag* ei skal komme for Lands Lov og Ret; Da jeg og vil formoede at de fremdeles forebygger fleere saadanne Sagers Tildragelse, hvorved andre maatte gives Anledning, deres Tyende paa den ubeyligste Aarets Tid at udvise. Her paa forvæntende deres behage-

Útskýring: Hér er gripið niður í meginhluta bréfs sem amtmaður skrifar forsvarsmönnum Innréttinganna, vegna konu sem rekin var úr spunaverksmiðjunum og stóð allslaus á götunni að vetri til, en hún hefur augljóslega klagað bága stöðu sína til yfirvalda. Bókhaldari Innréttinganna, Jakob Holm, hefur tekið þessi skrif amtmanns óstinnt upp eins og sjá má af næsta svarbréfi amtmanns til hans.⁹⁴ Málinu lýkur með úrskurði amtmanns um að konan, Ragnheiður (Ragneiður) Jónsdóttir, vegna uppsteitis við yfirmenn sína, skuli sér til opinberrar auðmýkingar dúsa nokkrar klst. í gapastokki. Sýni hún yfirmönnum sínum ekki merki yfirbótar, skal hún vistast í tugthúsi staðarins.⁹⁵ Með þessu bréfi er amtmaður að rækja þær skyldur sínar að sjá til þess að tilskipanir og lög konungs séu virt, (skv. **2. gr.** í erindisbréfi Müllers). Í þessu tilviki þá skyldu sína, að fólki sé ekki vísað út á guð og gaddinn og stefnulaust flakk, heldur hafi vísa vistfesti og húsaskjól.

⁹⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 18. Bréfabók 1766-1768, bls. 11 (Bréf d. 29. nóv. 1766).

⁹⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 18. Bréfabók 1766-1768, bls. 18-19 (Bréf d. 4. des. 1766).

5.7.4. **19. Bréfabók:** (15. júlí 1768 – 19. maí 1769)

Þetta er síðasta embættisbók Ólafs sem amtmanns yfir Íslandi. Bókin er í einum hluta og nokkuð þynnri en bækurnar á undan. Skýr skil eru gerð milli ára (bls. 307). Efnisyfirlit fyrir alla bókinna er aftast í henni og er það með efniságripi en án bls.tals.

Að innihaldi er hún keimlók þeim fyrri. Svo eitthvað sé tiltekið þá minnst Ólafur, í sinni árlegu skýrslu til stjórnardeildanna um landshagi, á sviþlega drukknun Eggerts Ólafssonar 1768, þar sem 22 manneskjur létu lífið.⁹⁶ Einnig hér fá nú allnokkrir handverkssveinar vegabréf til utanfarar,⁹⁷ (sjá 5.7.2.).

Engin bréfabók er til frá síðasta tímasteiði amtmanns yfir landinu öllu, fram til 15. maí 1770, þegar Ólafur er skipaður amtmaður í norður- og austuramti. Amtmannsbref frá þessu tímabili eru þó varðveitt í öðrum söfnum svo sem í sýslusöfnum og í safni rentukammers.⁹⁸

6. Bréfasafn

Bréfasafn amtmanns yfir Íslandi inniheldur 192 öskjur með innkomnum bréfum til amtmanns, ásamt ýmsum skjölum og eftirritum hans sjálfs. Bréfin eru flokkuð eftir sendendum. Hér er einungis stiklað á nokkrum undirflokkum bréfa og fjallað um innihald örfárra askja innan þeirra. Leitast er við að grípa niður í öskjur frá þeim sendendum sem voru í hvað mestum samskiptum við amtmann. Að auki er gripið örlítið niður í öskjur sem innihalda bréf um stök málefni.

6.1. Notkunarmöguleikar - heimildagildi

Bréfasafnið, líkt og bréfabækurnar, geta veitt almenna innsýn inn í tíðaranda, samskipti manna og lifnaðarhætti fólks. Það getur gefið, með stuðningi af öðrum heimildum, dýpri sýn á ákveðin málefni, en misjafnt er hversu ítarleg gögn um hin ýmsu mál hafa varðveist í bréfasafninu. Oft eru þau æði brotakennd. Ef marka má þær öskjur sem voru athugaðar, eru skjöl frá upphafi tímabilsins og fram eftir fyrstu tveimur áratugum 18. aldar fremur sundurleit tilviljanakennd skjöl af ýmsu tagi, og oftast eftirrit. Gefa þau örlitla brotakennda innsýn inn í veruleika þess tíma, en þegar fram í sækir og fer að nálgast miðja öldina, verður magn skjala meira og mynd þess tíma er þau endurspegla, heildstæðari.

⁹⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 19. Bréfabók 1768-1769, bls. 49-51.

⁹⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 19. Bréfabók 1768-1769, sjá efnisyfirlit bókar undir bókstafnum R.

⁹⁸ ÞÍ. Þjóðskjalasafn Íslands, EF/1, örk 6. (Úr vinnugögnum Gunnars Sveinssonar skjalavarðar. Þar er reyndar ekki getið um hvaða söfn það eru).

Eins og komið hefur fram er 7. bréfabók sú síðasta sem inniheldur eitthvert magn endurrita innkominna erinda (sjá 5.4.4.), þó eitt slíkt erindi sé að finna í 8. bréfabók Lafrentz og einstaka dæmi séu um slíkt í bréfabókum Magnúsar. Þegar 7. bréfabók sleppir, frá 1742, verður því að reiða sig á bréfasafnið sjálft til að fá sýn inn í aðsend erindi til amtmanns.

Í bréfum frá stjórnýslu konungs ytra má finna hina ríku áherslu á að lögum konungs sé framfylgt og að tekjur af Íslandi, eins miklar og kostur sé, skili sér í ríkiskassann. Þetta birtist t.d. í þeim öskjum sem hér er litið í og innihalda uppgjör vegna fjármálaóreiðu Pauls Beyers, landfógeta, að honum látnum. Einnig kemur ókunnungleiki embættismanna ytra á hjálendunni bersýnilega í ljós. Þeir hafa takmarkaða yfirsýn og ef óreiða er við lýði hér heima getur verið vandasamt að greiða úr. Stjórnýslu konungs virðist einnig mikið í mun að undirsátar séu sáttir við stjórnarfarið, viljinn til að gera vel kemur fram, svo og þörfin fyrir stöðugt og gott upplýsingastreymi.

Nokkur annar bragur birtist í samskiptum amtmanns og íslenskra embættismanna þegar fram líður og amtmaður er orðinn samlandi þeirra. Samskiptin komast á frekari jafnréttisgrundvöll og menn eru meira samstíga í því sem þeir telja landi og lýð fyrir bestu. Biskup ráðfærir sig t.d. í stórum jafnt sem í smáum hversdagsmálum við amtmann. Sömuleiðis má sjá slík samskipti á grundvelli kunningsskapar og vináttu í samskiptum sumra sýslumanna við amtmann. Einnig fæst innsýn í samskipti Magnúsar amtmanns við danska embættismenn, sem virðast margir vera ágætir kunningjar hans og samskipti öll eru á vinsamlegum og hlýlegum nótum.

Í bréfum frá biskupi og prestum fæst innsýn inn í umbúnað kirkna, þó það veiti aðeins brotakennda mynd og einskorðist við þær kirkjur sem bréf hafa varðveist um, og væri því skjalasafn klerkdóms án efa betri lind að leita í. Þó fæst greinilega örlítið innlit inn í ástand í sveitum, aðstæður presta, sérstaklega þegar eitthvað bjátar á á jörðum þeirra, og einnig fæst sýn á viðhorf biskups til aðstæðna almennings, sem hann verður áskynja í vísitasíum.

Gott innlit fæst í lífskjör fólks um miðja 18. öld sem óneitanlega einkennast af harðindum, skorti og allsleysi, baráttu upp á líf og dauða - ekki bara hjá almúga heldur einnig hjá t.d. fyrrum embættismönnum. Augljóst er hve allur almenningur er ofurseldur tíðarfari og einnig sést vel sú almenna og ríka áhersla innlendra embættismanna að setja skorður við lausagangi fólks og viðleitni manna til að losna undan þungbærri framfærslu bjargarlausra úr sínum sveitum, en slík erindi eru gegnumgangandi í sýsluskjölum á þessu harðindaskeiði. Einnig má sjá að sýslumenn bera hag landsmanna fyrir brjósti gagnvart erlendum kaupmönnum, beita sér og kvarta við amtmann þegar þörf krefur.

6.2. Amtmannsbréf 1693 – 1768

Í þessum fyrsta skjalaflokki bréfasafnsins sem inniheldur einungis eina öskju eru fyrirferðarmest afrit af umsóknum eða bænaskrá, *supplique*, til konungs á harðindaárunum um miðbik 18. aldar, frá 1752-1764. Framan við bænaskrárnar eru hins vegar hin ýmsu eftirrit. Þar má finna nokkrar uppskriftir amtmanna á eldri lagagreinum. Fyrst í röðinni er uppskrift Christians Müllers á samþykkt Páls Stígssonar hirðstjóra og presta á prestastefnu 1563, sem fjallar um gjöld prestakalla til fátækra uppgjafapresta. Einnig er þar uppskrift Fuhrmanns á lagagrein um heytoll frá árinu 1510.

Auk nokkurra afrita veitingabréfa um prestaköll frá fyrstu áratugum 18. aldar í tíð Müllers og Fuhrmanns, má hér finna hin sundurlausustu skjöl um eitt og annað frá dögum Lafrentz og Pingels; skipanir til sýslumanna og lögmanna, minnisblöð, umburðarbréf til embættismanna og fólks á kaupsvæðum Hólms og Hafnarfjarðar um ullarvöru, auk annarra eftirrita um hin aðskiljanlegustu efni.

Af umsóknunum til konungs ber mest á bréfum úr Vestur-Skaftafellssýslu, enda sú sýsla hart leikin af Kötlugosi 1755. Þó eru erindi víðar að. Mest áberandi eru óskir embættismanna jafnt sem almúga um eftirgjöf afgangja því jarðir hafa eyðilagst og búpeningur drepist. Einnig beiðnir frá embættismönnum og klerkum um lífeyri, *pension*, vegna heilsuleysis eða bágs ástands. Beiðnir frá sakamönnum sem leita ásjár og fara fram á náðun er þar einnig að finna. Sýslumenn, allir sem einn, óska eftir að fá að taka á grófum þjófum og hengja þá í stað þess að þurfa að kosta hýsingu þeirra og uppihald.⁹⁹ Ári síðar óska sýslumenn Árnes-, Rangárvalla-, Skaftafells- og Húnavatnssýslna aftur eftir úrbótum vegna kostnaðar við fanga og ósk um úrbætur.¹⁰⁰

Sýnilegt er að þegar mestu harðindunum slotar í lok 6. áratugarins, verða beiðnir til konungs af margbreyttari toga og hversdagsleikinn, með fjölbreyttari erindum, hefur tekið við af sárri neyð harðindaáranna. Biskuparnir Finnur Jónsson og Gísli Magnússon bera sig illa og vilja fá undanþágu frá tugthússkatti á prestastéttina, sem sé fátæk og verr haldin en aðrir æðri embættismenn landsins.¹⁰¹ Önnur slík beiðni berst frá biskupunum 5 árum síðar.¹⁰² Síðasta knippi umsókna í kassanum frá árinu 1764 er númerað og ber vott um breytt fyrirkomulag og

⁹⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II.1. Amtmannsbréf 1693-1768. Afrit af bréfum (umsóknum) til konungs, sendum amtmanni 1757-1764 (Bréf ritað á alþingi d. 18. júlí 1757).

¹⁰⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II.1. Amtmannsbréf 1693-1768. Afrit af bréfum (umsóknum) til konungs, sendum amtmanni 1757-1764 (Bréf ritað í Viðey d. 5. ágúst 1758).


¹⁰¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II.1. Amtmannsbréf 1693-1768. Afrit af bréfum (umsóknum) til konungs, sendum amtmanni 1757-1764 (Bréf ritað á Þingvöllum d. 4. júlí 1759).

¹⁰² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II.1. Amtmannsbréf 1693-1768. Afrit af bréfum (umsóknum) til konungs, sendum amtmanni 1757-1764 (Bréf ritað á Þingvöllum d. 24. ágúst 1764).

betra skikk Ólafs Stephensens á skjalavörslunni, og er einnig í samræmi við númerun bréfa í bréfabókum hans, eins og áður var nefnt (sjá 5.7.2.).

6.2.1. Dæmi úr amtmannsbréfum:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II.1. Amtmannsbréf 1693-1768. 28. Umburðarbréf 7. mars 1746.)



bringe de *Producta*, som andre formaaer, mens efter som Gu[0] desse uanseet, uden vores skröbelige Menniskers ringeste Fortieniste velsigner dette Land med saa meget at dets Indvaanere ikke allene for sig selv kunde have nock, mend end og der med forsiune andre, om de viste og vilde ret bruge de goede Guds Gaver; i saa burde de ogsaa efter Pligt uden Murren med Tacknemmeligheid *embrassere* de Midler som til Guds Öyemærke hensigter, og qvittre deris forskrækkelige

Dovenskab, Orleoglöshed og andre onde Handlinger, for at *evitere* Guds Vrede, og de der paa følgende *Consequencer*, som enten bringe til Tiggerstaven, eller til Stiaelen og dessværre! Nu har vi alt Frugterne af Træet, hvilket om det i Tid var bleven beskaaret, vel var kommet til anen *Perfection*; Mens da det endnu kand være Tid at bortskiære de onde Grene, saa er der ogsaa Forhaabning, at om, dog ikke ganske, dog nogen Forbedring er at vente; hvilket at om det med Guds Naades Tilbedelse begyndes, og saa med Guds Hielp kand ufeilbarlig fuldføres. For *Exempel*, *mentionerer* jeg her *Russland*, hvilket paa disse Tider ikke giver de *allerpoleiteste* og *civilicerte* Land og *Nationer* nogen efter, som dog for et halvt *Seculum* var ganske *impoli* og ukyndig i alt hvad som tiende til dets beste, mens der imod *excellerte* i alle optenkelige Laste *Coæritur*, hvorleedes er det tilgaaen, da dog dette Land uden bare Græsgang og lidet Qvæg ingen andre *Producta* havde at fremvise. *Respondeo!* Til Landets Lycke begavede Gud dem med et stort *Genie Petrus Zaar*, som ved

Útskýring: Þessu sjö blaðsíðna umburðarbréfi Pingels amtmanns var ætlað að ganga á milli sýslumanna og lögmanna; frá Kjósarsýslu og réttisælis um landið. Fram að þeirri síðu sem hér er sýnd (önnur blaðsíða), tilkynnir amtmaður embættismönnum sínum að hann vilji leggja sig allan fram um að verða landi og lýð að gagni svo hífa megi landið úr þeirri eynd sem það sé í. Óskar hann eftir samvinnu lögmanna og sýslumanna við það verk. Tekur hann fram að þó landið sé á mörkum hins byggilega heims; norður undir heimskautsbaugi, og hafi síður möguleika á framleiðslu á við önnur lönd, telur hann möguleika þess vannýtta. Fjallar hann í framhaldi þessarar síðu ítarlegar en hér er sýnt, um fordæmi Péturs mikla, Rússakeisara, við að ná fram fullkomnum framförum. Ber þetta bréf amtmanns glöggt vitni þess hve umhugað honum virðist hafa verið í upphafi embættistíðar sinnar að stuðla að framförum lands og lýðs, eins og nefnt var í umfjöllun um amtmann þennan (sjá um Pingel í 2.2.4.). Með þessu bréfi er Pingel að sinna sínu hlutverki að huga að því sem landinu geti orðið að gagni og til framfara (skv. **1. gr.** og **16. gr.** í erindisbréfi Müllers). Bréf þetta er ekki að finna í dagbók Pingels, því eyða er í henni frá lok janúar og fram í byrjun ágúst 1746 (sjá 5.5.2.).

6.3. Konungsbréf til amtmanns 1688 – 1767

Þessi skjalaflokkur inniheldur tvær öskjur konungsbréfa, ýmist frumrit eða afrit. Bréfin eru öll á fastmótuðu formi. Eftir klassískan inngang um titil viðkomandi konungs hefjast þau á stöðluðum inngangsorðum svo sem t.d.: „Vor Naade til forn“, og neðst á innri síðu bréfsins er

oftast að finna stuttan útdrátt innihalds þess. Að auki fæst fljótlegt yfirlit yfir innihald bréfa á forsíðu hverrar arkar, því þar er það skráð í helstu atriðum. Í konungsbréfum þessum þúar konungur undirsáta sinn, amtmanninn, ólíkt öðrum bréfum milli embættismanna.

Í fyrri öskjuni sem nær fram til 1720 eru konungsbréf Kristjáns V og Friðriks IV til amtmanns og annarra embættismanna. Þar má m.a. finna tilskipunarbréf um lagasmíð; bæði fyrir klerkdóm og veraldlega íslenska löggjöf, allt skv. hinum norsku lögum.¹⁰³ Einnig ýmis náðunarbréf dæmdra sakamanna, óskir konungs um að nýta lausagangsmenn í landher og flota,¹⁰⁴ tilskipun um íslenskan taxa kauphöndlunar og prentaðan verðtaxta,¹⁰⁵ óskir um að Müller amtmaður og Árni Magnússon vinni samantekt á skuldum Íslendinga við kaupmenn,¹⁰⁶ svo og fyrirspurn konungs um prestakallið Breiðabólstað, sem konungur fékk umsókn um en hafði þá þegar veitt öðrum og fýsti því vita hvort um tvö slík prestaköll gæti verið að ræða.¹⁰⁷

Í síðari öskjunni, frá 1722-1767, eru bréf konunganna Friðriks IV, Kristjáns VI, Friðriks V og Kristjáns VII. Framan af eru mest áberandi bréf er varða málaferli og náðun sakamanna, en þegar á líður verða áberandi erindi er snerta för Ludvigs Harboe, sendiboða danska kirkjustjórnarráðsins, til landsins, og bréf um góða fyrirgreiðslu við hann auk ýmissa tilskipana um að koma betra skikki á. Má þar sem dæmi nefna að veiting prestakalla dragist ekki úr hömlu; að konungi sé sendur listi með nöfnum dimmitteraðra stúdenta svo skipa megi í laus köll.¹⁰⁸ Einnig að aukin siðavendni um húsaga og hjónabandsmál nái eyrum Íslendinga og að prestar haldi sig frá óreglu þegar skip eru við land,¹⁰⁹ og að ekki verði misbrestur á að þeir lesi réttar bænir við altarisgöngu, en fyrir slíka yfirsjón var Páll Högnason fluttur til í kalli.¹¹⁰ Í lokin er svo að finna konungsbréf um skilnað stólshalds og biskupsembættis á Hólum og í Skálholti.¹¹¹ Í þessari öskju er einnig að finna bréf til konungs frá amtmanni og

¹⁰³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2A. Konungsbréf til amtmanns 1688-1720. Konungsbréf 1688-1689 (Bréf til biskupa og lögmanna d. 14. apríl 1688).

¹⁰⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2A. Konungsbréf til amtmanns 1688-1720. Konungsbréf 1695 og 1696 (Bréf d. 28. mars 1696).

¹⁰⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2A. Konungsbréf til amtmanns 1688-1720. Konungsbréf 1702 (Bréf d. 9. maí 1702).

¹⁰⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2A. Konungsbréf til amtmanns 1688-1720. Konungsbréf 1706 (Bréf d. 14. maí 1706).

¹⁰⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2A. Konungsbréf til amtmanns 1688-1720. Konungsbréf 1708 (Bréf d. 13. janúar 1708).

¹⁰⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2B. Konungsbréf til amtmanns 1722-1767. Konungsbréf (Bréf d. 10. maí 1737).

¹⁰⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2B. Konungsbréf til amtmanns 1722-1767. Konungsbréf 1741-1748 (Tvö bréf d. 3. júní 1746).


¹¹⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2B. Konungsbréf til amtmanns 1722-1767. Konungsbréf 1751-1767 (Bréf d. 25. febr. 1752).

¹¹¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2B. Konungsbréf til amtmanns 1722-1767. Konungsbréf 1751-1767 (Tvö bréf d. 29. maí 1767).

konu einni, Katrínu Tómasdóttur, sem ráðist hafði verið á með svívirðilegum hætti,¹¹² en fyrsta erindi konunnar þar um berst amtmanni árið 1734 og hafði hann þá hafnað því á þeim lagagrundi að það hefði verið kært of seint.¹¹³

6.3.1. Dæmi úr konungsbréfum:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2B. Konungsbréf til amtmanns 1722-1767. Konungsbréf til amtmanns 1741-1748. Bréf d. 8. júní 1741.)



¹¹² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 2B. Konungsbréf til amtmanns 1722-1767. Bréf til konungs (Tvö bréf d. 23. maí og 4. júní 1735).

¹¹³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 6. Bréfabók 1732-1737, bls. 205-207 (Bréf d. 12. nóv. 1734).

*Christian den siette, af Guds
Naade, Konge til Danmark og Norge*

*de Venders og Gothers, Hertug udi Sles-
viig, Holsteen, Stormarn og Dytmersken,
Greve udi Odenborg og Delmenhorst.*

*Vor Bevaagenhed tilforn! Fra vores Rente-
Cammer er os allerunderdanigst bleven refe-
reret, hvorleedes Sysselmanden Schule Magnus-
sen, over Schagefiords-Syssel paa vort Land Is-
land, til dennem haver indberettet, ei alleene
at en hollandsk Hukkert eller saa kaldet Luren-
dreger, udi July Maaned nestafvigte Aar ved
et Skiær, kaldet Tange, norden og nedent for
Mallands-Bay udi bemelte Syssel, skal være stran-
det, men endog at samme Hukkert, tillige
med de deraf biergede Vahre, som skal have
bestaaet af endel Ulden- og Linnet- Gods samt
Torsk og Tran med videre, er efter den 7^{de}
Post af dend det islandske Compagnie aller-
naadigste meddeelte Octroye, bleven dömt con-
fiscable, formedelst Hukkertens Skipper og öfrige
Folck, selv samme Dag som Skibet anstötte, skal have
handlet med Indbyggerne, hvorefter hand og
melder at de biergede Vahre til Compagniets
Kiöbmand der paa Stædet er belven overleveret
hvilket Compagniets Directeurer udi deris*

Útskýring: Hér er konungur að ganga eftir því að engum líðist að stunda óleyfilega verslun við landsmenn (skv. 11. gr. leyfisbréfs Müllers). Einnig að enginn ásælist hagsmuni krúnunnar hér við land (skv. 1. gr. leyfisbréfs Müllers) og fari á svig við lög um strandgóss. Á næstu blaðsíðum bréfsins kemur fram að megnið af varningi skipsins hafi þegar verið flutt til Danmerkur. Ítrekað er við amtmann, að skipsflakið og það sem eftir hefur orðið af vörum eigi að bjóða hæstbjóðendum og að enginn - ekki heldur verslunarhandhafar, njóti góðs af varningnum. Biður konungur um ítarlegar skýringar og greinargerð um virði vörunnar með næsta skipi. Svarbréf amtmanns við þessu bréfi konungs er að finna í 7. bréfabók á bls. 553 og er tekið hér að framan sem dæmi úr þeirri bréfabók (sjá 5.4.5.).

6.4. Rentukammerbréf til amtmanns 1688 – 1722¹¹⁴

Skjöl frá rentukammeri til amtmanns fylla samtals 26 öskjur. Hér er einungis gripið niður í fyrstu tvær öskjurnar; 1688-1705 sem innihalda bréf til Christians Müllers, og næstu öskju frá

¹¹⁴ Ártöl í fyrrsögnum héðan í frá, vísa til þeirra askja sem skoðaðar eru.

1706-1722 sem að auki hefur skjöl frá fyrstu embættisárum Niels Fuhrmanns. Báðar þessar öskjur innihalda dæmigerð skjöl er varða nýja amtmenn í embætti svo sem ýmsar úttektir á húsnæði konungsgarðs, fyrirkomulag innheimtu konungstekna, launamál þeirra sjálfra og bréf er varða öflun ýmissa gagna varðandi embættisreksturinn.

Í fyrstu öskjunni eru mest áberandi skjöl varðandi leigu og umboð jarða og tekjur konungs af landinu, leitað er álits amtmanns á ýmsum erindum manna til rentukammers. Þar eru einnig nokkur svarbréf vegna umsókna Müllers um að mega fara utan, svo og mál er varða fálkaveiðar og kostnað við að ala þá hér á landi og á kaupskipunum á útleið.¹¹⁵ Í öskjunni er eitt knippi eftirrita rentukammers af umsóknum sem Müller hefur sent utan 1695 og 1696 og er það eitt af fáum erindum af slíkum toga frá hans embættistíð í þeim gögnum sem hér voru skoðuð. Eftirrit þessara umsókna eru á hinu klassíska formi dönsku stjórnarskrifstofanna sem svo birtist í bréfabókum eftirmanna Müllers, þar sem erindunum manna eru gerð skil hægra megin á síðunni og úrlausn amtmanns, *resolution*, er færð inn í stuttu máli vinstra megin.¹¹⁶ (Sjá ljósmynd dæmis í 5.3.6.).

Í síðari öskjunni eru síðustu bréf tengd embættisfærslu Müllers hér á landi, en mest þó frá fyrstu árum Fuhrmanns; um launakjör hans og samkomulag hans við Müller þar um, afhendingu skjala frá fyrirrennara (sjá 5.3.2.), öflun gagna frá tíð Pauls Beyers heitins, landfógeta, og aðstoð við landfógeta við eitt og annað. Ekki er laust við að tilmæli rentukammers til hins nýja amtmanns beri nokkurn keim af umvöndunartóni sem ekki er að finna í bréfum til Müllers; rentukammer sér sér ekki fært að leggja umsókn Fuhrmanns fyrir konung þess efnis að hann losni undan greiðslu stríðsskatts af launum sínum,¹¹⁷ hann skal fá uppástungur frá landfógeta, Christopher Wulf, er skipa skal sýslumenn eða umboðshaldara,¹¹⁸ sem í sjálfu sér er e.t.v. ekki óeðlilegt þar sem hann er nýr í starfi. Fuhrmann er einnig minntur á skyldur sínar um að senda árlega skýrslu um landshagi, sem fram að því höfðu ekki borist frá honum.¹¹⁹ Amtmaður tekur sig á í þessum efnunum strax um haustið og sendir sína fyrstu greinargerð um ástand landsins, sem er stutt og kemur helst inn á fiskiríði sem hefur verið lakara en undangengin ár að undanskildum Vestmannaeyjum og á Eyrabakkasvæði.¹²⁰

¹¹⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 3. Rentukammerbréf til amtmanns 1688-1705. Rentukammerbréf 1688-1695.

¹¹⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 3. Rentukammerbréf til amtmanns 1688-1705. Rentukammerbréf 1696-1700.

¹¹⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 4. Rentukammerbréf til amtmanns 1706-1722. Rentukammerbréf 1711-1720 (Bréf d. 18. júní 1718).

¹¹⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 4. Rentukammerbréf til amtmanns 1706-1722. Rentukammerbréf 1711-1720 (Bréf d. 18. maí 1720).

¹¹⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 4. Rentukammerbréf til amtmanns 1706-1722. Rentukammerbréf 1721-1722 (Bréf d. 23. maí 1722).

¹²⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 3. Bréfabók 1721-1724, bls. 218-220 (Bréf d. 19. júlí 1722).

Næsta bréf amtmanns, þar sem hann fjallar um landshagi, er einnig stutt; um fiskirí og grassprettu.¹²¹

6.4.1. Dæmi úr rentukammerbréfum:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II.3. Rentukammerbréf til amtmanns 1688-1705. Rentukammerbréf 1701-1705. Bréf d. 18. maí 1703.)

og Wiisde Ceyten nu konfaldum nu, þa þau
þau kongl. Maj: allmæddigt Befal at de
til for det første hæder konowens nu fundne
deor. Jovans Afvignationen tie Jovndegge for
pagtens Jovns fundne, og er det þau kongl.
Maj: allmæddigt viisde og Befaling at
fr. Amtmannens anfærdvort prognis tie
skodanur evogros þau þau nuogte evor,
forstige og fornuftige at ordineren Immunitet
tie er nuogte konowens Reparationer þau
konfaldum nu, þa det kongeriget nu,
til evorvort anfærdt bevir giort, æt
gandte tie nuogte i

5. þau kongl. Maj: þau og vort nuogte gud.
byggmis allmæddigt Supplication dat. 20^{de}
Juli, 1702 allmæddigt Revolvered at de fr. i
Kobenhavn nu ordineren nu Ruedungtign,
þau þa evor vort þau Observere og
Sollistere evor. Erst, þau fr. Amtmannens
þa forst Alting tie æt vort vort
vi, forvort nuogte publicere lade i vort
forbeir

Lede og Kred. fr. Commere deor
og Amtmannens
Einnvillige

18. Maj, 1703.

fr. Amtmannens Christian Møller
vort 1703.

Sworn
Stets:
Worm
Worm

¹²¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 3. Bréfabók 1721-1724, bls. 581-582 (Bréf d. 20. sept. 1723).

og Vidöe Closter ere forfalden udi, saa haver hans kongl: May^{ts} allernaadigst befaled at der-til for det förste skulle forordnes et Hundrede Rdr: hvorom *Assignmenten* til Jordebogs Forpagterne hermed sendes, og er det hans kong. May^{ts} allernaadigste Villie og Befaling at Hr: Amtmand anfortroer Pengene till saadanne Værgere som hand eragter vederheftige og fornuftige at ordinere dennem til de meest fornödene *Reparationer* som for haanden er, paa det Bögningerne indtil videre Anstalt bliver giort, ikke gandske skal needfalde.

5. Hans kongl. May^{ts}: haver og efter endeel Indbyggernis allerunderdanigste *Supplication* dat: 20^{de} *Juli*; 1702 allernaadigst *resolved* at de her i Kiöbenhafn maa ordinere en Fuldmegtige, som paa deres vegne kand *observere* og *sollicitere* deres Beste, som Hr: Amtmand paa förste Alting til alles Efterretning [0] besverged ville publicere lade. Vi forbliver

*Edle og Velbyrdige Hr. Commerce Raad
og Amtmands
Tienestvillige*

EUDose HRosenkrantz

J: Worm NLeht MJThomsen

Rentecammeret
den. 18. May, 1703

Hr. Amtmand Christian Möller
paa Island

Reguel Rasmussen

Útskýring: Í þessu bréfi er rentukammerið að svara tveimur bréfum amtmanns frá 4. og 23. ágúst 1702 og eru atriðin númeruð. Í bréfinu er fjallað um ráðstafanir varðandi klausturhaldara og landseta konungs á Íslandi, um leigukúgildi eyðibýla og um fyrirhugaða utanför amtmanns. Í þeim búi sem hér er sýndur, 4. og 5. lið bréfsins, er fjallað um það hve byggingar Bessastaðakirkju og Viðeyjarklausturs hafi hrörnað og veitir konungur leyfi fyrir 100 ríkisdöllum til viðhalds þeim. Einnig hefur konungur orðið við beiðni Íslendinga um að fá fulltrúa í Kaupmannahöfn til að gæta hagsmuna sinna.

6.5. Bréf frá stiftamtmani til amtmanns 1707 - 1730

16 öskjur eru í þessum undirflokki bréfa. Gripið er niður í fyrstu tvær öskjurnar, frá 1707-1725 og frá 1726-1730, og innihald þeirra kannað. Einungis í byrjun er innihald bréfa tilgreint framan á arkarkápu, en eftir það innihalda flestar arkir nokkuð þykk knippi bréfa frá stiftamtmani sem flokkuð eru eftir ártali. Oft eru þar fleiri en eitt eintak hvers bréfs. Einnig eru þar úrskurðir frá konungi um hin ýmsu mál, svo og bænaskrár þar sem embættismaður konungs hefur ritað, langsum á spássíu bænaskrárinnar, beiðni konungs til stiftamtmanns um útskýringar á viðkomandi erindi.

Í fyrri öskjunni er einungis eitt erindi frá tíð Christians Müllers og er það endurskoðun dóma yfir nokkrum einstaklingum þ.á m. Jóni Hreggviðssyni, og liggur það bréf fremst í öskjunni. Hitt eru bréf stiftamtmanns sem byrja árið 1720. Í þessari öskju má m.a. finna skjöl er varða aðstæður Fuhrmanns vegna hæstaréttardóms Apolonie Schwartzkopfs og launamál hans,¹²² einnig bréf varðandi för stiftamtmanns, Peters Rabens, til Íslands¹²³ og aftast í öskjunni eru svo bréf er varða málefni Odds Sigurðssonar.

Í síðari öskjunni er að finna mál hinna ýmsu sakamanna og úrlausn þeirra, einnig bréf um mönnun sýslumannsembætta og bréf er sérstaklega varða lagaákvæði sem kveða á um að sýslumenn skuli búsettir í þeim sýslum sem þeir þjóni.¹²⁴ Málefni Odds Sigurðssonar, sem vikið var úr embætti 1724 og leitað hefur réttar síns ytra, eru fyrirferðarmikil, en frumskjöl hans glatast 21. október 1728 í eldinum mikla í Kaupmannahöfn.¹²⁵ (Sjá um Odd í 5.3.6.). Auk þess eru í þessari öskju bréf er varða Grænlandsflutning viljugra Íslendinga og áætlanir um flutning varnings til Íslands þar að lútandi með haustskipum 1730, eftir að greinargerð amtmanns hefur borist¹²⁶ (sjá í 5.3.8 um 5. bréfabók). Í þessari öskju er einnig að finna fyrsta bréf hins nýja stiftamtmanns, Gyldenchrone, til Fuhrmanns:

¹²² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 17A. Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1707-1725. Útskrift af protokolli stiftamtmanns 1720-1721 (Bréf d. 30. des. 1720).

¹²³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 17A. Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1707-1725. Um fyrirhugaða för stiftamtmanns til Íslands sumarið 1720 (Bréf d. 30. mars 1720).

¹²⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 17B. Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1726-1730. Bréf stiftamtmanns 1727 (Bréf d. 29. maí 1727).

¹²⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 17B. Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1726-1730. Bréf stiftamtmanns 1729 (Bréf d. 17. jan. 1729 og greinargerð Odds þar um d. 4. Júní 1729).

¹²⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 17B. Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1726-1730. Bréf stiftamtmanns 1730 (Bréf d. 25. maí 1730 og bréf konungs um sama efni d. 22. maí 1730).

6.5.1. Dæmi úr bréfum stiftamtmanns:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II.17B. Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1726-1730. Bréf stiftamtmanns 1729. Bréf d. 27. apríl 1729).

Þok þoo þann, þom af þaðan rúfavon þu
 Land følger. Til dónur þín er mig innt af
 Landets Pagan fortömon, þvorum þu dónur
 gang Lúnd málk; Man naar Þu þom frá
 Landt næstan þu dónur þu þu þu þu, wnter
 þu at þu. Amtmand er þu þu og mit dónur
 nom givur dónurætning om alit þu þu þu þu
 falde Lúnd. Þ þu þu þu þu þu þu þu þu
 at mit þu þu þu þu þu þu þu þu þu
 þu regntlig er mit þu þu, Þu þu, þu
 þu þu þu, Kæddig-þu þu og andur þu þu
 liggur dónur dónur þu þu þu þu þu þu þu
 mand þu þu þu þu þu þu þu þu þu
 þu, þu þu, þu þu þu, om þu þu þu þu
 þu og þu þu þu þu þu þu þu þu þu
 þu; þu þu þu þu þu þu þu þu þu
 land þu þu in dónur þu, þu þu þu þu
 þu þu allon naadig þu þu þu, avanceser,
 og þu þu þu þu þu þu þu þu þu
 þu þu þu, þu þu þu þu þu þu þu þu
 mig er þu þu; og mit þu þu þu þu
 þu þu þu þu, þu þu þu þu þu þu
 Landt mit þu þu og þu þu þu þu þu
 þu þu þu þu, þu þu þu þu þu þu þu
 þu þu þu þu þu þu þu þu þu þu
 þu þu þu þu þu þu þu þu þu þu

det hos ham, som af saadan Erfarenhed kand følge. Til denne Tid er mig intet af Landets Sager forekommen, hvorom jeg denne Gang kunde melde; men naar Skibene fra Landet næstanstuedende Höst hidseyler, venter jeg at Hr: Amtmand er saa goed og med denem giver Underrætning om aldt hvis forefalde kunde. I Særdeleshed önskede jeg gierne at vide hvorledes Tilstanden og Beskaffenheden eegentlig er med Kirkerne, Stolerne, Hospitalerne, Fattig-Huusene og andre Geistligheden vedkommende Sager, hvormed Hr: Amtmand tillige med Biskopperne, efter *Instruxens* Tilhold, haver tilsuun, om hvilke Poster jeg og Biskopperne enhver i sær tilskrevet haver; ligeledes hvordan med dend nye islandske Lovs Indrættelse, eftter ergangne kongl: allernaadigste Befalinger, *avanceres*, og paa hvad Maade *Conferencen* dese angaaende fortsættes, hvorom begge Laugmændene af mig er tilskrevet; og endelig hvorledes Handelen paa Havnene, saavel som Tilstanden i Landet med Fiskeriet og Qvæget saavel som i andre Maader er, hvilket jeg ellers beordrer Sysselmændene, enhver for sit District og Syssel,

Útskýring: Hér er gripið niður í miðjukafla bréfs sem Gyldencrone ritar til Fuhrmanns. Í upphafi bréfsins þakkar stiftamtmaður fyrir bréf amtmanns; dagsett 25. sept. 1728, sem innihélt hamingjuóskir og sömuleiðis upplýsingar um þá róstudítima flokkadrátta sem verið hafi á Íslandi, en það bréf amtmanns er ekki að finna í bréfabókum Fuhrmanns. Vill Gyldencrone leggja sig fram um að kynna sér aðstæður og standa vel að verki í embættistíð sinni. Amtmaður sinnir hér skyldu sinni um að upplýsa yfirmann sinn (skv. **5. 6.** og **8. gr.** í erindisbréfi Müllers). Svarbréf Fuhrmanns við þessu bréfi má finna í 5. bréfabók, þar sem hann kynnir yfirmanni sínum í smáatriðum aðstæður á Íslandi varðandi þá málaflokka sem stiftamtmaður biður um; telur hann upp fjölda kirkna og presta í hvoru stifti um sig, laun presta og almenn kjör, fjallar um biskupsstólana og fyrirkomulag skólahalds, og einnig fjölda og ástand spítalanna. Einnig um stöðu mála varðandi innleiðslu hinna norsku laga, þar sem framgangur virðist honum heldur hægur, svo og um fyrirkomulag sýslumannsembætta og vísar í upplýsingar frá sýslumönnum um tilhögun verslunar í hverri verslunarhöfn fyrir sig.¹²⁷

¹²⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 5. Bréfabók 1728-1732, bls. 322-325.

6.6. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753 – 1760

Af þeim 8 öskjum, sem innihalda bréf Skálholtsbiskups til amtmanns, er innihald öskju árána 1753-1760 skoðað. Sjaldnast er innihald bréfa ritað á forsíðu arkanna svo lesa þarf inn í bréfin til að fá hugmynd um efni þeirra. Í þessari öskju eru ýmis hversdagsleg erindi biskups við Magnús amtmann og eru nú flest þeirra skrifuð á íslensku, þó í bland á dönsku. Um þetta leyti setja harðindi mark sitt á biskupsembættið eins og aðra landsmenn. Vill biskup lækka laun þjónustólks síns; vill að allir leggist á eitt á erfiðleikatímum og leitar álits amtmanns varðandi hugmyndir sínar þar um.¹²⁸ Einnig vill hann ráðfæra sig við amtmann varðandi erindi frá kirkjustjórnarráði; hvort senda skuli bréfið norður og uppá hvers kostnað eða koma því áleiðis þegar ferðir falli til.¹²⁹ Einnig eru mörg bréf er varða vísitasíur biskups í hinar ýmsu kirkjur landsins, svo sem í Dagverðarneskirkju sem gerð var að sóknarkirkju í stað bænhúss og fylgir gjafabréf Elínar Benediktsdóttur fyrir heimalandi og kúgildum svo kirkjan öðlist tekjur.¹³⁰ Einnig uppskrift máldaga kirkna í Skálholtsstifti sem biskup sendir amtmanni,¹³¹ svo og ýmis mál er varða sóknarbörn sem til vandræða eru, eins og mál konunnar Guðrúnar Þorgeirsdóttur sem hylmir yfir börnum sínum í þjófnaðarmáli. Prestur hefur sent biskupi erindi þar að lútandi sem biskup síðan sendir til amtmanns, því rétta þarf yfir konunni.¹³² Einnig er að finna lista yfir þá skólapipta í Skálholti sem njóta eiga ölmusu veturinn 1760-1761.¹³³ Á ferðum sínum í vísitasíum um landið verður biskup ýmiss áskynja svo sem eftirfarandi dæmi sýnir:

¹²⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 27A. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753-1760. Bréf biskupa 1757 (Bréf d. 29. apríl 1757).

¹²⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 27A. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753-1760. Bréf biskupa 1758 (Bréf d. 24. júlí 1758).

¹³⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 27A. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753-1760. Vísitasía d. 6. sept. 1758 og gjafabréf d. 30. nóv. 1752.


¹³¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 27A. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753-1760. Bréf d. 21. sept. 1759.

¹³² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 27A. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753-1760. Bréf d. 8. febr. 1760.

¹³³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 27A. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753-1760. Bréf d. 16. sept. 1760.

6.6.1. Dæmi úr bréfum Skálholtsbiskups:

(Þí. Skjalasafn amtmanns. II. 27A. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753-1760. Bréf biskupa 1758. Bréf d. 14. okt. 1758.)



ungmennin í viðursetu, og það helst hjá þeim sem í vændum væri að uppfæða og fræða þau skikkanlega, og af því líklegt er að engum sé kunnugra um tilstand og hentugleika fólks en prestunum, þá hefi ég tilsagt þeim að ganga hreppstjórunum til handa í þessu verki með ráð og dáð; Þegar þeir segja að sumir vilji sig undan þessu þegið hafa vegna vanefna, en sumir vegna kunnáttuleysis, þá hefi ég ráðlagt þeim að setja eitt barn niður hjá 2 af 3 þvílíkum, svo sá sem kennt getur leggi til kennsluna, en hinir efnin er þau hafa. En þar uppá fæ ég oft svolútandi svar, að þetta sé hægra að tala en gjöra, því nokkrir finnast þeir sem mótmæli þvílíku, og þó hreppstjórar beiðist aðstoðar hjá sýslumanni, þá fá

þeir soddan svar að þetta komi sér ei við, vilji þeir stefna þeim óhlýðugu undir sinn dóm, svo skuli þeir rétt fá eftir málavöxtum, en fáir hreppstjórar vilja sig í *Processa* og málasóknir gefa fyrir þvílík efni. Ei segi ég að þetta gangi allstaðar svo til, en að það sé svo í mörgum sóknum, þar um er sjó-sókn ríkari, hér af orsakast það að landið uppfyllist með umhlaupandi heilbrigða betlara, sem lítið

Útskýring: Hér er sýndur miðjukaflí í bréfi biskups sem fjallar um vísitasíu hans í Snóksdal í Dalasýslu. Í upphafi bréfsins nefnir hann að fátæk en heilbrigð ungmenni, 10 ára og eldri, fari um á vergangi. Fullorðið fólk sem ekki geti unnið fyrir brauði sínu, en sé þó svo fært að það geti færst um sveitina, sé hins vegar sett niður hjá bændum. Þetta finnst biskupi öfugsnúíð og segir það hlutverk sitt skv. skipunarbréfi að sjá til þess að ungmennin séu rófíest í sveitinni svo þau geti notið fæðis og fræðslu. Hefur hann þegar áminnt hreppstjórana um að ráða bót á.

Í niðurlagi bréfsins telur hann hættu á að ungmenni leiðist út í þjófnáð og endi í þrældómsvinnu, *schlaveriet*, eða í tugthúsinu. Biður hann amtmann að brýna fyrir sýslumönnum að hafa ásamt prestum og hreppstjórum góða sýn yfir hústugt og uppfóstur barna. Ekki dugi að hver og einn embættismaður hugsi um það sem honum einum komi best. Hér er biskup að minna amtmann á skyldur sínar; að hafa eftirlit með embættismönnum sínum (skv. **3. gr.** erindisbréfs Müllers), en það er hlutverk þeirra beggja, amtmanns og biskups, að sjá til þess að veraldlegum sem og geistlegum lögum sé framfylgt.

6.7. Bréf landfógeta til amtmanns 1726 – 1740

Öskjur með bréfum landfógeta til amtmanns eru 9 talsins. Hér er aðeins gripið niður í þá fyrstu, frá 1726-1740. Hún nær yfir landfógetatíð Christians Luxtorphs og einnig embættistíð Christans Drese sem hefur störf 1739. Einungis eitt skjal frá 1726 er í öskjunni, en það inniheldur bréf Christians Luxtorphs til Fuhrmanns amtmanns og varðar málaferlin er urðu út af dauða Apolonie Schwartzkopf. Að öðru leyti inniheldur askjan bréf sem hefjast á árinu 1729. Þar er t.d. að finna yfirlit yfir umboðsmenn klaustra og konungsjarða, tekið saman af Luxtorph landfógeta vegna ógreiddra afgangja frá tíð fyrrum landfógeta, Pauls Beyers,¹³⁴ en Fuhrmann amtmannur hefur beðið landfógeta samkvæmt beiðni *Cammer collegiet* að leysa úr því hverjum beri að gera skil margra ára vangoldinna afgangja, hvar þá eða erfingja þeirra sé að finna, svo gera megi þeim skil.¹³⁵ Samantekt landfógeta á hinum vangoldnu afgangjum er


¹³⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 33A. Bréf landfógeta til amtmanns 1726-1740. Bréf landfógeta 1729 (Fylgirit bréfs d. 7. júlí 1729).

¹³⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 5. Bréfabók 1728-1732, bls. 201 (Bréf d. 1. júlí 1729).

þar einnig að finna, svo og útskýringar og varnir þeirra sem krafðir eru skila.¹³⁶ Einnig má þar finna bréf landfógeta og landsþingsskrifara, Magnúsar Gíslasonar, svo og konungsbréf varðandi arf Fuhrmanns eftir Helgu Eggertsdóttur í Brokey (sjá um Fuhrmann í 2.2.2.), auk hefðbundinna bréfa þar sem landfógeti sendir amtmanni reikninga til vottunar.¹³⁷

6.7.1. Dæmi úr bréfum landfógeta:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 33A. Bréf landfógeta til amtmanns 1726-1740. Bréf landfógeta 1731. Bréf d. 27. apríl. 1731.)



Veledla og Velbyrdige
Hr. Amtmand!

Dennem er ikke ubekendt, under hvad
Paaskuder Sysselmand Jon Thorsteenson

¹³⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 33A. Bréf landfógeta til amtmanns 1726-1740. Bréf landfógeta 1730.

¹³⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 33A. Bréf landfógeta til amtmanns 1726-1740. Bréf landfógeta 1735 (Sjá t.d. bréf d. 16. sept. 1735).

haver sidet tilbage med hans May^{ls} Afgifter, efter Öster og Vestere Parterne af *Skaftfields*-Syssel, for de forbigangne Aaringer 1728 og 1729. Mend det föste Aar blev af hannem foregiven, at hand, hverken kunde söge *Diupevogs* eller *Örebaks* Kramboder, med hans May^{ls} Eftergiöld udi Vadmel /: af hver Syssel Part 190 al:/ formeedelst Vand og Jökellöb. 1729 var hans Undskyldning *Örrebakke* Skibets Udeblivelse, hvor hand Afgifterne skulde levere, hvilke Undskyldninger maate antages, formeedelst det foregivne var bekiendt at være sandt. Mens afvigte Aar 1730, haver ermelte Sysselmand ikke kundet forebragt noget desslige, thi *Örrebake* Skibet, er til sin Havn ankommen, Jökellöb haver ikke været, ikke desto mindre er dog, ikke alleene Afgiften for 1728 og 1729 udebleven, mens end og til

Útskýring: Hér er sýnt upphaf bréfs landfógeta sem inniheldur yfirlit yfir skuldir sýslumannsins Jóns Þorsteinssonar í Skaftafellssýslu, en þær námu í peningum 114 rd og 40 8/15 skildingum, en amtmanni ber að hafa eftirlit með að embættismenn ræki skyldur sínar (skv. **3. gr.** erindisbréfs Müllers). Landfógeti segir sýslumann uppvisan að því að vera ótíndanlygara og spyr hvort ekki þurfi að fara að svara fyrir það hvort slíkur maður, ber að ósannsögli, geti verið áfram í embætti sínu, en sýslumaður hafði ári áður heitið því að greiða afgjöld ársins 1730 eins og meðfylgjandi yfirlýsing hans, sem bréfinu fylgir, sýnir:

Copie

Jeg underkjenner mig oppå den
 og sijn ad samra des evla og hand
 kognens Christian Rodtorph de Besse
 Had annad smøtt kiedessa in septemb.
 og kamaudh. avur sijn i Augusto
 3780 als amadmas, sin na H. S. S. S. S.
 Regis af Skaftfields Östres 1730.
 De Verar a hand sijnanu 25 July 1730
 Jon Thorsteinson

Regis 3780 als amadmas

Copie

Ég undirskrifaður *obligera* mig upp á trú og æru að *levera* til eðla Hr. landfógetans *Christian Luxtorph* til *Bessestæd* annað hvört tíðlega in *Septemb.* næstkomandi, eður síðast í *Augusto* 3[#]80 al vaðmál, sem er *resterende* Afgift af Skaftefields-Syssel 1730.
Testerar á landsþinginu 25. *Júlí* 1730
Jón Þorsteinsson

Segir 3 80 al vaðmál

6.8. Bréf úr Múlasýslu 1724 – 1756

Öskjur úr Múlasýslu eru fjórar. Gripið er niður í fyrstu öskjuna frá 1724-1756. Sýslumenn þess tímabils eru Pétur Þorsteinsson og Jón Sigurðsson. Nokkur erindi eru frá þriðja áratugi aldarinnar, það fyrsta frá 1724 og inniheldur héraðsdóm í blóðskammarmáli Jóns Eyjólfssonar sem nauðgaði dóttur sinni Halldóru og fyrirkom barni þeirra.¹³⁸ Önnur erindi frá þessum fyrsta áratugi tímabilsins eru helst umsóknir um prestaköll á árunum 1729-1731. Þegar lengra dregur inn í tímabilið verða áberandi erindi sýslumanns um landfræðilega skiptingu sýslunnar og vandkvæði sýslumanna við að sækja þing og ferðast langan veg yfir vötn og fjallvegi vegna sakamanna eða annarra embættiserinda, og snýr Pétur sýslumaður sér beint til stiftamtmanns Rantzaus með útskýringar þar um 1751.¹³⁹ Vegna þessara landfræðilegu vandkvæða gera sýslumenn með sér ákveðna skiptingu á þingstöðum sýslunnar,¹⁴⁰ og ritar Pétur stiftamtmanni aftur bréf það sama haust, um að heppilegt væri að skipta sýslunum í tvær,¹⁴¹ en sú breyting náði ekki fram að ganga fyrr en 1779.¹⁴²

Múlasýsla fer ekki varhluta af harðindum sjötta áratugarins og má í öskjunni finna ýmis bréf þar að lútandi, svo sem bréf Jóns sýslumanns til amtmanns og landfógeta um ástand Múlasýslu; fólk hafi flosnað upp, búpeningur drepist, jarðir eyðilagst og fólk leiðst út í þjófnað. Biður hann amtmann um að hlutast til um að meira mjöl verði sent á hafnir

¹³⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 42A. Bréf úr Múlasýslu 1724-1756. Bréf úr Múlaþingi 1724 (Héraðsdómur d. 8. júní 1724).

¹³⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 42A. Bréf úr Múlasýslu 1724-1756. Bréf úr Múlaþingi 1724-1756 (Bréf d. 6. ágúst).

¹⁴⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 42A. Bréf úr Múlasýslu 1724-1756. Bréf úr Múlaþingi 1724-1756 (Sjá nokkur bréf d. 19. júlí 1752).

¹⁴¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 42A. Bréf úr Múlasýslu 1724-1756. Bréf úr Múlaþingi 1724-1756 (Bréf d. 4. sept. 1752).

¹⁴² Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* IV, bls. 171.

Reyðarfjarðar og Berufjarðar.¹⁴³ Norðurhéruð Péturs eru einnig hart leikin og ritar Pétur bréf til konungs og skýrir honum hugmyndir sínar um tilhögun fátækramála og viðbragða í hallærum og einnig má hér finna ályktun sýslumanna á Alþingi ári síðar um hvernig bæta megi ástand fátækramála og sporna við betli og flakki um sveitir.¹⁴⁴

6.9. Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704 – 1745

Öskjur með bréfum úr öllum sýslum landsins eru 75 talsins. Sú sýsla sem mest magn skjala hefur er Gullbringu- og Kjósarsýsla, samtals 10 öskjur, enda umsvif konungs mikil þar og aðsetur æðstu manna. Megnið af skjölum úr sýslunni spanna síðari hluta tímabilsins, frá 1746 og fram til 1770. Einungis ein askja er frá fyrri hluta þess, frá árabílinu 1704-1745, og er innihald hennar kannað hér. Sýslumenn á því tímabili eru Niels Kíær, Jón Oddsson Hjaltalín og Guðni Sigurðsson.

Einungis eitt mál frá tíma Christians Müllers er að finna í öskjunni og er það fyrirskipun um handtöku og gæslu fangans Sigurðar Arasonar og svo aftöku hans og samverkakonu hans, Steinunnar Guðmundsdóttur, vegna morðs á Sæmundi Þórarinssyni í Árbæ.¹⁴⁵ Í öskjunni má einnig finna ítarleg bréf Magnúsar Arasonar, svokallaðs *ingenieurcaptains*, til stiftamtmanns, en Magnús var sendur til Íslands til landmælinga og til að vinna uppdrætti af landinu árið 1721.¹⁴⁶ Bréf Magnúsar eru skrifuð á tímabilinu 1721-1725. Einnig koma nokkur skjöl við sögu er varða uppgjör reikninga Pauls Beyers landfógeta svo sem reikningar vegna bátaútgerðar 1714-1717.¹⁴⁷ Þá eru nokkrar skoðunargerðir um jarðir í Grindavíkurbreppi og víðar á Reykjanesi og á Seltjarnarnesi frá amtmannstíð Lafrentz 1736, og er í þeim verið að meta hvað raunhæft sé að jarðirnar gefi af sér í tekjur.¹⁴⁸ Í öskjunni má einnig finna mál almúgamanna; leiguliða í Haugshúsum á Álftanesi sem landfógeti vill útbyggja út af jörðinni vegna skulda 1743, og biðlar bóndinn því til konungs, en fjölskyldan er rekin út tveimur árum síðar og jörðin leigð öðrum.¹⁴⁹ Eitt skjal um lausamennsku manns er

¹⁴³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 42A. Bréf úr Múlasýslu 1724-1756. Bréf úr Múlaþingi 1724-1756 (Bréf d. 11. júlí 1754).

¹⁴⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 42A. Bréf úr Múlasýslu 1724-1756. Bréf úr Múlaþingi 1724-1756 (Bréf til konungs d. 20. jan. 1755 og ályktun sýslumanna d. 16. júlí 1756).

¹⁴⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 55A. Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704-1745. (Bréf d. 17. og 18. okt. og 15. nóv. 1704).

¹⁴⁶ Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* III, bls. 405.

¹⁴⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 55A. Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704-1745. Sýslumannsbréf til amtmanns 1704-1745 (Bréf d. 11. júní 1723).

¹⁴⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 55A. Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704-1745. Bréf til amtmanns úr Kjalarnesþingi 1736.

¹⁴⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 55A. Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704-1745. Bréf úr Kjalarnesþingi 1743 (Bréf d. 11. sept. 1743 og bréf utan arkar d. 29. júní 1745).

að finna; bréf sýslumanns sem sent er amtmanni, því viðkomandi hefur ekki þekkt boð sýslumanns um að vistast hjá honum.¹⁵⁰ Að lokum eru svo í öskjunni ítarlegar skoðunargerðir húsakosts á Bessastöðum við upphafstíð Pingels amtmanns og kostnaðaráætlun viðgerða.¹⁵¹ (Sjá um bréfabækur Pingels og dæmi úr 8. bréfabók í 5.5.1. og 5.5.3.).

6.10. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734 – 1759

Bréf úr Borgarfjarðarsýslu fylla einungis þrjár öskjur. Sýslumenn á þessu tímabili eru Arnór Jónsson og Jón Eggertsson. Gripið er niður í fyrstu öskjuna, frá 1734-1759. Í henni eru þrenns konar erindi áberandi. Fyrst má þar nefna bréf frá prestum og öðrum sem eiga erindi við amtmann vegna jarða er þeir hafa leiguábúð á, ýmist vegna kirkna sem á þeim eru eða vegna ýmiskonar skaða sem jörðin hefur orðið fyrir og þeir fara fram á endurmat. Í öðru lagi eru áberandi skjöl er snerta harðindi til sjós og lands. Slík erindi hefjast árið 1747 þar sem hreppstjórar vilja láta opna dönsku húsin á kaupstað Hólmsins til að fá mat, fisk og mjöl fyrir sveltandi fólk svo forða megi því frá dauða. Vilja þeir fá að greiða vörunar sameiginlega síðar um sumarið.¹⁵² Átta árum síðar má finna bréf sýslumanns Arnórs Jónssonar til amtmanns um ástand sýslunnar, þar sem fiskiríið hefur sérdeilis brugðist og þó vetur hafi verið mildur þá hafi árið verið það bágasta sem menn hafi lifað á þessari *seculo* og engin kýr eftir á sumum bæjum sem áður höfðu þó tvær eða þrjár.¹⁵³ Kvartar sýslumaður einnig um vöruskort hjá kaupmanni í Hólmskaupstað.¹⁵⁴ Ári síðar má finna aðra beiðni um opnun kauphúsa í samantekt sýslumanns af héraðsþingi að Heynesi, þar sem hreppstjórar svara spurningum sýslumanns um ástandið í héruðum sýslunnar og hafa þá 34 manneskjur dáðið úr hor vegna kvikfjáfellis að vori og vegna almennra harðinda.¹⁵⁵ Þegar mestu harðindunum sleppir eru bornar fram kvartanir vegna Pahls kaupmanns sem ekki fæst til að afhenda vöru nema gegn beinni greiðslu.¹⁵⁶ Einnig er í öskjunni könnun á því hve margt veturgamalt fé og

¹⁵⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 55A. Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704-1745.

Sýslumannsbréf til amtmanns 1704-1745 (Minnisblöð d. 2. 3. og 12. maí 1738).

¹⁵¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 55A. Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704-1745.

Sýslumannsbréf til amtmanns 1704-1745 (Bréf d. 28. og 29. júní 1745).

¹⁵² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 60. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734-1759. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734-1759 (Þingsvitni um harðæri í Akraneshreppi d. 8. mars 1747).

¹⁵³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 60. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734-1759. Sýslumannsbréf 1752-1759 (Bréf d. 18. júlí 1755).

¹⁵⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 60. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734-1759. Sýslumannsbréf 1752-1759 (Bréf d. 26. júlí 1755).


¹⁵⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 60. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734-1759. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734-1759 (Þingsvitni um Borgarfjarðarsýslu tilstand d. 28. júní 1756).

¹⁵⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 60. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734-1759. Sýslumannsbréf 1752-1759 (Bréf d. 15. sept. 1759).

geldneyti hver bóndi í sýslunni hafi.¹⁵⁷ Er þetta samkvæmt tilskipun frá amtmanni sem vegna skorts á kvikfénaði vill vita hve miklu fálkafangarar hafi úr að spila til upphalds fálkanna.¹⁵⁸ Þriðji flokkur skjala, sem askjan inniheldur, eru bréf vegna ómaga og hreppsumsjár bjargar- og vegalausss fólks og vegna umsýslu sakamanna.

6.10.1. Dæmi úr Bréfum úr Borgarfjarðarsýslum:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 60. Bréf úr Borgarfjarðarsýslum 1734-1759. Sýslumannsbréf 1752-1759. Bréf d. 26. júlí 1755.)



¹⁵⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 60. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu 1734-1759. Sýslumannsbréf 1752-1759 (Þingvitni d. 8. maí – 8. júní 1759).
¹⁵⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 12. Bréfabók 1758-1759, bls. 512 (Tilskipun d. 5. maí 1759).

*Veleðla og Velbyrdige Hr. Amtmann
Magnús Gíslason
Háttbjóðandi Yfirvald!*

Svo sem ég fyrir og eftir lögþingið hefi fyrirspurt mig, og í *midlertid* fengið að heyra hversu til gangi um höndlun í *Hólmskaupstað* / þetta yfirstandandi sumar, er þar almennileg klögun af þessarar sýslu innbúendum, að þeir ei hafi fengið matvöru keypta því síður lánaða svo sem þeir hafi með þurft, svo sá sem *begiært* hefur 2 tunnur hefur fengið eina og vel minna, sá sem eina vildi fá fékk ½ og ¼ tunnu, brauð nokkuð betur, hvert þó er fólki mikið óhagsamara, vill svo slíkt ei samstemma þeirri *calculation* er ég næstl. ár eftir *höystbydende Cammer Collegii ordre* gjörði, og fólkið platt í þessu fiskleysisári og kvikfjár og kúa ~~æða~~ sem reiknast dauðar síðan í *Januario* undir 70/ Er í stærsta lífsfári, kann svo ég meina að slíkt til gangi eftir hans Majst allranáðugasta vilja, og útgefnum *octrojer*. Innstilli svo þetta í stærstu undirgefni til herra amtmannsins *gott befindende* að fólkið mætti *sub-sisteres* og nokkur matvara til síðu setjast í *behold* ef til ofurs er í kaupstöðunum. Og með *submission* forbliv

Veleðla Hr. amtmannsins
háttvirðandi herra

Belgsholti

d. 26^{ta} júlí 1755

Auðmjúkur þjena[00]

Arnór Jóns[00]

Útskýring: Hér er sýslumaður að gera amtmanni grein fyrir óánægju sýslubúa með verslunina og vöruskort hjá kaupmönnum. Enginn fái það magn sem hann vilji og þurfi, og vill sýslumaður að amtmáður skerist í leikinn og komi kvörtunum á framfæri við kaupmenn, en það er hans hlutverk að hafa eftirlit með að verslun gangi vel fyrir sig, bæði fyrir kaupmenn og neytendur (skv. **10. gr.** í erindisbréfi Müllers og **11. gr.** í erindisbréfi Lafrents). Amtmaður bregst við þessu erindi Arnórs í stuttu bréfi tveimur dögum síðar og falast eftir nánari skýringum af hans hálfu.¹⁵⁹ Einnig ritar amtmáður honum bréf tæpum mánuði síðar og vill fá yfirlit yfir það hversu mikið af vöru hver bóndi í hverri sókn hafi fengið hjá kaupmönnum.¹⁶⁰

¹⁵⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 10. Bréfabók 1754-1756, bls. 111 (Bréf d. 28. júlí 1755).

¹⁶⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 10. Bréfabók 1754-1756, bls. 151-152 (Bréf d. 20. ágúst 1755).

6.11. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761 – 1769

Bréf úr Barðastrandarsýslu fylla tvær öskjur. Sú síðari, frá 1761-1769, inniheldur fjölbreytileg erindi. Bréfin liggja hvert um sig í örkum og hefur stutt efniságrip bréfa verið ritað á forsíðu arkar svo auðvelt er að fá í fljótu bragði yfirlit yfir efni þeirra. Nokkur erindi vegna sakamanna er þar að finna og er eitt mál gegnumgangandi en það varðar brottflutning sakakonunnar Jórunnar, samverkakonu í dulsmáli, sem flytjast á í tugthúsið, en er aldrei ferðafær vegna lasleika,¹⁶¹ og ítrekar Magnús amtmaður í svari til sýslumanns að konan verði send eins fljótt og auðið sé, því henni beri að vistast í tugthúsinu en ekki í Barðastrandarsýslu.¹⁶² Einnig er þar mál annarrar konu, Sólveigar Loftsdóttur, sem brottræk var gerð úr sýslunni vegna hórdóms og er seinna fyrir sömu sakir send úr Ísafjarðarsýslu aftur til þeirrar sýslu er hún var upphaflega gerð brottræk úr, og kvartar sýslumaður yfir því í bréfi til amtmanns og telur slíkt óleyfilegt.¹⁶³

Ljóst er að sýslumaður Barðastrandarsýslu kemst stundum ekki til Alþingis, ekki frekar en starfsbræður hans í Múlasýslu, því nokkrar afsökunarbeiðnir þar að lútandi má hér finna.¹⁶⁴ Einnig herjar sauðfjárveiki í sýslunni sem lagt hefur bústofn að velli, og skrifar sýslumaður amtmanni þar um og fylgja með þingsvitni um fjárfelli á ýmsum bæjum.¹⁶⁵ Að auki má finna ýmislegt tengt verslun, svo sem yfirlit yfir skuldir manna við verslanir á Patreksfirði og Bíldudal og einnig skrá yfir vörubirgðir kaupmanna á sömu stöðum.¹⁶⁶ Sýslumaður lætur amtmann sjá að hann fylgist vel með vöruverði og hefur brugðist við, hafi vörur verið verðlagðar yfir taxa.¹⁶⁷ Einnig má finna óskir um ölmusuvist á Skálholtsskóla fyrir skóladrengei, svo og bréf pilts sem ætlar utan til náms í handverksiðn og lofar að koma aftur.¹⁶⁸ Drengur þessi er einn þeirra sem skráðir eru fyrir vegabréfum til utanfarar 1767 (sjá um útgefin vegabréf handverksdregja í umfjöllun um 18. bréfabók, í 5.7.2.).

¹⁶¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 71. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761-1769. Fyrri örk sýslumannsbréfa 1761-1769 (Sjá bréf d. 11. ágúst 1764 og einnig bréf d. 30. júní 1765 ásamt vitnisburði d. 28. apríl 1766).

¹⁶² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 16. Bréfabók 1762-1764, bls. 519 (Svar amtmanns d. 5. sept. 1764).

¹⁶³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 71. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761-1769. Fyrri örk sýslumannsbréfa 1761-1769 (Bréf sýslumanns d. 25. nóv. 1763 og bréf hreppstjóra í Arnarfirði vegna Sólveigar d. 21. nóv. 1763).

¹⁶⁴ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 71. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761-1769. Fyrri örk sýslumannsbréfa 1761-1769 (Bréf d. 19. júní 1764, 6. júlí 1765 og 11. júní 1768).

¹⁶⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 71. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761-1769. Fyrri örk sýslumannsbréfa 1761-1769 (Bréf d. 8. júlí 1767).


¹⁶⁶ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 71. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761-1769. Fyrri örk sýslumannsbréfa 1761-1769 (Héraðsþingsrannsókn d. 17. ágúst 1763 og skrá d. 5. sept. 1764).

¹⁶⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 71. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761-1769. Fyrri örk sýslumannsbréfa 1761-1769 (Bréf d. 17. júlí 1769).

¹⁶⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 71. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761-1769. Fyrri örk sýslumannsbréfa 1761-1769 (Bréf vegna Eyjólfss Surlasonar d. 15. júní 1765 og vottorð Guðmundar Ólafssonar iðnsveins d. 27. júlí 1767).

6.11.1. Dæmi úr Bréfum úr Barðastrandarsýslu:

(ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 71. Bréf úr Barðastrandarsýslu 1761-1769. Fyrri örk sýslumannsbréfa 1761-1769. Bréf d. 8. febr. 1764.)



Veleðla Hávísi Hr. Vicelögman
Hátvirdandi Elskuverði Náungi!

Jafnvel þó ég heyrð hafi, að utanlands álytist, nýtt árs gratulationer fyrir ekki oftar átta daga, má ég ei láta það afturhalda mér, við gefið tækifæri, að afleggja mína skylduga gratulation, og lukkuósk, til þessa, ei alls fyrir löngu, byrjaða árs; óskandi að hvör þess ókominn dagur færi

herra *vicelögmanni* og *veleðla familie* nýja blessan af drottni. Ekkert fellur héðan til fréttu að skrifa, nema vellíðan fólks, það til veit. Vetur frá jólum til *datum* í harðara lagi. Ég hafði þá æru í vetur að tilskrifa herra *vicelögmanni*, hvar með fylgdi *memorial* um kvensnift nokkra, sem héðan úr sýslu er dæmd, og þeir í Ísafjarðarsýslu eru hingað að reka, vildi ég auðmjúklega biðja um *resolution* þar uppá það fyrsta skeð gæti. Maður nokkur hér í sýslu hefur beðið mig eftir komast hvörsu dýrir að Arnarstaðir verða mundu, ef falir væru, tæki ég til þakka það að vita, eins líka um Fossá og Hamar, um hvörjar jarðir séra Árni í Gufudal hefur við mig talað, en aldrei viljað bjóða nokkuð *anseeligt*; en Arnarstaði vill hann ekki. Ég bið auðmjúklega forláts á þessum skyndilínunum, sem sluttast minni *respective* auðmjúkri heilsan til herra lögmansins og *veleðla frue*, finnandist með *ald veneration*

Veleðla Hr. lögmansins
Háttvirðandi elskul – náunga.

Saurbæ d. 8^{da} Febr.
1764

Auðmjúkur elskan.
David Skefing

Útskýring: Þetta er síðara bréf sýslumanns vegna brotakonunnar Sólveigar Loftsdóttur sem áður var nefnd og sýslumaður veit ekki hvernig leysa skal úr. Svar Ólafs Stephensens, staðgengils Magnúsar amtmanns, við þessum erindum sýslumanns má finna í 17. bréfabók, þar sem hann telur að ekki megi banna konunni að dvelja í Barðastrandarsýslu, þar sem barnsfaðirinn sé búsettur í Ísafjarðarsýslu.¹⁶⁹ Hér er amtmáður að rækja hlutverk sitt sem eftirlitsmaður dómsmála (skv. 3. gr. í erindisbréfi Müllers) og yfirmaður embættismanna sinna.

6.12. Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729 - 1768:

Í öskjunni sem inniheldur ósamstæð bréf og skjöl frá árunum 1729-1768 er að finna skjöl um fyrirhugaðan flutning Íslendinga til Grænlands. Í þeirri örk er t.d. tilkynning amtmanns til íbúa Gullbringusýslu þar sem hann kynnir þeim áform stjórnarinnar um flutning fólks til Grænlands. Einnig bréf frá sýslumönnum sem gera grein fyrir störfum sínum í þágu þessara fyrirhuguðu flutninga. Auk þess er þar „umþenking“ sem ekki er ljóst hverjum skal eigna, um það hvað fólk þurfi til fararinnar svo og ítarleg greinargerð væntanlegs brottflytjanda, Jóns Jónssonar, yfir það sem hann telur sig þurfa.¹⁷⁰ (Sjá um 5. bréfabók Fuhrmanns í 5.3.8.). Auk skjala flotastjórnar um Giötheborgarstrandið 1718, má finna hér bréf Eggerts Ólafssonar til

¹⁶⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 17. Bréfabók 1763-1766, bls. 88 (Bréf d. 6. mars 1764).

¹⁷⁰ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 88. Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729-1768. Skjöl um Grænlandsflutninga 1729-1730.

amtmanns; bréf sem öll snerta praktísk atriði ferða þeirra Eggerts og Bjarna svo sem greiðslu fyrir unna vinnu í þágu ferðanna, um hestafjölda sem til þufi, svo eitthvað sé nefnt.¹⁷¹ Einnig er þar vottorð presta í Eyjafjarðarsýslu um manndauða úr harðrétti 1757¹⁷² (sjá dæmi úr 11. bréfabók í 5.6.5.). Í öskjunni eru einnig bréf O. Nielssens, rentuskrifara, til amtmanns um ýmis málefni sem stjórnarskrifstofum hafa borist; um uppreisn æru ýmissa manna, hjúskaparleyfi, skrá yfir erindi eða bréf, sem ýmist liggja óafgreidd eða hafa þegar verið afgreidd.¹⁷³

Sú örk öskjunnar sem hér er þó sérstaklega skoðuð er sú er inniheldur bréf frá ýmsum mönnum í Kaupmannahöfn og rituð eru á árabílinu 1755-1767. Inniheldur hún nokkur bréf, m.a. bréfkorn frá fyrrum amtmanni og nú etaðsráði Pingel, Jóni Þorkelssyni, fyrrverandi rektor, einnig bréf frá Jakob Bensen sem skrifar um siglingaerfiðleika skipsins Frue-Kristine vegna hafíss. Ítarlegt og langt bréf er þar að finna frá Holtzen etaðsráði og þrjú bréf frá Sjálandsbiskupi, Ludvig Harboe.

Í öskjunni er einnig bréf til amtmanns sem ritað er í Kaupmannahöfn af Poul Røn, en hann var sendur hingað til lands 1760 af N. Ryberg, eftirlitsmanni Íslandsverslunar, til að rannsaka gengi og efnahag Inréttinganna.¹⁷⁴ Fyrsta bréf amtmanns til Røn má finna í 13. bréfabók Magnúsar, þar sem amtmaður heitir honum allri sinni aðstoð og þjónustu.¹⁷⁵ Ljóst er af bréfi Røns til Magnúsar að góður vinskapur virðist með þeim tveimur. Amtmaður hefur sent honum hlýjan varning frá Íslandi; dún og sokka. Røn lætur gamminn geysa um liðið ár og upplýsir amtmann jafnt í stóru sem smáu um þá viðsjárverðu stríðstíma sem uppi eru á meginlandi Evrópu og í heiminum, en um þessar mundir hefur Sjö ára stríðið staðið yfir í allnokkur ár. Ljóst er af bréfinu að einmitt um það leyti er það er skrifað, eru Danir mjög uggandi um sinn hag, enda nýr keisari kominn á valdastól í Rússlandi, Peter Holstein-Gottorp eða Pétur III, og óljóst til hvers það muni leiða:

¹⁷¹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 88. Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729-1768. Bréf Eggerts Ólafssonar til amtmanns 1752.

¹⁷² ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 88. Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729-1768. Vottorð 12 presta í Eyjafjarðarsýslu um manndauða úr harðrétti 1757.


¹⁷³ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 88. Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729-1768. Bréf O. Nielssens til Magnúsar amtmanns Gíslasonar og Ólafs amtmanns Stefánssonar 1757-1768.

¹⁷⁴ Dansk biografisk Lexikon. Vef: <http://runeberg.org/dbl/14/0499.html> Skoðað 3. ágúst 2011.

¹⁷⁵ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. I. 13. Bréfabók 1759-1760, bls. 467-468 (Bréf d. 9. júní 1760).

6.12.1. Dæmi úr ýmsum ósamstæðum bréfum og skjölum:

(Þí. Skjalasafn amtmanns. II. 88. Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729-1768. Bréf til amtmanns frá mönnum í Kaupmannahöfn 1755-1767. Bréf d. 15. mars 1762.)



*Höyædle og Velbr: Hr. Amtmand
Gunstige Ven og Velynder!*

Deres ærede af 8. Aug: a:p: blev mig ved min Hiemkomst her til Staden *medio Octobris* af *Mons. Rasmussen* rigtig leveret til- ligemed 2^{de} *Paqver*, i den eene 4^ø Duun, i den anden 3 Par Ström- per, for hvilket alt jeg ærbödigst takker, og seer deraf Deres store Godhed imod mig at vedvare, til hvis Vederlag jeg nu ingenlun- de seer mig istand. Min Tilstand er som sædvanlig uden Foran- dring, endskiönt jeg har Löfter nok men Landets Tistand og Omstændigheder tegner til stor Forandring; thi al Kongens Krigsmagt til Lands og Vands er nu samlet, eller bliver disse Dage, den förste i Holsten, den anden í Köbenhavn og paa de Orlogs Skibe, som alt ligger udrustede her paa Reden: Land- magten skal bestaae af 50000 Mand, og Söemagten af 40 store og smaae udrustede Orlogs Skibe, hvoraf 24 Stykker alt er i Stand, men hvo[0] Fienden er, veed Mand ey endnu med Vished. At Key- serindens Död i Rusland, og Fyrstens af Holsten Ophöyelse paa den russeske Trone jo foraarsager denne Forandring hos os, derom tviler vel ikke de Fleste; men nogle derimod troer anderledes; nemlig: at alle disse Anstalter giöres, ifald vi derved kunde hielpe noget paa de franske forfaldne Sager; thi Engelland spiller nu Mester overalt, og har frataget Frankrig ey allene alt hvad den eyede i *America*, om det og var den vigtige Öe Martiniqve og dens Fæst- ninger, men Engelland har end og giört Landgang paa Frankrig selv og indtages *Belisle*: vel har Spanien nu taget fransk Partie, men det siger ey meget; thi Keyseren af Rusland har derimod forladt det franske og österrigske Partie, og slaget sig til det Preusiske og Engelske, saa den russiske Armee, som hid- indtil har *ageret* imod Preusen, indtaget heele Kongeriget og en stor Deel af Pommern, forlader det nu altsammen, og efter al Anseelse vil *agere* med Preusen, ja en *Quadruple Aliance* er paa Hovetet imellem Rusland, Preusen, England og Sverrig.

Útskýring: Í framhaldi af þessari fyrstu blaðsíðu bréfsins fjallar Røn um vissu sína fyrir því að Danir grípi ekki til vopna nema í varnarskyni og að konungur fari að öllu með gát. Ekki sé víst hve fastur Rússakeisari sé í söðli, enda hafi mörgum fyrirrennurum hans orðið hált í því sæti, hafi þeir ekki haft valdaöflin með sér, en valdaöfl í Rússaríki hafi allt frá dögum Péturs mikla verið Dönnum hliðholl. Hann greinir frá tilfærslu dansks herafla að Lübeck vegna hótana Prússa. Ljóst er að loft er lævi blandið og spenna mikil í samskiptum ríkja. Eftir ítarlegar stríðsfréttir víkur hann að innanlandsfréttum. Kóngur hefur þjáðst af mislingum, en er nú jafn frískur aftur sem áður. Dýrtíð er í Danaveldi vegna hervæðingar, árferði undangengið ár allt með óvenjulegasta móti ekki síður en hið pólitíska ástand; harður vetur en undurmilt og hlýtt vor, og hafi þær hitabreytingar orsakað bæði veikindi og dauða. Víkur hann síðan að Íslandi, vonar að fiskirí hafi verið gott umliðið ár, því ljóst sé að kóngur hafi tapað umtalsvert á

verslun við landið. Segir hann kaupmann Haagen nú vera orðinn konunglegan eftirlitsmann með fiskiríi við Ísland með 300 rd. laun auk ferðahlunninda. Biður hann einnig fyrir kveðju til tengdasonarins, lögmanns Stephensens, segist senda honum bréf með næstu skipum. Bréfið hefur allan blæ vinasambands, sýnir glöggt samskipti embættismanna á vinsamlegum nótum, sem upplýsa hvor annan um gang mála í stóru sem smáu.

6.13. Skjöl um spítalana 1723 - 1740

Til að gera sérmálefnum nokkur skil, er hér lítið í fyrstu öskju af þremur um spítalana, en hún er frá tímabilinu 1723-1740. Innihald bréfa er stuttlega tilgreint á arkarkápum svo örlítill sýn fæst á efni þeirra. Askjan reynist að stærstum hluta innihalda bréf Jóns Árnasonar Skálholtsbiskups til Magnúsar Gíslasonar sem þá er lögmaður sunnan og austan, en eitt af hlutverkum hans sem lögmanns á þessu tímabili var umsjón með spítölunum.¹⁷⁶ Jón gerir þar skil á reikningum spítalanna á Klausturhólum og á Hörgslandi á milli fardaga ár hvert. Ná reikningar Jóns yfir árabilið 1730 og fram til 1740. Í öskjunni má einnig finna uppgjör Jóns sýslumanns Ísleifssonar, umsjónarmanns spítalans á Hörgslandi, fyrir árin 1724-1728, en Jóni biskupi finnst uppgjör nafna síns óskýrt og ekki verði af því séð hvort sýslumaður sé í skuld við spítalann eða spítalinn við hann, svo biskup vinnur úr því sitt eigið uppgjör og lætur fylgja til lögmanns. Í báðum þessum uppgjörum Jónanna tveggja, kemur fram hve margir vistmenn eru og hversu mikið hver spítalalimur hefur þurft í umbúnaði.¹⁷⁷ Einnig má í öskjunni finna kvittanir og upptalningu á spítalafiski af Suðurnesjum, Akraneshreppi og víðar, ásamt tveimur kvittunum fyrir afhentan fisk í Keflavíkur- og Básendakrambúðir.

Í bréfum biskups til Magnúsar lögmanns fljóta með ýmsar hversdagslegar athugasemdir. Nefnir biskup t.d. í einu þeirra skoðanir sínar á prestsefnum; þeir telji að lítið þurfi að vanda til verka eða búa sig undir próf, *examen*, þegar brauð, *collatio*, sé fast í hendi. Finnst biskupi nóg um gjálfi þeirra og letina í landinu almennt.¹⁷⁸ Einnig er vert að nefna að í öskjunni er að finna svokallað byggingarbréf; skilmálabréf Magnúsar Guðmundssonar fyrir jörðinni Klausturhólum þegar hann tekur við henni 1735. Í því er ítarleg lýsing á skyldum ábúanda við vistmenn og umhirðu jarðarinnar í stóru og smáu.¹⁷⁹

¹⁷⁶ Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö II, i-r*, uppflettið »lögmaður«, bls. 142.

¹⁷⁷ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 101. Skjöl um spítalana 1723-1740. Reikningar Jóns sýslumanns Ísleifssonar. Reikn. undirritaðir af Jóni Árnasyni 20. febr. 1730.

¹⁷⁸ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 101. Skjöl um spítalana 1723-1740. Jón biskup Árnason til Magnúsar lögmanns 15. maí 1735 (Bréf d. 13. maí 1736).

¹⁷⁹ ÞÍ. Skjalasafn amtmanns. II. 101. Skjöl um spítalana 1723-1740. Jón biskup Árnason byggir Magnúsi Guðmundssyni Klausturhóla 1. apríl 1735.

6.13.1. Dæmi úr Skjölum um spítalana:


(Þí. Skjalasafn amtmanns. II. 101. Skjöl um spítalana 1723-1740. Reikningar

Klausturhólaspítala 1735-1736 gerðir af Jóni biskupi Árnasyni. Reikningur d. 6. apríl 1736.)

Klausturhóla Hóspítals Reikningur gjordur af Biskupinum Jone Arnasyni uppa
Þings Croner frá Fardagum 1735. til Fardaga 1736.

Intelt.		Utgift.	
Arno 1735 15 Aprilis	11	3	
atla Klausturhóla Hóspítal			
i Þingeyris forvaringu			
Þings Croner	11	3	
Bydau þeir bestid lauggia			
ara Rinda (melurlega, þær áriú 1734 og 1735)			
100 Þings Croner, þin m			
upfauda i Skarlóm áutvauu			
þins Þaf. Niels Fuhrmans	10		
þrá þe Cögmannsinnu Mag-			
nuse Gíslasne þær Hóspi-			
talsi þe at Þudm m þinnu			
Þings Croner	12	2	6
þellig m d omagauuudron			
Jonsdottur in Gíndagyl	6	2	
þinn 20 þinn þriga 20		5	5
Summa	41	11	
þin af dreg þad þin Þing-			
eyris þinn bestid uppa			
Hóspítalar, 2 þin þinnu m eia á blafþinnu		8	
þara þær i Þingeyris for-			
varingu Klausturhóla Hóspítals			
þinnu þingaz, Þings Croner	33	11	

Eit mælas þe undir þinn ad nafni og þjáfríelt þignit
ad Bratholltu d. 6 Aprilis A^o 1736
Jon Arnason.



Klausturhóla Hospitalsreikningur gjörður af biskupinum Jóni Árnasyni uppá Ríxd. Croner frá fardögum 1735 til fardaga 1736.

<i>Intekt</i>	<i>Rd</i>	<i>§</i>	<i>β</i>	<i>Útgift</i>	<i>Rd</i>	<i>§</i>
<i>Anno 1735 d. 15. Aprilis átti Klausturhóla hospítal í biskupsins forvaringu Ríxd. Croner</i>	11	3		<i>Síðan í fardögum 1735 hefur biskupinn kostað uppá hospítalið, svo sem reikningur Magnúsar Guðmundssonar hér fyrir framan útvísar, nefnilega látið honum í té d. 16. Juni Ríxd. Croner</i>	4	
<i>Síðan hefur bæst við tveggja ára renta (nefnilega, fyrir árin 1734 og 1735) eftir 100 Rd. Croner, sem inni standa í sterfbúi amtmannsins sál. Niels Fuhrmanns</i>	10			<i>Frá Hr. lögmanningnum Magnúsi Gíslasyni fyrir hospítalsfisk af Suðurnesjum Ríxd. Croner</i>	4	
<i>Í tillag með ómaganum Gróu Jónsdóttur úr Grindavík</i>	6	2			4	
<i>Item 20 stikur striga 40 fj.</i>		5	5			
<i>Summa</i>	41		11	<i>Summa</i>	8	
<i>hér af dregst það sem biskupinn hefur kostað uppá hospítalið,=sjámáhinumeginá blaðsíðunni verða eptir í biskupsins forvaringu</i>	8			<i>Misreikningur ef finnst kann, stendur til leiðréttingar.</i>		
<i>Klausturhóla hospítalspeningar, Ríxd. Croner</i>	33		11			

Til merkis er undirskrifað nafn og hjáþrykkt signet
að Skálholti d. 6. Aprilis Anno 1736

Jón Árnason

Útskýring: Hér sést eitt af reikningsuppgjörum Jóns Árnasonar fyrir Klausturhólaspítala sem hann sendir Magnúsi Gíslasyni, lögmanni. Eitt af hlutverkum amtmanns er að hafa eftirlit með að rétt sé farið með reikningshald spítala og fátækrahjálpar (sk. **8. gr.** erindisbréfs Müllers).

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir á Þjóðskjalasafni Íslands (ÞÍ.):

Skjalasafn amtmanns:

- I.1. Bréfabók 1718-1719.
- I.3. Bréfabók 1721-1724.
- I.4. Bréfabók 1724-1726.
- I.5. Bréfabók 1728-1732.
- I.6. Bréfabók 1732-1737.
- I.7. Bréfabók 1736-1742.
- I.8. Bréfabók 1742-1748.
- I.9. Bréfabók 1752-1754.
- I.10. Bréfabók 1754-1756.
- I.11. Bréfabók 1756-1757.
- I.12. Bréfabók 1758-1759.
- I.13. Bréfabók 1759-1760.
- I.14. Bréfabók 1760-1761.
- I.16. Bréfabók 1762-1764.
- I.17. Bréfabók 1763-1766.
- I.18. Bréfabók 1766-1768.
- I.19. Bréfabók 1768-1769.
- II.1. Amtmannsbréf 1693-1768.
- II.2A. Konungsbréf til amtmanns 1688-1720.
- II.2B. Konungsbréf til amtmanns 1722-1767.
- II.3. Rentukammerbréf til amtmanns 1688-1705
- II.4. Rentukammerbréf til amtmanns 1706-1722.
- II.17A. Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1707-1725.
- II.17B. Bréf stiftamtmanns til amtmanns 1726-1730.
- II.27A. Bréf Skálholtsbiskups til amtmanns 1753-1760.
- II.33A. Bréf landfógeta til amtmanns 1726-1740.
- II.42A. Bréf úr Múlasýslu 1724-1756.
- II.55A. Bréf úr Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtmanns 1704-1745.
- II.60. Bréf úr Borgarfjarðarsýslu til amtmanns 1734-1759.
- II.71. Bréf úr Barðastrandarsýslu til amtmanns 1761-1769.
- II.88. Ýmis ósamstæð bréf og skjöl 1729-1768.
- II.101. Skjöl um spítalana 1723-1740.

Þjóðskjalasafn Íslands:

EF/1 Vinnugögn Gunnars Sveinssonar, skjalavarðar.

Skjalaskrár Þjóðskjalasafns:

Skrá um skjalasafn amtmanns.

Prentaðar heimildir:

Alþingisbækur Íslands XIII 1741-1750, Reykjavík 1973.

Alþingisbækur Íslands XIV 1751-1765, Reykjavík 1977.

Einar Laxness, *Íslandssaga a-ö I-II*, 2. útg., Reykjavík 1998.

Gustafsson, Harald, *Mellan kung och almoge – ämbetsmän, beslutsprocess och inflytande på 1700-talets Island*, Stockholm 1985.

Helgi Þorláksson, „Veraldleg og kirkjuleg valdstjórn um 1630 til um 1685.“ *Saga Íslands VII*, Ritstj. Sigurður Líndal, Reykjavík 2004.

Jón Gíslason, „Af för skal frægð kenna“, *Fálkinn*, 38:14.-17. tbl. 1965, [timarit.is].

Jón Halldórsson, „Hirðstjóraannáll“, *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*, Kaupmannahöfn 1886.

Lovsamling for Island I-III, Kaupmannahöfn 1853-1854.

Lýður Björnsson, „Öld hnignunar og viðreisnar. Almennt yfirlit.“ *Saga Íslands VIII*, Ritstj. Sigurður Líndal, Reykjavík 2006.

Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár. Frá landnámstímum til ársloka 1940 III-IV*, Reykjavík 1950-1951.

Páll Eggert Ólason og Þorkell Jóhannesson, *Saga Íslendinga VI. Tímabilið 1701-1770*. Reykjavík 1943.

Páll Eggert Ólason, „Seytjándi öld. Höfuðþættir.“ *Saga Íslendinga V*, Reykjavík 1942.

S.K. Steindórs, „Sýslumaður Skaftafellssýslu“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 44. tbl. (11. nóv. 1945), [timarit.is].

Vefheimildir:

Dansk biografisk Lexikon. Vef: <http://runeberg.org/dbl/10/0006.html>